

Sigf. Eymundsson

KIRKJURJETTUR

EPTIR

JÓN PJETURSSON.

ÖNNUR ÚTGÁFA.

Reykjavík.

Prentsmiðja Sigf. Eymundssonar
1890.

1. gr.

Kirkjan. Rjettur hennar að vera fjelag.

Eins og guð er upphaf og höfundur alls hins góða, svo er og hugsjónin um hann hin æðsta siðferðislega hugsjón, er getur hreift sjer í sálu mannsins. Áhrif þau, er hún gjörir á sál manns, þegar hún birtist í henni, eður þegar guð birtist þar, er *lotningarfyllur ótti*, er leiðir til *tilbeiðslu á guðdóminum*. Því skýrara og optar sem hugsjónin um guð birtist í sálunni, því næmari verður sálin fyrir slíkum áhrifum og því sterkari verða þau; því meir lifandi og því öflugri verður þessi hugsjón í sálunni. Guðhræðslan verður mannum þannig eðlileg, eður *sálin verður bústaður eður mæsteri guðs*. Slík andleg sameining, er myndast við þetta millum allra rjetttrúaðra, nefnist guðs *ósýnilega kirkja* á jörðunni.

En það er eigi að eins, að hugarfarið fyllist lotningu við opinberun eður nálægð guðdómsins í sálunni, heldr nær guðhræðslan *einnig til breytninnar* og sýnir sig máttuga í henni. Guðsóttinn verður hin öflugasta *hvöt* hjá hinum guðhrædda fyrir öllum gjörðum hans, því að hann finnureigi neitt æðra, en guð — og getur því af engu hrifst eins kröpt-

uglega — og ekkert æðra lögmál fyrir gjörðum sínum, en guðs vilja. Guðs vilji er honum því allt, svo það, er honum finnst guðs vilji, því fylgir hann, og hið góða, er hann gjörir, gjörir hann af því að hann álitur það vilja guðs; allt, er hann gjörir, það gjörir hann í guðs nafni.

Og loksins, auk þess að guðhræðslan, eins og nú var sagt, bæði gagntekur og fyllir hugarfar hins guðhrædda, og líka stýrir öllum gjörðum hans, knýr hún hann og til að *takast í fang vissar gjörðir, er að eins láta að því, að láta opinberlega í ljósi fyrir öðrum þá lotningu sína fyrir guðdóm-inum, er hugur hans er gagntekinn af, eður knýr hann til opinberrar guðsdýrkunar.* Samskonar tilfinning hjá fleirum knýr þá til að sameina sig og eiga iðuglegar samkomur með sjer í þessu skyni, og við það stofnast *söfnuður.*

Samkomur þessar, eður stofnun safnaðarins, eru þannig í öndverðu beinlínis afleiðing af guðhræðslu hinna einstöku, án þess þar undir felist nokkur annarr ásetningur hjá þeim, enn gegna þeirri þörf sinni, að vegsama guð opinberlega í samfjelagi með öðrum; en samt sem áður hafa þær í sjer fólgin líka annan æðra tilgang, er eigi er fyrirhugaður af hinum einstöku; því slíkar samkomur, þar sem allir koma saman í sama tilgangi eður til að sýna lotningu sína fyrir guðdóminum, hljóta eptir eðli mannsins að vekja langtum öflugar enn annars í sálu hvers einstaks hugsjónina um guð, og

efla hann og styrkja í guðhræðslunni. En af þessu leiðir beinlínis, að *hinn sanní tilgangur samkomnanna eður safnaðarins hlýtur að vera sá: að efla menn í guðsótta.*

Samkomurnar, eður tilvera safnaðarins, eru þannig eigi fyrir neinn einstakan eingöngu, heldur jafnt fyrir alla þá, er í söfnuðinum eru eður samkomurnar sækja, og enginn einstakur sækir því samkomurnar eður er limur safnaðarins í rauninni eingöngu fyrir sjálfan sig, heldur líka fyrir alla þá, er á samkomunum eður í söfnuðinum eru. Hverr einstakur verður verkfæri fyrir heildina eður söfnuðinn, til að geta náð tilgangi sínum, og söfnuðurinn eður heildin aptur verkfæri fyrir hvern einstakan til að geta vaxið í guðsótta; með öðrum orðum: hverr einstakur er sjálfum sjer ónógur til að geta náð þeim þroska í guðsótta, sem honum er unnt að geta náð, og *hlýtur* því að njóta til þess annarra eður safnaðarins liðsinnis, og gjörast limur hans.

Menn hljóta þannig að játa, að, þó sála hvers einstaks að vísu sje musteri guðs, sje þó *söfnuðurinn veglegra musteri hans*, eður að guðdómurinn búi ríkulegar í hjörtum allra rjettrúaðra til samans, enn í hjarta hvers einstaks þeirra,

Þegar söfnuðurinn kemst til viðurkenningar á fyrjtjedu ætlunarverki sínu, og hinir einstöku limir hans þegar fyrirfram eru gagnteknir af guðsótta, *hlýtur* söfnuðurinn að vilja fram yfir hvern mun

ná þessum háleita tilgangi sínum, og því nota til þess eigi að eins samkomurnar einar, heldur og öll önnur ráð, er hann getur og álitur hentug til þess, en þetta leiðir til þess, að hann *verður* að bindast í *reglulegt fjelag* og *ætlunarverk hans* að *gjörast að fjelagsmálefni*.

Fjarlægðin millum manna og að eigi geta nema nokkrir sótt á sama stað gjörir, að söfnuðirnir verða að vera margir, en skyldleikinn í hugarfari manna, og að söfnuðirnir hafa allir sama tilgang, sameinar aptur hina einstöku söfnuði á ýmsa vegu hvern við annan meir eður minna. Allir slíkir söfnuðir til samans nefnast *kirkja*. Hin *sýnilega kirkja* er þannig *söfnuður safnaðanna* eður þeir allir til samans.

Af hinu fyrsagða er auðsætt, að kirkjan er eigi *manna verk* eður *manna stofnun*, því það er ekki mannanna verk, að hugsjónin um guð hreifir sjer í hugum þeirra, en í hugsjóninni um guð felst kirkjan, eins og að framan er sýnt, er því útbreiðir sig á jörðunni með ómótstæðilegu afli við það, að hugsjónin um guð hreifir sjer í sálum hinna einstöku. Að eins í kirkjunni getur guðs-óttinn náð sínum fulla þroska; að eins þar geta því allar mannanna gjörðir lofað og vegsamað guð; þar getur hann verið mestu orkandi í mönnum og í gegnum þá, og þar getur hann á dýpstan hátt birzt í hjörtum mannkynsins og þess gjörðum. Kirkjan er því í uppruna sínum *afleiðing*

af þeim framkvæmdarsama vilja guðs, að mannlegt fjelag verði samneyti heilagra, er stjórnist af heilögum anda bæði í hugsunum sínum og gjörðum.

Það er nú þannig af öllu hinu fyrsagða auðsætt, að *kirkjan hefir langtum meira rjett, en hvert annað fjelag, er stofnað er af geðþekkni manna, að vera til, því einmitt við það, að tilvera hennar eigi er komin undir geðþekkni mannanna, hlýtur rjettur hennar, til þess að vera til, eigi að styðjast af geðþekkni þeirra. En af því, að hún hefir rjett til þess að vera til, leiðir aptur beinlinis rjettur hennar að ná tilgangi sínum. Þar tilvera hennar annars væri til einskis, og af þessu leiðir aptur rjettur hennar að hafa stjórn sína, því án stjórna-
ar getur hún eins og hvert annað fjelag eigi stað-
izt nje náð tilgangi sínum. Með því nú þar að auki þjóðfjelögin eiga að vera bústaður rjettlætis-
ins á jörðunni, hlýtur þeim þess vegna að vera skylt að líða kirkjuna og lofa henni ótálmað að ganga fram að marki sínu og miði. Og auk þess hlýtur sú skylda að liggja á þeim að efla kirkjuna að því leyti, er þau geta viðkomið, með hentugum stofnunum, er miði til þess, að hún því hægar geti náð tilgangi sínum, því þjóðfjelögum ber að efla með almennum stofnunum velferð þegna-
anna bæði í andlegan og líkamlegan máta, en hin ædsta andlega velferð þeirra er fólgin í sönn-
um guðsótta, sem einmitt er kirkjunnar tilgangur að efla og útbreiða.*

Þó guðdómurinn sje einn, geta þó hugmyndir mannanna um hann verið mjög mismunandi og jafnvel í aðalatriðunum, og því eru *trúarbrögðin ýmisleg í heiminum*. Þá, er hafa sömu trúarbrögð, getur aptur greint á sín í millum í ýmsum verulegum atriðum í trú sinni, þó þeir allir sje samdóma í þeim aðalatriðum, er auðkenna trúarbrögð þeirra frá öðrum trúarbrögðum, og við það koma upp ýmsir *trúarbragðaflokkar*. Trúarbrögð þau, er Kristur kenndi mannkyninu, eru kennd við hann og nefnast *kristin trú* og játendur þeirra *kristnir menn; þeir allir til samans er kristileg kirkja* eður *kristnin*. Því meir sem trúarbrögðin samsvara tilgangi sínum, eður eru löguð til að útbreiða sannan guðsóttu á jörðunni, því rjetthærri verða þau að vera í sjálfu sjer, og því getur engin trú verið rjett hærri, en kristin trú, þar engin trúarbrögð eru betur löguð til þessa, nje ná svo til allra, sem hún. Það er og auk þessa eðlilegt, þó kristin trúarbrögð njóti langtum meiri aðhlyningar meðal kristinna þjóða, er einmitt á-líta, að þau sje hin einu sönnu, heldur enn önnur trúarbrögð, er þær álíta eigi rjett. Við kirkjuna skilja menn og almennt að eins *kristna söfnuði*. Stundum er þó orð þetta haft í þrengri þýðingu og *hver trúarbragðaflokkur í kristninni kall- aður sjer kirkja*, t. a. m. pápiska kirkjan, mót-mælanda kirkjan o. s. frv. Það er auðsætt, að trúr þær. er niður brjóta sannan guðsóttu og spilla

siðferði manna, og þannig niðurbrjóta það, er trúarbrögðin eiga að efla, hafa engan rjett að líðast.

2. gr.

Orðið: Kirkjurjettur; skipti á honum.

Vísindi þau, er hljóða um rjettarástand kirkjunnar, nefnast kirkjurjettur. Í nokkuð annari þýðingu nefna menn kirkjurjett eður kristinnrjett lög þau eður þann þátt laganna, er ákveður rjettarástand kirkjunnar. Af tilgangi og eðli kirkjunnar hljóta að leiða ýmsar almennar kröfur um rjettarástand hennar, hvernig það skuli vera, er rjettlætið heimtar af þjóðfjelögunum, að þau gefi fullan gaum; en á hinn bóginn verður þó hvert kirkjufjelag, sem hver önnur fjelög í þjóðfjelaginu, að semja sig eptir rjettarástandi því, er þar rikir. Vísindum þessum eður kirkjurjettinum skipta menn því l. í náttúrlegan eður eðlilegan kirkjurjett og settan kirkjurjett eptir uppruna reglna þeirra, er hann byggist á. Í hinum fyrnefnda er rakinn rjettur sá, er kirkjunni ber eptir eðli sínu og tilgangi eður að eðlilegum hætti, en í hinum síðarnefnda rjettarástand hennar í þjóðfjelögunum eptir settum lögum og öðrum þar gildandi rjettarreglum; en með því lögin eður rjettarreglur þessar eru í hverju landi eður hjá hverri þjóð komin undir ýmsum atvikum, er sumpart eru meir eður minna almenns eðlis og sumpart sjer-

staklegs, er hinn setti rjettur kirkjunnar eigi hinn sami hvervetna, heldur ýmislegur í löndunum, svo hvert land eður þjóðfjélag hefir sinn setta kirkjurjett fyrir sig. Eigi neitt hefir þó svo mikil áhrif á rjettarástand kirkjunnar og allt fyrirkomulag hennar, sem trúarbrögðin, eins og auðskilið er.

Trúr þær, sem mest snerta kirkjurjett vorn, er trú hinnar *pápísku kirkju* (hinnar *rómversku katólsku*) og trú *mótmælandakirkjunnar*.

Kristin trú varð þjóðtrú í hinu rómverska ríki á 4. öld, og biskupinn í Róm eður páfinn, er skjótt varð formaður hennar, dró sig einlægt meir og meir undan veraldlegu valdi. Hin pápísku kirkja útbreiddist síðan þvínær yfir alla Norðurálfuna, og með henni hinn *rómverski katólski kirkjurjettur*, er nefnist hinn *kanóníski*; en mótmælandakirkjan kom fyrst upp á 16. öldinni af henni, og með henni myndaðist *kirkjurjettur Mótmælanda*. Hinn *rómverski katólski kirkjurjettur* er að vísu, sem eðlilegt er, eigi hinn sami í öllum pápískum löndum; en með því hann þó í mörgum greinum hvervetna er eins, geta menn skipt honum í *almennan pápísku kirkjurjett*, er hljóðar um þann rjett kirkjunnar, er hún hefir í öllum pápískum löndum, og *sjerstakan*, er eigi gildir nema í sumum pápískum löndum. Að vísu hafa menn eigi í löndum Mótmælanda gjört nokkrar setningar í kirkjunni að almennt bindandi lögum, en skoðunarháttur sá, er drottnaði við síðaskiptin meðal

Mótmælandanna, hefir þó haft, sem von var, þau áhrif á löggjöfina í flestum löndum þeirra, að menn og hafa reynt að ræða *almennan kirkjurjett Mót-mælanda*.

En fremur hafa menn skipt hinum setta kirkjurjetti í *guðlegan* og *mannlegan*, og kallað þann guðlegan, er settur væri af guði, en mannlegan þann, er menn settu.

2. skipta menn kirkjurjettinum í hinn *ytra* og *innra kirkjurjett*; hljóðar hinn fyrnefndi um *kirkjunnar ytra rjettarástand*, en við það skilja menn *rjettarástand kirkjunnar gagnvart þjóðfjelaginu*, og *eins rjettarástand hennar gagnvart öðrum kirkjum*, en þá er samt í seinna skiptið verið að rekja rjettarástand einhverrar vissrar kirkju. Hinn síðarnefndi hljóðar þar á móti um *kirkjunnar innra rjettarástand* eður um hennar *innra fyrirkomulag og stjórn*, *rjettarástand hennar gagnvart limum sínum* og *þeirra aptur sín á millum*.

3. gr.

Undirstöður hins setta kirkjurjettar yfir höfuð meðal pápiskra manna og Mótmælanda.

Undirstöður fyrir rjettarástandi kirkjunnar eru hinar sömu sem fyrir öðrum settum rjetti. Yfir höfuð eru þær einkum *lög* og *venjur*, en það er einkennilegt við rjettarástand kirkjunnar, að það er mjög komið undir *trúarbrögðunum*, sem fyrr er sagt. Katólskir menn og Mótmælendur leggja

*bíflíuna til grundvallar fyrir trú sinni, eins 3 hinar elztu trúarjátningar, hina postullegu, nicensku, (nicæo-constantinopolitönsku) og Aþanasiusar; álíta þeir, að þær með öllu sje samhljóða bíflíunni. En auk þess trúa pápiskir menn því öllu, er seinna hefir gjörzt á almennum biskupa eður kirkjusamkomum þeirra, og er þeirra merkust sú, er haldin var í borginni Trident (1545—1563); líka álíta þeir, að margt hvað, er snertir trúarbrögðin, kirkjusíði og annað því um líkt, sje komið frá Kristó og postulunum, þó þess sje eigi getið í nýja testamentinu, og hafi einlægt munnlega, mann frá manni, viðhaldið í kristninni óbrjálað. Þessu hvorutveggja síðastnefnda kasta Mótmælendur, en þeir hafa samið sjer bækur, er trúarlærdómar þeirra eiga að felast í, og eru þessar trúarbækur lúterskra manna: Ágsborgartrúarjátningin (*Confessio augustana*); varnarrit fyrir Ágsborgartrúarjátningunni (*Apologia confessionis augustanæ*); hinar smalköldsku trúargreinir; Lúters fræði, bæði hin stærri og hin minni og formula concordiæ; þó er það í ýmsum löndum, að lúterskir menn viðurkenna eigi, að allar þessar bækur sje regla fyrir trú sinni. En hjá Síðabótamönnum (hinum reformerudu) eru þessar trúarbækur: Heiðelbergsfræði; trúarlærdómasafn Filippusar (*corpus doctrinæ philippicum*); hin belgska trúarjátning og ákvarðanir samkomunnar í Dortrekt. Hið sama er um þær og trúarbækur lúterskra manna, að í ýmsum lönd-*

um álíta siðabótamenn að eigi nema að eins nokkrar af þeim sje regla fyrir trú sinni.

Að því er lögin snertir, verða þau að vera gefin af þeim, er hefir löggjafarvaldið í kirkjunni; þessi lög geta annaðhvort haft *guðlegan uppruna* eður verið gefin af *mönnum*. Guðlegan uppruna hafa boðorð þau, er Kristur gaf um kirkjuna, og viðurkenna bæði pápiskir menn og Mót-mælendur, að þau sje bindandi alla, og að þau sje óumbreyt-anleg. Þar að auki viðurkenna hvorirtveggju þeirra, að *menn* hljóti að geta gefið lög fyrir kirkjuna, en skoðunarháttur þeirra á því, *hverjum beri sá rjettur*, er mjög mismunandi. Pápiskir menn álíta almennt, að biskupunum einum á almennum samkomum sínum beri þessi rjettur. Vald yfir kirkjunnar málefnum og hið kennimannlega embætti sje af Kristó í fyrstu veitt postulunum við handa uppálagningu, og þeir hafi aptur veitt það biskupunum á sama hátt; það veitist og viðhaldist einlægt við handa uppálagningu. Allir biskupar kirkjunnar til samans, er uppi sje á vissum tíma, fyrirmyndi því kirkjuna; þessi kirkjunnar fyrirmynd hljóti að stjórnast af heilögum anda í því að halda áfram starfi postulanna í kirkjunni og sje nauðsynlegt verkfæri opinberingarinnar, og verði að hafa, til þess Kristí opinberun geti náð tilgangi sínum, hinn sama áreiðanlegleika, og hún sjálf. En með því þó allir biskupar kirkjunnar eigi geti einlægt verið saman á einum stað, sje

naudsynlegt til þess að viðhalda einingu í kirkjunni, að hún hafi einn sýnilegan yfirhirði eður yfirformann; þessi yfirhirðir sje páfinn, sem eptirmaður Pjeturs postula á hinum rómverska biskupsstóli, og hann sje hið sama í tilliti til hinna annarra biskupa kirkjunnar, sem Pjetur var í tilliti til hinna postulanna. Þessi skoðunarmáti nefnist *biskupalærdómur*. Aðrir pápiskir menn álíta páfann og kirkjuna sem eitt, og að páfinn einn hafi hið ædsta löggjafarvald í kirkjunni, eður í hið minnsta, að biskupasamkomurnar enga bindandi ákvörðun geti gefið, nema hann samþykki það; þetta kalla menn *páfalærdóm*. Nú er það orðið viðtekið meðal pápiskra manna, sem almenn trúarregla, að páfanum geti ekki skjátlast í trúarbragðaeftum.

Mótmælendur álíta almennast þar á móti, að bæði andlegir og veraldlegir til samans sje kirkjan; að löggjafarvaldið í kirkjunnar málefnum beri því eptir eðli sínu eigi fremur hinum andlegu, enn hinum veraldlegu, heldur öllum jafnt, og í hverju þjóðfjelagi megi rjettilega fela það á hendur þeim, er hafa þar löggjafarvaldið í öðrum greinum.

Í ýmsum löndum er rjettarástand kirkjunnar og mjög komið undir samningum páfanna við hina veraldlegu drottna þar, friðarskilmálum og fleirum þjóðagjörnungum, sem þó allt er sjerstaklegs eðlis. Loksins er það auðsætt, að, með því hinn kanóniski rjettur gekk í löndum Mótmælenda, þegar

síðabótin kom, liggur hann og til grundvallar fyrir rjettarástandi kirkjunnar þar, að því leyti stað-
 izt getur með trúarbrögðunum og breytingum þeim,
 er þar síðan hafa orðið á rjettarástandi kirkj-
 unnar.

4. gr.

Almennar athugasemdir um hinn ytra kirkjurjett.

Menn hefir mjög greint á um það, hvert væri
 hið eðlilegasta samband millum kirkjunnar og þjóð-
 fjelagsins. Sumir hafa viljað setja kirkjuna yfir
 hina veraldlegu stjórn, og aptur aðrir hina ver-
 aldlegu stjórn yfir kirkjuna; en hvorigur þessi
 skoðunarmáti virðist rjettur, því hinn fyrri leiðir
 til þess, að veraldleg stjórn yrði blint verkfæri í
 hendi kirkjunnar, er hún eptir eðli sínu eigi get-
 ur verið, og hinn síðarnefndi til þess, að tilvera
 kirkjunnar og rjettur hennar að ná tilgangi sín-
 um yrði við það háður geðþekkni manna. Þá
 hafa og enn nokkrir álitid, að þjóðfjlagid og
 kirkjan ætti að vera tvö sjerskild fjelög, hvort
 við hliðina á öðru, og hvorigt hinu háð, og það virðist
 óneitanlegt, að margt mæli með því, að kirkjan ætti
 að vera frjáls í þeim löndum, þar sem margar trúr
 ganga, svo að veraldleg stjórn eigi taki þar neinn
 beinan þátt í stjórn kirkjulegra málefna, heldur
 láti hvert kirkjufjelag, er líðast má, vera sjálfrátt
 um það, hvernig það stjórnar málefnum sínum,

meðan það eigi neytir til þess ólöglegra ráða, því það getur ekki legið í eðli nokkurs kirkjufjelags, að það sje borið til að stjórna kirkjumálefnum annarra trúarbragðaflokka, heldur þvert á móti hlýtur hverr trúarbragðaflokkur, sem á annað borð hefir rjett til þess að vera til eður líðast, líka að hafa rjett til þess, að reyna að ná ætlunarverki sínu ótálmað af öðrum. Samt sem áður ber veraldlegri stjórn að styrkja þar hin ýmsu trúarbragðafjelög yfir höfuð, bæði með því að vernda þau í rjetti sínum, sem hver önnur lögleg fjelög, og eins með því að efla almenna uppfræðingu, vísindi og siðgæði meðal þegna sinna jafnt, hverrar trúar, sem þeir eru.

Ög loksins eru þeir, er álíta, að þjóðfjelogið og kirkjan eigi að vera eitt, og virðist það hið eðlilegasta, þar sem kirkjan er ein; og að hún með tímanum geti orðið það, virðist að liggja í eðli hennar — því þar getur framför í andlegum og veraldlegum efnum bezt stutt hvor aðra, sem öllu þjóðfjelaginu er stýrt eptir sömu grundvallarreglum. Í kristninni hefir annars gengið ýmislega til á ýmsum öldum með stjórn kirkjulegra málefna í þessu tilliti. v

Fyrst var, sem eðlilegt er, öll stjórn kirkjunnar hjá Kristó og síðan postulunum, og eptir þeirra daga hjá biskupunum og hinum eiztu safnaðanna, er þá stundum komu saman til að taka ákvarðanir um málefni kirkjunnar, og voru þá ákvarð-

anir þær álitnar bindandi reglur fyrir söfnuðina. Eins var það og eðlilegt, að teknir væri upp kirkjusíðir þeir og venjur, er tíðkuðust í söfnuðum þeim, þar sem postularnir höfðu kennt. Aftur á hinn bóginn var kristnin fram eptir öldunum álitin að vera ólöglegt fjelag, er ekki ætti að liðast, og mátti því tíðum sæta ofsóknum. Á meðan þetta kirkjunar ástand varaði, hafði kirkjan sjálf alla sína stjórn út af fyrir sig, en vantaði aptur alla vernd og aðhlyningu hjá hinni veraldlegu stjórn. En er hin veraldlega stjórn viðurkenndi rjett hinnar kristilegu kirkju, og áleit hana að vera löglegt fjelag í þjóðfjelaginu, breyttist þetta svo, að, þó öll hin vanalega stjórn kirkjunnar hjeldi áfram að vera í höndum hinna andlegu yfirmanna kirkjunnar, áleit keisarinn sig þó hafa nokkurskonar yfirumráð yfir henni, og eins aðrir höfðingjar í ríkjum sínum, þar sem kristnin komst á. Þessu hjelt áfram um stund; hinir andlegu yfirmenn kirkjunnar uxu á meðan meir og meir í álitu, fengu ýms forrjettindi, miklar tekjur, og gjörðust mjög auðugir menn, og loksins heppnaðist biskupinum í Róm, er bæði hafði fengið ríki til umráða og við það var orðinn veraldlegur fursti, og líka var af mestum hluta kristninnar álitinn yfirmaður hennar, sem eptirmaður Pjeturs postula á hinum rómverska biskupsstóli, að útbreiða það álit, að hin andlega stjórn væri yfir hinni veraldlegu, og að hann því hefði rjett.

til, að losa þegnana undan yfirráðum veraldlegra drottna, er væri kristninni móthverfir, þegar hann fyndi næga ástæðu til þess. En þegar siðferði hinna andlegu tók að spillast á marga vegu, og ágirnd og kúgun urðu almennir lestir meðal þeirra, reis út af því hin megnasta óánægja í mörgum löndum, er endaði með því, að í byrjun 16. aldarinnar stofnaðist ný kirkja evangelisk, er reif sig undan yfirráðum páfans, en sökum styrjaldar þeirrar, er undir eins á eptir brauzt út vegna siðaskiptanna, gafst kirkju þessari ekki færi á, að koma stjórn sinni fyrir í nokkurt fast horf, enda ljet hún sjer líka í fyrstu mest um það varða, að hreinsa trúna, og hugsaði minna um hitt. Hún var komin upp á vernd og aðhlyningu hinna veraldlegu drottna, og ljet sjer því víðast vel lynda, þó þeir tæki þar að sjer stjórnina í kirkjunnar málefnum, og það því fremur, sem þeir í þeim lítið sem ekkert gjörðu, án þess að ráðfæra sig um það fyrirfram við siðabótarhöfundana sjálfa, eður hina lærðustu guðfræðinga. Löngu seinna fóru menn að tala um það, hvernig það gæti rjettlæzt, að veraldlegir drottnar skyldi hafa yfirráð yfir kirkjunnar málefnum, og hafa menn á ýmsa vegu viljað rjettlæta það. Nokkrir hafa sagt, að drottnarnir í þessum löndum væri æðstu biskupar, og álitid, að þeir hefði við trúarbragðafriðinn 1555 fengið vald það yfir kirkjunni, er hinum katólsku biskupum áður bar, þar eð vald hinna síðarnefndu

við hann hefði verið ónýtt. En það er þó auðsætt, að þó veldi hinna katólsku biskupa í löndnum Mót-mælandanna væri ónýtt við fyrstjéðan frið, þá verður ekki leitt út af þessu, að vald þeirra við það hafi hlotið að ganga yfir á drottna Mót-mælandanna, eins og líka drottinnar þeirra eigi gátu fengið allt það kirkjulegt vald, sem katólskum biskupum er eignað.

Aðrir hafa því viljað vernda þetta með því, að sá, hvers landið væri, yrði að mega ráða því, hver trúarbrögð þar skuli vera, en þessi kenning er með öllu skökk, því eptir henni ætti trúarbrögðin í heiminum að laga sig eptir vilja veraldlegra drottna, og kristileg kirkja þannig vera komin undir miskun þeirra, hvort hún mætti líðast eður eigi.

⁂ Og loksins hafa nokkrir sagt, að veraldlegum drottnum beri ómót-mælilega eptir stöðu sinni sem formönnum þjóðfjelaganna rjettur til að hafa umsjón með kirkjunni (jus circa sacra), en vald yfir innri stjórn hennar (jus sacrorum) hafi þeir af söfnuðunum; söfnuðurnir hafi unað því, að þeir hefði það, og þess vegna með þögninni samþykkt því. En þó söfnuðirnir hafi unað við þetta, getur það eins vel komið til af hinu, að þeir hafi hugsað, að úr því að veraldlegum drottnum sínum bæri rjettur að stjórna málefnum þeim, er þjóðfjelaði varðaði, mundi þeim og bera rjettur til að stjórna kirkjunnar málefnum, en í þessari

skoðun felst ekki fyrnefnt samþykki, og verður því eigi dregið út af henni.

5. gr.

Undirstöður hins nú gildanda kirkjurjettar á Íslandi.

Auk *trúarbragðanna*, er hjer seinna skal verða nákvæmar talað um, eru undirstöður hins nú gildanda kirkjurjettar hjer á landi fyrst og fremst *lögin*, og venjan að nokkru leyti.

Arið 1275, eður skömmu eptir að landið var komið undir Norvegs konung, fjekk Árni biskup Þorláksson í Skálholti lógtekin á alþingi fyrir biskupsdæmi sitt kristinn rjett þann, er hann hafði samið, og seinna bauð Magnús konungur Smekkur í rjettarbót sinni, sunnudaginn fyrstan í vetri 1354, að hann og skyldi gilda í Hólabiskupsdæmi, er og framgang fjekk, sem sjá má af fleirum fornum dómum. Áður hafði hjer á landi gilt kristinnrjettur biskupanna Þorláks og Ketils, er nefnist kristinnrjettur hinn forni, til aðgreiningar frá hinum. Með kristnarjetti Árna biskups mega því álitast öll hin eldri lög um kirkjumálefni hjer á landi úr gildi numin, og með því engin almenn lög um það efni seinna hafa verið gefin fyrir landið, er hann grundvallarlögin fyrir hinum nú gildanda kirkjurjetti hjer, að því leyti staðizt getur með trúarbrögðum vorum. Hann og öll þau lög, er síðan hafa verið gefin fyrir kirkjuna hjer á landi, að svo miklu leyti þeim aptur eigi hefir

verið breytt við seinni lög, eru því lög þau, er hinn nú gildandi kirkjurjettur vor byggist á.

Allt fram til siðaskiptanna höfðu konungar vorir yfir höfuð lítil afskipti af kirkjunnar innri málefnum; þau önnuðust biskuparnir sem kirkjunnar formenn; þó gátu þeir engin ný lög gefið, nema alþingi samþykkti þau. Að vísu gáfu biskuparnir stundum á prestastefnum sínum í sameiningu með prelátum og prestum kirkjunnar út ýmsar reglur og boðorð undir dóms nafni, er fylgt var; en slíkir dómur máttu þó aldrei vera gagnstæðir lögnum, eður grundvallarreglum þeirra, því þeir höfðu ekki lagaafi, og gátu því ekki svipt hin eldri lög gildi þeirra. Einkum er markverður frá þessum tíma samningurinn frá 1297 millum Nor-egs konungs og Árna biskups um kirkjugóðsin eður staðina hjer á landi, sem *staðamálin* end- uðu við.

Eptir siðaskiptin tóku konungarnir þar á móti að skipta sjer meira af kirkjunnar innri málefnum; þó urðu tilskipanir þeirra, þangað til einvaldsstjórnin komst hjer á, að samþykkjast af alþinginu, til þess að geta orðið að lögum. Nokkur konungleg lagaboð, er um þessar mundir voru gefin fyrir landið, náðu eigi lagagildi. *Kirkjuordinant-sía* Kristjáns konungs 3. frá 1537 var lögtekin á alþingi fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1541, en fyrir Hólabiskupsdæmi ekki fyr en 1551. Konungsbrjefin 13. marz 1545 og 20. febr. 1551, um hjóna-

band presta og erfðarjett barna þeirra, gjörðu mikla breyting á stöðu prestanna, *Ordinantsía* Friðriks 2. um hjónabandið, eður *hjónabands-arsicular* hans 19. júní 1582, var innleidd hjer með konugsbrjefi 2. júní 1587, og Kristjáns 4. *kirkjuordinantsía* 1607 með tilskipun 29. nóvember 1622, og náðu öll þessi lagaboð hjer gildi.

Skömmu eptir siðaskiptin sömdu þeir Ólafur biskup Hjaltason og Árni sýslumaður Gíslason, er þá var sýslumaður í Húnavatnssýslu, nýjan kirkjurjett fyrir Hólabiskupsdæmi, og var hann kallaður *hinn reformeraði kristnirjettur*, lögðu þeir til grundvallar Árna biskups kristinnrjett og kirkjuordinantsíu Kristjáns þriðja.

Eptir að einvaldsstjórnin komst hjer á, á seinna kafla 17. aldar, og konungarnir tóku sjer einir löggjafarvaldið, þurfti eigi lengur alþingisins samþykkis við til þess, að boð þeirra fengi lagafl; en til þess þau gæti fengið það, varð samt að birta lög þeirra á alþingi, því það var þá rótgróinn skoðunarháttur manna hjer á landi, sem engum datt í hug að rengja að rjettur væri, að flestöllum þeim ráðstöfunum og gjörðum yrði að lýsa á alþinginu, er ná ætti gildi um land allt gegn hverjum, er vera skyldi; fyr gæti þær eigi náð því; og þetta gilti í mesta máta um lögin, er alþingið allt þangað til þar að auki hafði átt svo mikinn þátt í; enda var þessa og einlægt gætt, meðan alþing hið forna stóð, að lögin voru birt þar, því þótt

eigi finnist, að eitt lagaboð, er gefið var fyrir landið, og sem strax náði lagagildi, hafi verið birt á alþinginu, þá getur enginn vafi verið á því, að það hefir verið lesið þar sem önnur lagaboð, en landritaranum hefir gleymst, að geta þess í þingbókinni. Og þegar alþingið var lagt niður nú við síðustu aldamót og landsyfirrjetturinn var stofusettur í þess stað, var farið, samkvæmt tilsk. 11. júní 1800 12. gr. að birta þar lagaboð þau, er út komu, og við hjeldst það einlægt síðan allt til seinustu tíma, að farið var að hætta því, annaðhvort af hirðuleysi stiptamtanna, er senda áttu formanninum í yfirdóminum lagaboðin til lesturs, eður þá af misskilningi þeirra á tilsk. 24. apr. 1833, er að eins bauð, að hætta skyldi að lesa í yfirdóminum *viss skjöl*, er snerta *eigur einstakra manna*; en eins og tilskipuu þessi engan veginn snertir *öll þvilík skjöl*, og því síður í minnsta máta náði til *lagaboða*, þannig sendi stjórnin í Danmörku eptir að hin venjan var komin á, lagaboð til þingslesturs í yfirdóminum, sem henni var annt um að næði hjer lagagildi, sem sé lagaboðið um rikiserfðirnar. Auk þessa almenna þinglesturs á lagaboðum, sem nú var nefndur, tíðkaðist einlægt hjer á landi jafnhliða honum annarr þinglestur þeirra heima í hjeruðum. Meðan landið átti með sig sjálft, áttu goðarnir, er þeir kæmi af alþingi, að eiga þing við þingmenn sína, og segja þeim þar frá öllum nýmælum þeim, er gjörzt

höfðu á þinginu, og öðru, er þá varðaði; voru þing þessi kölluð leiðarþing, og viðhjeldust lengi eptir að landið var komið undir konung; þau nefnast og í Jónsbókinni konungsbrjefalestursþing, og háðu sýslumenn þau, er þeir komu af alþingi; en á 17. öld lögðust þing þessi smámsaman niður við það, þegar landsskrifararnir komu upp, og hver tók að geta fengið hjá þeim eptirrit af því, sem hann vildi, úr alþingisbókinni; tóku þá sýslumennirnir að halda þau eigi fyrri en á vorin, og slengja þeim saman við manntalsþingin, svo að úr báðum þessum þingum varð nú eitt þing, og þar lýstu þeir þá lagaboðum þeim og öðrum almennum ráðstöfunum, er lýst hafði verið á alþingi árinu áður, eður þar höfðu þá gjörzt. Það er og eðlilegt, að það, er löggjafarvaldið ákveður, að skuli verða að almennri skuldbindandi reglu eður lögum fyrir þá, sem í þjóðfjelinu eru, verði að auglýsast á almennan og hátíðlegan hátt, og þannig ná ytri festu, og þetta er samkvæmt tilskipun 8. október 1824, sem hjer á landi var lögleidd með konungsbrjefi 7. desember 1827, er segir: *að hinn venjulegi þinglestur laga og tilskipana skuli framvegis, sem hingað til, vera hinn almenni og alla spuldbindandi auglýsingarmáti þeirra.*

Nú er með lögum 24. ágúst 1877 aftekin öll þinglýsing á lögum og tilskipunum, og í þess stað boðið, að birting sú á lögum og tilskipunum, hvort heldur þær sje konunglegar eða út-

gefnar af stjórnarráðunum (en þar með eru talin, opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir, erindis brjef, og samþykktir, o. s. fr.) sem á sjer stað í stjórnartíðindunum fyrir Ísland, deildinni A, skuli vera skuldbindandi fyrir alla. Ef eigi er þess getið sjerstaklega í sjálfum lögnum eður tilskipununum, hvenær þau skuli öðlast gildi, þá verður það þann dag, er 12 vikur eru liðnar frá þeim degi, er það tölublað kom út af stjórnartíðindunum, deildinni B, er það er birt í, að lögin eða tilskipunin sje út komin. Í sierhverju tölublaði skal tilgreindur dagur sá, er það kemur út.

Það ber opt, að í lögum þeim, er lögleidd hafa verið hjer á landi, *er vitnað í dönsk lög*, og meðan Norvegur var undir Danmörku, *í norsk lög*; er þá tilvitnun þessi stundum svo laus, að hún hefir engin áhrif á efnið, og er því með öllu ónauðsynleg: stundum virðist sem löggjafinn álitir, að þessi lög, er haun vitnar til, sje hjer gildandi, án þess þau þó nokkurn tíma hafi verið lögleidd hjer; en þessi ranga skoðun löggjafans á því, að þau hafi verið lögleidd hjer, getur engan veginn verið nóg til að lögleiða þau, og þegar af þeirri ástæðu, að menn ekki vita, hvort hann hefði viljað hafu þau fyrir lög hjer á landi, ef hann hefði vitað hið rjetta, að þau hefði ekki verið lögleidd hjer. og loksins er stundum sagt, að þetta og þetta norskt eður danskt lagaboð skuli gilda hjer, eður þá í almennum orðum, að norsk eður dönsk lög

skuli gilda hjer á landi í því eður því efni, án þess þó að stjórnin hafi nokkuð annazt um, að þessi lög kæmi hingað til landsins og því síður, að þau væri hjer birt. Að vísu virðist það nú of mikið, að vilja neita þessum vilja löggjafans um allt gildi hjer á landi, en það væri eins um of á hinn bóginn, að eigna honum undantekningarlaust sama gildi og lögum þeim, er þinglesin hafa verið eður birt á hinn almenna og alla skuldbindanda hátt; það á ekki við, að rannsaka þetta hjer út í hörgul, nje frekara, heldur enn hvert þvílíkt lagaboð krefur, jafnóðum og þess verður getið; að eins skulum vjer geta þess, að við þvílíka rannsókn virðist margt athuganda, svo sem, hvers eðlis og efnis lög þessi sje, og hverja þau snerti, auk annars fleira.

Það virðist og eðlilegt, að sá vilji löggjafans, sem birtur er þegnunum á því máli, er allur þorri þeirra ekki skilur, geti síður verið bindandi regla fyrir breytni þeirra allra enn hinn, sem birtur er þeim á því máli, er landslýðurinn skilur og talar. Þetta er og samkvæmt hestarjettardómi, er áleit, að tilskipun 11. april 1840. væri eigi orðin hjer gildandi, þar eigi var búið að þinglýsa henni á íslensku máli, jafnvel þótt boðið væri í tilskipun 24. janúar 1838 7. gr., að öll almenn hegningarlög, er út kæmi fyrir Danmörku, skyldi einnig gilda hjer á landi, og þarað auki búið væri að þinglýsa hjer tilskipuninni á dönsku.

Lengi fram eptir öldunum og þangað til landið kom undir Danakonung, voru lög þau, er komu út fyrir land þetta, samin á íslenzku máli, en síðan fóru þau að koma út á dönsku; samt má það af mörgu ráða, að það hefir lengi fram eptir verið venja á alþingi, að lesa upp dönsku laga-boðin á íslenzku eptir einhverri útlekkingu, er þeir önnuðust að gjörð væri, sem fyrir upplestrinum stóðu, og eptir þessari útlekkingu var eingöngu farið, svo menn ekki fundu til þess, þó lagaboðin sjálf í öndverðu væri samin á dönsku máli og ekki íslenzku. Einstöku lagaboð komu og út á íslenzku, og í erindisbrjefi biskupanna, 1. júlí 1746 var biskupunum á Hólum, er prentverkið höfðu, boðið að snúa á íslenzka tungu öllum þeim tilskipunum, er undir innsigli konungsins væri sendar báðum biskupunum, og það er auðsjeð, að lög-gjafinn ekki hefir ætlazt til, að þær gæti náð fullkomnu lagagildi, fyrri enn búið væri að birta þær á íslenzku máli á venjulegan hátt (sjá konungsbrjef til stiptamtmanns Ocksens 29. maí 1744).

Þegar búið var að steypa alþingi hinu forna, og prentverkið var komið frá Hólum, var dómendunum í yfir dóminum falið á hendur með kansellibrjefi 2. ágúst 1800 að snúa á íslenzka tungu öllum þeim tilskipunum, er þá framvegis kæmi út fyrir landið, og hinum helztu þeirra, er áður hefði komið út fyrir það; en þessar útlekkingar geta af mörgum ástæðum eigi haft sama gildi og hinar

fyrri. Síðan 1831 hafa tilskipanir þær, er út hafa komið fyrir Ísland, bæði verið á dönsku og íslenzku máli, skrifaði konungur fyrst að eins undir danska textann, en fór síðan og að skrifa undir hinn íslenska, og nú er íslenski tekstinn látinn ganga á undan hinum danska, sem aðaltexti lagaboðanna, sem eðlilegt er, þar konungur og alþingi nú hafa í sameiningu löggjafarvaldið, og lögin nú koma til konungs að eins á íslenzku máli.

Af lagaboðum þeim, er meðan konungurinn var einvaldur hjer á landi, útkomu eingöngu fyrir Ísland, um kirkjunnar málefni, eru þessi hin helstu: 3 tilskipanir 29. maí 1744, ein um helgidagahald, önnur um barnaspurningar, hin þriðja um barnaferming; 2 tilskipanir 27. maí 1746, önnur um húsvitjanir presta, hin um altarisgöngur; tilskipun 3. júní 1746 um húsaga; erindisbrjef biskupanna 1. júlí 1746; reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna, (almennt kölluð tíundarreglugjörðin); tilskipun 6. janúar, 1847 um fardagaár presta; tilskip. 27 s. m. um tekjur presta og kirkna, kgsbr. 21. maí s. á. um stofnun prestaskóla; tilskipun 28. marz 1855 um sunnudaga og helgidagahald hjer á landi, og opið brjef um sama efni 26. september 1860, og ffeiri, er getið skal verða á sínum stöðum.

Líka hafa ýms lagaboðorð, er gefin hafa verið út fyrir Danmörku, og fyrrum fyrir Norveg, verið gjörð gildandi hjer á landi með konunglegum brjef-

um; en 6. júní 1821 gaf konungur með úrskurði sínum hinu þá veranda *danska kansellíi* myndugleika til, að láta auglýsa hjer á landi á löglegan hátt til eptirbreytni þær almennu „anorðningar“, er út kæmi fyrir Danmörku, ef álitast mætti vafalaust, að þær ætti hjer við, en áður yrði það þó í hvert skipti að skrifast á um þetta við rentukammerið, eður hina æðstu embættismenn hjer á landi. Seinna aptur í tilsk. 21. desember 1831, er innleiddi hjer nokkrar tilskipanir, er út höfðu komið fyrir Danmörku 1827, lýsti konungur því yfir, að eins og hann við og við á seinni árum hefði með brjefum sínum til hlutaðeiganda valds-
 manna ákveðið, hverjar af þeim almennu „anorðningum“, er öðru hvoru hefði komið út fyrir Danmörku, skyldi gjörast að lögum á Íslandi, annaðhvort breyttar eður óbreyttar; þannig hefði hann ákvarðað, að kunngjöra framvegis yfir höfuð vilja sinn um þetta efni í tilskipunum, er út skyldi koma á prenti bæði á danskri og íslenskri tungu. Í alþingistilskipaninni 8. marz 1843 hjet konungurinn því, að öll þau lög og ráðstafanir, er eingöngu áhrærðu Ísland, skyldi berast undir þingið, áður en þeim væri gefið lagagildi; og í konunglegri auglýsingu til alþingis 1. júní 1861 hjet konungurinn því, að þau almennu lagaboð, er virtust vera þess efnis, að þau bæri að lögleiða hjer á landi, skyldi verða lögð fyrir alþingi, sem lagafrumvarp á danskri og íslenskri tungu, hvert laga-

boð út af fyrir sig, með þeim breytingum, er þurfa þætti. Á tímabilinu frá 6. júní 1821 til 21. desember 1831 sendi *kannseliðið* við og við með umburðarbrjefum til hinna æðstu valdsmanna hjer á landi nokkur af þeim almennu lagaboðum, er út komu fyrir Danmörku, allt til 1827, til eptirbreytni hjer á landi; en með því svo nær sem ekkert af lagaboðum þessum áhræra kirkjunnar málefni, þarf hjer ekki að rannsaka, hvort þeim geti borið hjer lagagildi eður ekki. Þau lagaboð, er kirkjurjetturinn hjer á landi byggist á, eru þannig *annaðhvort í öndverðu gefin fyrir Ísland, eður þá í fyrstu gefin fyrir Danmörku eður Norveg, en síðan gjörð hjer gildandi, annhvort óbreytt eður breytt, með konungsbrjefum eður tilskipunum.*

Þó eitthvert lagaboð, er konungurinn hefur gefið öðrum þegnum sínum, hafi verið þinglesið hjer á landi, er opt kann hafa verið, einkum fyrrum, getur *slíkur þinglestur út af fyrir sig ekki gefið því neitt lagagildi, því hjer getur eigi neitt orðið að lögum nema það, er löggjafinn einmitt vill að skuli verða hjer að lögum, en slíkan ákvarðaðan vilja löggjafans vanta áminnt lög þegar í öndverðu, og tá hann, sem eðlilegt er, eigi við þinglesturinn, en annarra vilji eður ákvörðun um, að þau skuli vera hjer lög, er markleysa ein, þareð þeir ekki hafa löggjafarvald.*

6. gr.

Áframhald.

Áður enn landið kom undir konung, hafði *alþingið fullkomið löggjafarvald í öllum málefnum hjer á landi, bæði veraldlegum og andlegum*, Biskuparnir voru formenn kirkjunnar, og voru því álitnir sem höfuð landsins í öllum andlegum málefnum, en löggjafarvaldið í málefnum þessum var þó hjá alþinginu. Að vísu gat það, sem eðlilegt var, eigi án samþykkis biskupanna breytt því, er það hafði lögtekið eptir undirlagi þeirra, eður heitið þeim, að haldast skyldi sem lög, og að gjöra nokkur nýmæli um kirkjunnar málefni án samþykkis þeirra, þó eigi hefði horft til breytingar á viðteknum lögum, hefði sökum trúarbragðanna verið samvizkusök fyrir það; en biskuparnir gátu eigi heldur á hinn bóginn gefið nein lög, án þess þau væri samþykkt af alþinginu, og þetta fyrirkomulag viðhjelzt allt fram að siðaskiptunum, og *breyttist ekki við það, að landið kom undir konung*, því hann fjekk eigi neitt vald yfir stjórn kirkjunnar, nje löggjafarvald í hennar málefnum; að eins gat hann verið landsmenn fyrir ólöglegum ágangi klerkanna.

Þar á mót urðu nú konungarnir, þá er landið kom undir konung, formenn og höfuð landsins í allri veraldlegri stjórn, á sinn hátt, og biskuparnir voru það í hinum andlegu málefnum þess, en *löggjafarvaldið hjelt þó áfram að vera í höndum*

alþingis eigi síður í þessum málefnum enn hinum andlegu. Að vísu hlýddi konungunum, eins og biskupunum, að stinga upp á breytingum í þeim lögum, er áhrærðu málefni þau, er þeir voru formenn yfir, eður koma fram með breytingar, er miðaði til að bæta lög og rjett manna í veraldlegu tilliti, en það var þó á valdi alþingisins með öllu, hvort það vildi samþykkja þessar uppástungur eður eigi, því eigi neitt gat orðið að lögum án þess samþykkis, og eru ótal dæmi, er sanna þetta; en þegar alþingið hafði fyrir hönd landsmanna lögtekið einhverja lagauppástungu konungs eður brjef hans, var það eðlilegt, þó það eigi aptur mætti svipta þau lagagildi án hans samþykkis, en hvervetna þar, sem lögin eigi skýrlega kváðu á, varð alþinginu að standa frjálst fyrir, að gefa landinu lög um það efni; með því braut það og eigi heldur lög konungs nje heiti sitt. Þessi rjettur þurfti eigi að heimilast alþinginu með lögum; það var nóg, að hann hvergi hafði verið frá því tekinn, enda neytti það hans og iðuglega, þegar svo bar undir, og gengust stundum sjálfir höfuðsmennirnir fyrir því, að alþingið gerði skipun á um ýmislegt, þegar þeim virtist þess þurfa, en lög annaðhvort vanta um það efni, eður eigi vera nógu glögg eður nákvæm. Þessar ákvarðanir alþingisins nefndust þó eigi lög, heldur *alþingisdóm- ar*, og hljóða nokkrir af þeim, einkum eptir síðaskiptin, um kirkjunnar málefni, er konungurinn

þá var orðinn formaður fyrir, eins og hann hafði verið fyrir hinum veraldlegu. Alþingi hjelt einlægt áfram að dæma þessa dóma öðru hvoru og jafnvel eptir að konungurinn var orðinn hjer einvaldur.

Dómar og sýnodusarályktanir hljóta og að hafa áhrif á rjettarstand kirkjunnar. Þótt hið *danska kansellí* ekki neitt löggjafarvald hefði, eru þó brjef þess mjög mikilvæg fyrir kirkjurjett vorn, þar öll andleg málefni hjer á landi voru lögð undir það; þetta eru þau, bæði að því er áhrærir skilning laga þeirra, er út komu gegnum kansellið, og einkum að því leyti sem þau gefa ýmsar reglur hinum geistlegu embættismönnum fyrir stjórn embætta þeirra. Hið sama er og um brjef ráðherra kirkjumálefna, meðan kirkju málefni íslands lágu undir hann, og nú um brjef ráðherrans yfir íslandi og landshöfðingjans. Enn eru og brjef stiptsyfirvaldanna og biskupanna hjer á landi merkileg fyrir kirkjurjett vorn í sumum greinum.

Og loksins hlýtur *venjan*, sem fyr sagt, að hafa áhrif á rjettar ástandið í andlegum málum.

7. gr.

Rjettarástand kirkjunnar gagnvart stjórninni.

Eins og vjer höfum áður getið, urðu konungarnir einvaldir hjer á landi á seinni hluta seytjándu aldar; og eptir *konungalögunum* frá 14. nóvember 1665, 2. gr., átti konungurinn að álitast

af þegnunum hinn ypparsti og æðsti höfðingi hjer á jörðu, yfir öllum mannlegum lögum, er engan annan höfðingja og dómara þekkti yfir sjer, hvorki í andlegum nje veraldlegum efnum, enn guð einan. Í 3. gr. var honum gefið óbundið löggjafarvald; í 4. gr. óbundið vald til að veita öll embætti, og afsetja embættismenn; í 6. gr. hið hæsta vald yfir öllum klerkum, frá hinum æðsta til hins lægsta; vald til að skipa fyrir og regla niður alla kirkjubjónustu og guðsbjónustu; til að bjóða og banna mót og samkomur um trúarbragðamálefni, þegar hann álitir það ráðlegt.

Konungalögin veittu konungi vorum þannig eins í kirkjunnar málefnum, sem öðrum, óbundið vald. Þó gjörðu *konungalögin* honum að skyldu, að hann bæði sjálfur skyldi heiðra, þjóna og dýrka hinn eina rjetta sanna guð á þann hátt, sem kennt væri í bifliunni og hinni óbreyttu *Ágsborgartrúarjátningu* frá 1530, og líka að hann skyldi halda þegnunum við þessa hreinu og ómeinguðu kristilegu trú, og völduglega varðveita og vernda hana í ríkjum og löndum sínum móti öllum villumönnum og guðníðingum.

Þessu er nú öllu orðið breytt við stjórnarskrána um hin sjerstaklegu málefni Íslands, frá 5. janúar 1874; til þessara mála, teljast hin andlegu málefni landsins. Í þessum málum hefir landið, löggjöf sína og stjórn útaf fyrir sig á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi

í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendunum. (1. gr.). Konungur, sem hefir hið æðsta vald í öllum þessum málum, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskránni, lætur ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það. En hið æðsta vald á Íslandi innanlands er á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, er hefir aðsetur sitt hjer á landi; konungur ákvarðar verksvið hans (2. gr.). Hið nú gildanda erindisbrjef landshöfðingja er frá 22. febr. 1875. Konungurinn veitir öll þesskonar embætti, sem hann veitti, þá er stjórnarskráin kom út; þó má gjöra breytingu á þessu með lögum. Hann getur vikið þeim frá embætti, er hann hefir veitt það. Hann getur og flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo að þeir missi einskis í af embættistekjum sínum og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa hvort þeir vilji heldur embættisskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lagaboði má undanskilja ýmsa embættismanna flokka. (4. gr.).

Skömmu eptir að konungurinn varð einvaldur, voru kirkjunnar málefni í Danmörku lögð undir *kanselíið*; og undir það komust og kirkjunnar málefni hjer á landi. Um tíma stóðu öll kirkjunnar málefni undir sjerskildu ráði, er nefndist *generalkirkjuinspections Collegium*, er þó stjórnaði þeim í sameiningu með *kanselíinu*; síðan voru kirkjunnar málefni hjer á landi lögð undir *ráð-*

herra kirkju málefnumna í Danmörku, en áttu þó þangað að ganga gegnum hina íslensku stjórnardeild þar.

Með úrskurði konungs 14. júlí 1874 var stofnsett sjerstakt stjórnarráð fyrir Ísland, og undir það lögð frá kirkju og kennslu stjórninni öll kirkju og skólamál landsins.

8. gr.

Rjettarástand hinnar lútersku kirkju hjer á landi gagnvart öðrum kirkjum.

Um það, hvernig í þessu efni áður hafi gengið til hjer á landi, er talað í fyrri útgáfu kirkjurjettar míns, og blaðinu Íslendingi, en nú er svo ákveðið í stjórnarskránni, 45. gr. að *hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja hjer á landi, og að hið opinbera skuli að því leyti styðja hana og vernda*, og í 46. gr. er enn fremur sagt: *að landsmenn hafi rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó eigi kenna eða fremja nokkuð, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu*; og loksins stendur í 47. gr., *að enginn megí neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur megí nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelags skyldu.*

Að því nú er snertir 45. greinina, þá voru það hin einu trúarbrögðin, eptir D. og N. laga

2. bókar 1. kap., er liðast máttu í konungsins-
 ins rikjum og löndum, sem voru samhljóða hei-
 lagri ritningu, hinnu postullegu, nicænsku og Ap-
 anasiusar trúarjátningum hinnu óbreyttu Ágsborg-
 ar trúarjátningu frá 1530 og Lúters minna kate-
 kismusi (sjá og erindisbrjef biskupanna hjer á
 landi 1. júlí 1746 43. gr.). Það kynni nú vegna
 þessa virðast ástæða til að halda, að stjórnarskráin
 að eins ætti við þá kirkju, er bindi trú sína við
 áminnst rit, og sem var hin *drottnandi* trú hjer
 á landi, er stjórnarskráin kom út, en þetta er
 samt eigi rjett, því orðin í stjórnarskránni eru svo
yfirgríps mikil, að þan ná til hverrar þeirrar
 kirkju, er getur kallast *evangelisk lútersk* kirkja.
 Hin evangeliska lúterska kirkja hefir þannig nú,
 sem þjóðkirkja eptir 45. gr. stjórnarskrárinnar
 þau *forrjettindi* fram yfir aðrar trúr, að *þjóðin í heild*
sinni eður *hið opinbera* er *skyldugt*, að *styðja hana*
og vernda, en af þessari skyldu stjórnarinnar leiðir
 beinlínis aptur, að henni ber að sjá um, að nógu
 margir, er notið hafi nægrar mentunar í guðfræði
 boði trúna hvervetna um landið, og úthluti sakra-
 mentunum á þann hátt, er ber; að börn þeirra,
 sem eru í þjóðkirkjunni, fái tilhlýðilega tilsögn í
 trúarbrögðunum; að sómasamleg hús sjeu til, er
 menn megí koma saman í til opiberrar guðs-
 þjónustu gjörðar, og að tilhlýðileg stjórn sje höfð
 á kirkjunnar málefnum. Allan þann kostnað, er
 gengur til þessa, ber þjóðinni í heild sinni að

lúka. Í móti öðrum trúum liggur eptir stjórnarskránni engin slík skylda á stjórninni. Nokkur lagaboð, sem enn verða að álítast að vera í gildi, þótt hin evangelíska lúterska trú ekki sé hjer lengur drottnandi trú, lúta að því, að efla hina ytri helgi þjóðkirkju trúarinnar, einkum má nú telja til þessa, að allir, hvernar trúar sem þeir eru, verða að haga sjer í ytri siðsemi sinni eptir lögum þeim, er hjer gefin eru um helgidagahöld, en alla aðra daga, þótt helgir sje eptir öðrum trúarbrögðum, má hver maður halda sem rúmhelga.

Við 46. gr. stjórnarskrárinnar hafa og landsmenn, sem áður sagt, fengið rjett til að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó eigi konna eða fremja nokkuð, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu; en stjórnarskráin leggur enga skyldu á hið opinbera að styrkja eða vernda slík trúarbragða fjelög. Og loksins eiga engir eptir 47. gr. stjórnarskrárinnar að í missa nokkurs af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum vegna trúarbragða sinna, en varla aðrir en meðlimir þjóðkirkjunnar geta samt komist hjer í ýmsa opinbera stöðu eða embætti; þannig geta þeir eigi fengið neitt af *landsins andlegu embættum*, eigi heldur *kennaraembætti við prestaskólann nje latínuskólann*, nje önnur þau embætti, er *almenn unglínga eður barnakennsla er bundin við*. Það getur og ekkert, verið móti því, að prestar af þjóðkirkjunni gjöri öll vanaleg prest-

verk fyrir utanþjóðkirkjumenn, til að mynda, skiri börn þeirra, taki þá til altaris, vígi þá í hjónaband og syngi yfir þeim, ef þeir enga annarlega síðu hafa í frammi við það; þar á móti mega vist eigi utanþjóðkirkjuprestar gjöra slík embættisverk fyrir þjóðkirkjumenn og gætu slík verk enga lagalega þýðingu haft.

Síðan stjórnarskráin kom út, hafa komið út ný lög um utanþjóðkirkjumenn, 19. febr. 1886, skiptast þau í 3 þætti; hljóðar hinn fyrsti þeirra *um borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna og trúarfræðslu barna þeirra*, annar: *um konunglega staðfestingu utanþjóðkirkju presta og gildi embættisverka þeirra* og hinn þriðji: *um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna*. Í fyrstu greininni er sagt, að þegar brúðhjónaefnin annaðhvort bæði eður annað þeirra eru utan þjóðkirkju, þá geti þau látið veraldlegan valdsmann (e: annaðhvort sýslumann eður bæjarfógeta) gefa sig saman, og skuli slíkt hjónaband hafa fulla löghelgi, þótt kirkjuleg vígsla komi eigi til. Síðan er í 2—5. gr. talað um ýmislegt, er viðkemur stofnun hjónabandsins, og sem valdsmaðurinn og brúðhjónaefnin verða að gæta. Þannig er í 2. gr. sagt, að hjónaefnin skuli rita bæjarfógeta eður sýslumanni í því lögsagnarumdæmi, er þau vilja láta gefa sig saman í, bónarbrjef um, að hann gefi þau í hjónaband, og um leið skýra honum frá, hverrar trúar þau sjeu, og í hverju trúarfjelagi, ef þau sje í nokkru. Valds-

maðurinn á síðan, eptir 3. gr., að birta þetta á kirkjufundi í því prestakalli, er brúðurin er til heimilis í, en í kaupstöðum á að fara með þessa birtingu, sem þar er venja með auglýsingar þær, er almenning varða. Frá birtingunni verða að vera liðnar 3 vikur, áður en brúðhjónaefnin eru gefin saman, og verður birtingin ógild ef hjónaefnin eigi eru gefin saman á hinum næstu 12 vikum. Í enda greinarinnar er sagt, að vilji nokkur hefja lögbann gegn hjónabandinu, þá skuli hann segja til þess valdsmanni lögsagnarumdæmis þess, er brúðurin á heima í. Eptir 4. gr. ber valdsmaninum, áður en hann gefur hjón saman, að hafa fengið fulla vissu um, að birting sú, sem nefnd er í 3. gr. hafi farið fram, og að ekkert lögbann sje gjört; svo á hann og að gæta um meinbugi alls hins sama, sem þjóðkirkjuprestar eiga að gæta, þó svo, að ferming og altarisganga sje ekki hjúskaparskilyrði fyrir þá, sem eigi hafa þjóðkirkju-trú. Eptir 5. gr. skulu hjónaefni koma til brúðkaupsstefnu á þeim stað, degi og stundu, er valdsmaður ákveður; á hann þá fyrst að brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins, því næst á hann að taka á móti játningu þeirra um, að þau vilji verða hjón, og loks lýsa því yfir, að þau sjeu gefin saman í lögmett hjónaband. Stjórnarráð Íslands á að gefa reglu fyrir athöfn þessari, og á hún að framfara í heyranda hljóði og í viðurvist tveggja tilkallaðra votta. Valdsmaðurinn á að rita í bók, sem

til þess er ætluð, allt það, er nokkru má varða, að því, er til hjónabandsins kemur, og fá hjónunum eptirrit þess, staðfest með nafni sínu og embættis innsigli, til sannindamerkis um, að þau að lögum sjeu orðin hjón; svo skal hann og, áður en vika er liðin, senda annað eptirrit prestinum í þeirri sókn, sem brúðurin átti heima í, þá er hún giptist, og ritar presturinn þá skýrslu um hjónabandið í gjörðabók prestakallsins. Í 6. gr. er svo fyrirskipað, að borgun fyrir birtingu þá, sem 3. gr. getur, og vottorð um hana, greiðist eptir lögum nr. 3 13. janúar 1882 4. gr. en fyrir gjörð þá, sem 5. gr. tilskilur, og fyrir eptirrit af gjörðabókinni, skuli gjalda valdsmanni 4 kr., er renni í landsjóð. Ef valdsmaður verður að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman, þá skal greiða honum dagpeninga og farareyri slíkan, sem auka-tekju reglugjörð 10. sept. 1830 tilskilur í 15. og 16. gr. Í 7. gr. er sagt, að þegar annaðhvort hjónaefnanna eða þau bæði eru utan þjóðkirkju, þá verði hjónaband þeirra löglegt, ef einhverr þjóðkirkjuprestur, sem er í embætti, gefur þau saman, en sóknarpresti brúðurinnar skuli þá senda skýrslu um vígsluna, ef það eigi er hann, sem hefir gefið þau saman, svo að hann geti gjört við það at-hugasemd í gjörðabók sína. Við stofnun hjónabanda þessara skal gæta ákvæða laganna um kirkjuvígslu. Þó þetta sje þannig sagt í almennum orðum, verður það að takmarkast við það, sem

sagt er í 4. gr., að ferming og altarisganga ekki eru hjúskapar skilyrði fyrir utanþjóðkirkjumenn. 8. og 9. greinin hljóðar um það í hverjum trúarbrögðum börn utanþjóðkirkjumanna skuli uppalast, og er sagt í 8. greininni, að ekki megi gefa saman í hjónaband hjónaefni þau, sem ekki eru bæði þjóðkirkjutruar, nema þau hafi skýrt embættismanni þeim, sem á að gefa þau saman í hjónaband, frá því, í hverjum trúarbrögðum börn þau, er þau eiga saman, skuli uppfræða. Þessa yfirlýsingu á að rita í gjörðabækur þær, er fyr greinir; þó má breyta slíkri ákvörðun, ef hjónunum semur um, eða eptir ráðstöfun annars þeirra, ef hitt er látið, eða hefir misst forráð fyrir börnunum og landshöfðingi samþykkir. Ekki má uppfræða börn í öðrum trúarbrögðum, en þeim er annaðhvort foreldra hefir, eða að öðrum kosti í trú þjóðkirkjunnar. Í 9. gr. er talað um það tilfelli, að þegar bæði hjónin hafa verið í þjóðkirkjunni, er þau giptust, en annað þeirra síðan hefir tekið aðra trú, þá má ala börn þeirra upp í þeirri trú, ef þau bæði eru á það sátt, en sje það, sem er af þjóðkirkjunni dáið, eður hefir misst forráð yfir börnum sínum, þá mega börnin alast upp í trú þess, sem á lífi er, ef landshöfðingi leyfir. Í 10. gr. er boðið, að foreldri, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, skuli tafarlaust skýra sóknarprestinum frá fæðingu barna sinna, svo og frá nöfnum þeirra, áður en 12 vikur eru liðnar frá því, er þan fæddust, svo að hann geti

ritað hvorttveggja í gjörðabók prestakallsins. Vottorð um nafngjafir þessar á að koma í staðinn fyrir skírnarvottorð. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða 1—20 króna sekt, er rennur í landssjóð. Valdsmaður ákveður sektina. — Eptir 11. greininni jafngildir 14 ára aldur barna þeirra, sem ekki heyra til þjóðkirkjunni, fermingu að því, er til borgaralegra rjettinda kemur; þar er og sagt, að rjett sje, að börn þau, er ekki eiga að alast upp í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, sjeu undanþegin fræðslu í þeim á alþjóðlegum skólum.

Svo er og boðið í 12. gr., að sáttatíraun milli hjóna af hálfu hinnar andlegu stjettar, sem tilsk. 18. október 1811 (sbr. tilsk. 30. apríl 1824) tilskilur, skuli falla burt, ef hjón lýsa því yfir við valdsmann, að þau sjeu ekki bæði í þjóðkirkjunni.

Í lögum þessum er ekki getið um það, í hverjum trúarbrögðum skuli ala upp óskilgetin börn utanþjóðkirkjumanna, og ber því sjálfsagt, sem verið hefir, að ala þau upp í trú þjóðkirkjunnar. 2. þátturinn eða 13.—15. gr. hljóðar, sem fyr er sagt um konunglega staðfestingu utanþjóðkirkjupresta og gildi embættisverka þeirra, og er í 13. gr. sagt, að ef utanþjóðkirkjuþjelag hjer á landi kýs sjer prest eða forstöðumann, og konungur staðfestir kosninguna, þá hafi kirkjuleg embættisverk þau, er hann gjöri fyrir utanþjóðkirkjumenn, alla hina sömu borgaralega þýðingu, sem

væri þau af þjóðkirkjupresti framin; slíkt hið sama er um vottorð þau, er slíkur prestur gefur. Um meinbugi og lýsingar að því er til hjúskapar kemur, eiga þessir prestar að gæta fyrirmæla þeirra, er annars gilda að lögum ella sæta ábyrgð, sem þjóðkirkjuprestar.

Þess ber hjer sjálfsagt að gæta, sem áður er sagt um ferminguna.

Áður en utanþjóðkirkjupresturinn gjörir nokkurt embættisverk, á hann eptir 14. gr. að sýna bæjarfógeta eða sýslumanni sínum hina konunglegu staðfestingu og jafnframt með skriflegum eiddstaf eða yfirlýsingu skuldbinda sig til að hegða sjer í þessari stöðu sinni samkvæmt lögum landsins; svo er hann og skyldur til að gefa skýrslur þær og vottorð, er valdsmenn krefjast og að söfnuði hans lúta og upplýsingar aðrar í líkingu við það, sem þjóðkirkjuprestar eru skyldir að gefa. Það virðist sjálfsagt, að prófasti, þar sem utanþjóðkirkjuprestur er, beri að hafa eptirlit á því, að embættisbækur prestsins, sje reglulega færðar, eins að hann taki þær, ef söfnuðurinn uppleysist.

Í 15. gr. er sagt, að utanþjóðkirkjumönnum, sem hafa prest eða forstöðumann, með konunglegri staðfestingu, sje rjett að nota grafreitir þá, er þjóðkirkjan hefir látið gjöra, ef þeir gjaldi legkaup og taki þátt í kostnaði til viðhalds eða stækkunar grafreitanna. Má prestur þeirra jarðsyngja og mold-

ausa þar lík safnaðarlíma sinna og mega utanþjóðkirkjumenn við hafa þar helgisiði sína. Gjöri þeir sjer sjerstaka grafreiti, eru þeir háðir heilnæmis reglum þeim, er nú gilda eður kunna verða settar um greptranir, svo og samþykki og eptirliti valdsmanns, að því, er til grafreitarstæðis kemur.

Eptir fyrirmælum 3. þáttarins eða 16. gr. eru allir þeir, sem eru í einhverju því kirkjuþjelagi utan þjóðkirkjunnar er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, lausir við gjöld fyrir aukaverk, svo og offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll og lausafjártíund til kirkna og presta þjóðkirkjunnar; en sjeu þeir ekki í neinu slíku kirkjuþjelagi, eru þeir eigi undanþegnir nokkru lögboðnu gjaldi til prests og kirkju.

Það virðist nú í alla staði eðlilegt, þó þeir utanþjóðkirkjumenn, er hafa sjerskildan prest, sjeu lausir við að greiða öðrum prestum gjald fyrir prestverk þau, er prestar þeirra gjöra fyrir þá, eins að þeir sjeu leystir við þá skyldu, að gjalda öðrum presti offur, en sínum eiginn; en þar á móti virðist það miður rjett, og er enganveginn heimilað við stjórnarskrána, að láta þjóðina vegna utanþjóðkirkju presta missa nokkurs í af þeim föstu gjöldum, er hún hefir til að launa með pretsum sínum eður þjóðkirkjunnar, því tekjur þær, er hún við það missti, yrðu að endurgjaldast henni af landsjóði, og yrði það þá *hið sama*, að losa utanþjóð-

kirkjumenn við að borga þær föstu tekjur, er lagðar eru prestum þjóðkirkjunnar, og að launa að nokkru leyti prestum þeirra úr landsjóði.

9. gr.

Skipti á kirkjunnar limum; kirkjunnar almenna rjetsarástand.

Kirkjunnar limir eru annaðhvort *andlegir* eður *veraldlegir*. Öll þau rjettindi og allar þær skyldur til samans, er menn hafa, af því að vera kirkjunnar meðlimir, nefnast *kirkjunnar almenna rjettarástand*, en öll þau rjettindi og allar þær skyldur til samans, er kirkjunnar andlegu limir hafa vegna stöðu sinnar í henni, nefnist *kirkjunnar sjerlega rjettarástand*.

Allir kirkjunnar limir hafa hjá oss þann rjett, að fá tilhlýðilega uppfræðingu í kristindóminum, verða aðnjótandi þeirrar kristilegrar uppfræðingar í kirkjunni, er af prestunum veitist þar, og taka þar þátt í opinberri guðsþjónustugjörð, og njóta altarissakramentisins, þegar þeir eru orðnir því vaxnir. Menn geta og að nokkru leyti sagt, að þeim börnum hjer á landi, er ala á upp í trúarbrögðum þjóðkirkjunnar, beri rjettur að verða skírð, eður til að verða tekin í kristilegt fjelag við skírnina.

10. gr.

Kirkjunnar sjerlega rjettarástand; kirkjunnar andlegu limir.

Eptir kirkjurjetti pápiskra manna eiga klerk-

arnir að fá við vígsluna, — en hún er hátíðleg helgun, til andlegs embættis — guðlega ástgjöf, til að geta einlægt framið þau hin helgu störf, er embættinu fylgja; hún er því álitin af þeim að vera sakramenti og einlægt kröftug, og enginn getur því vígzt optar sömu vígslu, enn einu sinni. Enginn, nema hann sje vígður, geti gjört þessi verk; það sje markleysa ein, ef aðrir gjöri þau.

Sjö eru þau andleg embætti í hinnu katólsku kirkju, er menn þurfa að vígjast til, og verða menn að vígjast til hvers um sig, og enginn getur fengið neitt af þeim, nema hann áður hafi þjónað hinum lægri, er þar eru fyrir neðan; en að eins vígslan til 3 æðstu embættanna, biskupsvígslan, prestvígslan og djáknavígslan, er þó í rauninni álitin sakramenti. Í fyrndinni mátti enginn vígjast, nema til einhvers fasts embættis; en seinna kom upp að vígja menn, þó þeir hefði það eigi. Engir geta eður mega vígja eptir skoðun pápiskra, nema biskuparnir einir.

Mótmælendur álíta þar á móti, að enginn slíkur kraptur fylgi vígslunni, og neita því, að hún sje sakramenti, en halda henni þó sem guðrækilegu verki og fallegum vana, og láta í reglunni engan nema prestvígðan mann, þjóna að sakramentunum, nje hafa á hendi opinbert kennimannlegt embætti í kirkjunni nje vígja menn til þeirra, en sjálfur rjetturlinn til að fremja *andleg* embættisverk álíta þeir að fáist fyllilega við það, að manni sje veitt

slíkt embætti. Með þessari skoðun þeirra getur það því eigi rýmzt, að nokkurr í reglunni sje vígður, nema hann hafi fengið eitthvert embætti, og eins, að nokkurn þurfi síðar að vígja á ný, þó hann fái æðra andlegt embætti, og loksins, að enginn geti fengið andlegt embætti, nema hann áður hafi þjónað að hinum lægri. Þeir, sem biskupar verða, eru þó vígðir biskupsvígslu hjá oss, og hafi biskupinn ekki fyr verið prestur, er hann samt áður vígður prestvígslu.

Að vígja til andlegs embættis er og í reglunni biskupsins eins; en þegar biskupslaust verður, verður landshöfðinginn, með því hjer eru nú engir stíptprófastar, að setja einhvern prest til að gegna biskups embættinu, uns nýr biskup tekur við því, og verður þá sá, er þannig er settur til að gegna biskups embættinu, að vígja prestaefni þau, er vígja ber, meðan hann gegnir því. Eins er það, að í löglegum forföllum biskupsins, verður landshöfðingi að setja einhvern prest til að framkvæma vígslur fyrir biskup.

Hjer á landi eru nú eigi aðrir andlegir embættismenn, enn biskupinn, prófastarnir, prestarnir og kapellánarnir, Um tíma töldu menn hjer alla lærða menn til hinna andlegu stjettar, er eigi höfðu fengið neitt veraldlegt embætti, og enn geta menn án efa talið þar til að nokkru leyti alla þá, er gengið hafa undir embættispróf á prestaskól-

anum, eður í guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn.

11. gr.

Skildagar fyrir að geta fengið hjer andlegt embætti.

Til að geta fengið andlegt embætti hjer á landi, verða menn: 1. [að vera svo *menntaðir í guðfræði*, að þeir megi álitast færir að þjóna þeim, sem ber, og eins má *siðferði* þeirra eigi vera slæmt, og er í þessu skini boðið: 1., að þeir annaðhvort skuli hafa gengið undir embættispróf hjer við *prestaskólann, eður við Kaupmannahafnar háskóla í guðfræði*.

2. Má siðferði manns eigi hafa verið slæmt; hann má ekki neitt það hafa gjört, nje neinn sá blettur liggja á honum, er hamli mönnum eptir löggjöfinni að fá opinber embætti yfir höfað.

Eptir Kr. 5. D. L. 2. bók. 2. kap, 5. art. má og engum stúdentí, er gjörir sig legorössekan, veita neitt prestsembætti, nema hann áður hafi fengið konunglega uppreist, er ekki veitist fyrr, en 2 ár eru liðin frá brotinu, og verður hann að senda, eptir kgsbrjefi 9. maí 1738, skilríki fyrir því:

a, að stúlkan, er hann fjell með, eigi sje skyld honum í forboðna liðu; að hún eigi hafi verið undir tilsögn hans; að hann eigi hafi brotið nema einn sinni (hafi það verið optar, verður samt að geta þess).

b, *hvert* hann hafi átt stúlkuna.

c, *hvernig* hann hafi hegðað sjer bæði á undan og eptir.

Samt má eigi veita honum, þó hann fái upp-reistina, það brauð, þar sem brotið var drýgt í. Ef hann optar brýtur, má hann aldrei úr því fá neitt prestsembætti. Hafi hann brotið með þeirri stúlku, er honum hefir verið trúað fyrir að kenna, á hann og aldrei neitt embætti að fá eptir tilsk. 9. júlí 1745. Í tilsk. 24. janúar 1838, 12. gr., er boðið, að áminnzt tvö lagaboð, D. L. 2—2—5, og tilsk. 1745, skuli hafa lagagildi hjer á landi, og er næst að skoða þetta sem reglu fyrir brauðaveitingunum.

Að vísu virðist svo, sem og hafi verið ætlazt til í tilsk. 1838, 12. gr., að D. L. 2—2—5 skyldi einnig verða beitt gegn stúdentum þeim hjer á landi, er of snemma samrekkja konum sínum, eins og líka sjest af nefndu konungsbrjeði 9. maí 1738, að í Danmörku hefir verið gjört; en þessu hefir samt eigi verið fylgt hjer á landi í brauðaveitingunum, án efa af því, að það hefir virzt of óljóst, að slíkur skilningur yrði leiddur út af D. L. 2—2—5 eidgöngu, en tilsk. 9. maí 1738 væri hjer eigi lög.

Í tilsk. 3. júní 1746 um drykkjuskap, er og sagt, að eigi skuli veita þeim stúdenti prestakall, er drekki sig drukkinn, fyrr en biskupinn sje orð-

inn sannfærður um, að hann sje búinn að bæta ráð sitt.

3. Má enginn verða prestur, eða fá andlegt embætti, fyrr en hann er fullra 25 ára; sbr. embættisbrjef biskupanna 1. júlí 1746, 46. gr. o. fl.

Auk þessa verður sækjandinn að hafa innfæddra rjett; sjá tilsk. 15. janúar 1776 og opið brjef 15. febr. s. á.; sjá og tilsk. 17. nóvember 1786, 8. gr.

Allir þeir útlendir menn, er sækja um embætti hjer á landi, verða einnig að sanna með áreiðanlegum vitnisburði, að þeir kunni að mæla á íslenzka tungu; sjá kgs.brf. 8. apríl 1844; og menn mega vænta, að til hinna andlegu embætta hjer á landi, verði aldrei teknir nema þeir, er fullkomlega kunni málið, og lýtalaust geti talað það, og flutt ræður í því; að veita þau öðrum, þeim, er eigi gæti þetta hneyxlislaust, væri til að drepa allar guðrækilegar hugsanir hjá söfnuðunum, í stað þess að örfa og efla þær.

12. gr.

Skyldur andlegra embættismanna yfir höfuð, er leiða af stöðu þeirra.

Það leiðir beinlínis af stöðu hinna andlegu embættismanna, þar eð þeim er trúað fyrir því, að efla og útbreiða í kirkjunni sanna trú á guði

og sannan guðsóttá. að trú sú, er þeir hafa og útbreiða, verður að vera óblandin, og eins, að lífnaður þeirra verður að vera góður og samboðinn trúnni, svo að þeir gefi af sjer gott eptirdæmi.

Allir þeir, er hafa nokkurt kennimannlegt embætti á hendi, eður hafa yfirumsjón yfir þeim, ætti og að vera sannfærðir um sannindi þeirra aðaltrúargreina, er þjóðkirkjan hefir viðtekið, og aldrei takast á hendur þvílíkt embætti, ef þeir eigi álíta þær sannar, og eins leggja það niður, ef þeir komast til þeirrar skoðunar, eptir að þeir hafa fengið embættið, að önnur trú sje rjettari. Ef þeir og kenna nokkuð gagnstætt aðaltrúargreinum kirkjunnar, leiðir það af sjálfu sjer, að þeir hljóta að missa embætti sitt, þar eð þeir þá nota það gagnstætt því augnamiði, er þeim var veitt það í, með því að kenna eða aðhyllast opinberlega þá trú, sem mismunar frá þeirri, er þeim er trúað fyrir að kenna og útbreiða.

Að því er lífnað þeirra snertir, heimta lögin eigi að eins, að þeir haldi sjer frá öllum almennum glæpum og embættisafglöpum, heldur og allri opinberri ósiðsemi, er stöðu þeirra sje ósamboðin, og hneyxli geti af sjer gefið, til að mynda öllum hneyxlanlegum drykkjuskap (sjá tilsk. 27. maí 1746 um húsvitjanir presta 7. gr., tilsk. 3. júní 1746 um drykkjuskap o. fl.).

Í kgsbrjefi 10. desember 1646 var bóið, að allir þeir prestar, er gerði sig seka í hórdómi eður

legorði, skyldi afsetjast og eigi fá annað prestakall, fyrr en þeir hefði fengið konunglega uppreist. En þessu konungsboði — konungurinn var þá eigi orðinn hjer einvaldur — var samt eigi fyllilega fylgt, án efa af því það hefir í ýmsu tilliti þótt ísjárvert, að leika presta svo hart, þótt þeim yrði á þessi yfirsjón; en samt var þeim vikið frá prestskap um tíma, einkum gerði þeir sig bórseka, en veitt síðan aptur brauð, ef þeir bættu ráð sitt, án þess konunglegrar uppreistar væri þó leitað fyrir þá. En með konungsbrjefi 27. febrúar 1756 var áminnt konungsbrjef itrekað, og boðið, að prestum, er bryti af sjer prestskap, skyldi eigi mega veita nokkurt prestsembætti, nema þeir fengið hefði konunglega uppreist.

Í D.L. 2.—11.—13 er boðið, að hverr sá prestur, er eigi nokkra þá stúlku, *er af öðrum áður hafi verið legin*, eður það upp komi, *að hann hafi samrekkkt konu sinni áður, en þau urðu hjón*, skuli missa embætti sitt. Um þessa ákvörðun hefir hjer á seinni árum lítið verið hirt; sjerskillin hefir hún eigi heldur verið lögleidd hjer, og *að fara að beita svo hörðu lagabóði gegn prestum sökum hinnar almennu ákvörðunar í tilskipun 24. janúar 1838, 1. gr.*, fyrir þessar smáyfirsjónir, er þó nú eigi eru skoðaðar sem hegningarverðar í sjálfu sjer, hefir, ef til vill, þótt hæpið.

Það sæmir og illa andlegum embættismön-

um, að vera þrætugjarnir, liggja í málaferlum að nauðsynjalausu, spana aðra upp til óeirða, eður mæta fyrir þá í málum, kgsbrjef 9. maí 1593, kirkjuord. Kr. 4. kap. IX; þó er þeim engan veginn láanda, að þeir leiti rjettar síns, sem aðrir menn, þegar þeim er synjað um hann, eður þeim er gjörður órjettur.

Eins væri það og óviðurkvæmilegt, að þeir hefði veraldlegt vald á hendi eður legði fyrir sig borgaralega atvinnuvegi í kaupstöðunum, kirkjuord. Kr. 4. kap. IX.

13. gr.

Rjettindi hinna andlegu embættismanna yfir höfuð, sökum stöðu þeirra.

Hinir andlegu embættismenn fá, eins og eðlilegt er, laun fyrir starfa sinn; þeir hafa sjerskildan einkunnarklæðnað (prestshempu, rykkilín og hökul), og nefnast almennt *velæruverðugir*, en þeir af þeim, er nafnbót hafa, svo sem biskupinn, prófastar, *doctorar theologiæ* eður *philosophiæ*, *Consistorialráð* og *Consistorialassessorar*, *háæruverðugir*. Loks hafa hinir andlegu embættismenn sjerskilt varnarþing og dómsvald í öllum andlegum málum. Í fyrndinni var þessi rjettur einhver helzta styttnan undir klerkaveldinu; voru þá langtum fleiri mál kölluð andleg, en nú eru það; yfir andlegum mönnum máttu og eigi heldur dómar ganga af leikmönnum, og andlegir höfðingjar dæmdu

sumstaðar í öllum málum, er gjörðust á góðsum þeirra, t. a. m. biskupar hjer í flestum málum, er gjörðust heima á biskupssetrunum. Hvað hjer á landi nú skuli telja til andlegra mála, er ákveðið í tilsk. 27. nóvember 1816; þar segir svo í 4. grein: að þau mál, er eigi snerti andlegra embættismanna skyldur eður háttalag í embættisfærslu, skuli eigi álita sem andleg mál, heldur skuli þau undantekningarlaust, hvort heldur hlúðaðeigendum sje stefnt sem málsþörtum eður sem vitnum, verða flutt fyrir hinum almennu dómöndum, og dæmd af þeim.

Með því nú andlegir embættismenn geta með fleiru en embættisafglöpum, og að vanrækja embætti sín, brotið gegn embættisskyldum sínum, t. a. m. með ljótum lifnaði, er eigi sæmi stöðu þeirra, án þess þeir þó að öðru leyti gjöri sig með honum hegningarverða eptir almennum lögum, og þar eð andlegir bezt mega geta dæmt um slíkar yfirsjónir, hversu mikilsvarðandi þær sje fyrir hina andlegu embættismenn, virðist eðlilegast að skilja nefndan lagastað svo, að til geistlegra saka eigi að telja:

1. Þær sakir, er áhræra skyldur þær, er sjerstaklega liggja á andlegum embættismönnum sökum þeirra sjerstaklegu embættisstöðu, og

2. Þær sakir, er áhræra embættisfærslu þeirra, sjá reglugjörð fyrir *Tranqvebar*, 8. janúar 1781, 12. gr.; þar er sagt, að þegar lögsækja

verður andlega embættismenn fyrir yfirsjónir þeirra í *embætti* og *framferði*, skuli höfuðsmaðurinn þar setja *Consistorialrjett*, o. s. frv.

3. Verður til andlegra málefna og að reikna þau *veraldlegu* störf, er sameinuð eru andlegum embættum.

Í öllum borgaralegum málefnum þar á móti og reglulegum sakamálum hafa hinir andlegu ekki sjerskilt varnarþing. Um biskupinn gilda þó nokkuð aðrar reglur, en aðra andlega, sem síðar skal sagt verða.

Í hinum andlegu málum á fyrst að stefna fyrir prófastsdóm. Um dóm þenna er svo ákveðið í nefndri tilsk. 1816, 5. gr., að þegar prófastsdómur sje settur, eigi hinn verzlégi undirdómari á þeim stað, þar sem dómurinn sje haldinn, að taka sæti í dóminum bæði sem dómari og ritari. Undirdómarinn og prófasturinn skuli sitja eptir nafnbótum í dóminum (sá sum sje ofar, er æðri sje að þeim), og í 6. gr er sagt, að veraldlega sóknara skuli setja í þeim málum, er komi í þá dóma.

Í þessu síðasta er engin breyting gjörð við tilsk. 24. janúar 1838, þó þar sje boðið, að við undirdómama skuli eigi setja sóknara, því tilskipun sú ræðir að eins um regluleg sakamál, er koma í hina *almennu* dóma, og snertir því ekki prófastsdóminn, nje þau mál, er þangað koma.

Í brjefi sínu til stipsyfirvaldanna hjer á landi, dagsett. 31. maí 1823, áleit *kanselliid*:

1. *Að* meðdómendur þeir, er fyrr hefði verið hafðir við prófastsrjettinn, ekki þyrfti nú lengur að mæta.
2. *Að* þegar hvorki prófasturinn nje sýslumaðurinn hefði nafnbót, hefði sá forsætið, sem eldri væri embættismaður;
3. *Að* dómendurnir mætti setja dóminn annaðhvort á hinum venjulega þingstað, eður öðrum hentugum og fyrir hlutadeigendur hagkvæmum stað.
4. *Að* ekkert gæti verið móti því, að það, sem framfæri, væri ritað í þingbók sýslunnar.

En þó kanselliid þannig álitu, að meðdómendur þyrfti nú eigi lengur að mæta hjer á landi í prófastsdóminum, og venja sje nú í Danmörku, að þeir eigi mæti þar, þá hvorki hafði kanselliid nokkurt löggjafarvald, og eins getur það eigi heldur verið nein bindandi regla hjer á landi, hvað *venja* er eður verður í Danmörku í einhverju efni.

Í konungsbrjefi 20. janúar 1736 var bodið, að í prófastsdóminum hjer á landi skyldi sitja *prófasturinn og tveir af hjeradsins prestum*; en ef eigi væri í hjeradinu eður prófastsdæminu tvo óvilhalla presta að fá, eður er viðláttnir væri, skyldi taka presta úr næsta hjeraði. Þessi ákvörðun um meðdómendurna hlýtur enn að vera

í fullu gildi, þó hinir veraldlegu undirdómendur nú eptir tilskipuninni 1816 líka eigi að taka sæti í prófastsdóminum.

Biskupinn ákveður, hvenær prófastsdóm skuli halda, og er honum þykir nauðsyn til bera, verður hann því að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hann komist í gang; segja prófastinum að taka málið fyrir, og útbúa hann, sem þarf; líka verður hann að láta amtmanninn vita þetta, svo amtmaðurinn geti sagt undirdómaranum að mæta í prófastsdóminum, og eins sett sóknara í málið.

Eptir því, sem boðið er, þar sem áþekkt stendur á, virðist rjettast, að stefnan og dómsgjörðirnar sje gefnar út í dómsins nafni, og að forsetinn setji nafn sitt og innsigli undir dómsgjörðirnar, en ritarinn nafn sitt og innsigli undir stefnuna. Það, sem flest atkvæði eru fyrir, verður dómur, en sje atkvæði jafnmörg fyrir tvennu, þá atkvæði forsetans og þess, er honum fylgir.

Þá dóma, sem prófastsdómurinn dæmir, má áfrýja fyrir *synodalrjettinn*. Í honum hafa forsæti, eptir *kansellíbrjefi* 31. marz 1787 bæði stiptamtmaðurinn (nú amtmaðurinn í Suðurumdæminu) og biskupinn; stefnan á að gefast út í beggja nafni, og dómurinn kveðast upp í beggja nafni, þó þannig, að stiptamtmaðurinn, sem hinn æðri, nefnist fyrr, og hann undirskrifar fyrr; en biskupinn nefnist eptir hann, og ritar nafn sitt undir við hlið-

ina á honum, og sömu reglu á að fylgja við ritun dómsgjörðanna; og að því er atkvæðagreiðsluna snertir, þá á amtmaðurinn, sem situr við biskupsins hægri hlið í synodalrjettinum, að gæta að því, að allt fari fram í reglu og með siðsemi, og hefir atkvæði í öllum þeim málum, er þangað koma, (sjá og hjer um kgsbr. 18. október 1771). Um *synodus* skal annars seinna verða talað nokkuð nákvæmar.

14. gr.

Um presta og prestaköll yfir höfuð.

Prest nefnum vjer nú hvern þann, er vígður hefir verið til andlegrar stjettar, og eigi er vígður biskupsvígslu. Þannig köllum vjer presta. bæði sóknarprestana og eins kapellána. hvort sem þeir þjóna að embættum, eður eru hættir því, ef þeir eigi hafa misst prestskap. *Sóknarprestur* er sá prestur, sem fengið hefir eina eður fleiri kirkjusóknir til að þjóna, eður sá andlegur embættismaður, sem falið hefir verið á hendur að fremja öll andleg störf, er fyrirfalla í einni eður fleirum kirkjusóknum. *Kirkjusókn* nefnast allir þeir bæir til samans, er liggja að sömu kirkju. Að *bænhúsi* liggja engir bæir. Sóknir þær, sem hafa sama prest, nefnast *prestakall*; í prestakalli er stundum að eins ein sókn, þegar hún hefir prest út af fyrir sig. Hverjar sóknir og bæir skuli vera í hverju prestakalli, er nú orðið fastákveðið við

venjuna, sem í öndverðu er byggð á ákvörðunum biskupanna, er nú eru margar glataðar. Nú er með lögum 27. febrúar 1883, ákveðið, að þegar söfnuðir vilji breyta skipun sókna eða brauda, og hjeradsfundur samþykki, þá sje rjett. að landshöfðingi, með ráði biskups, staðfesti breytinguna, og eins, ef hjeradsfundur samþykkir tillögu um breyting á takmörkum sókna eða brauda, svo og ef hann samþykkir, að kirkju megi niður leggja, færa úr stað eða upptaka. Þegar haft er tillit til tekna þeirra, sem presturinn hefir af prestakallinu, kallast það *brauð*; brauðin geta annaðhvort verið *ljensbrauð* (*beneficia*), þegar kirkjan á sjálf heimaland sitt og eignir sínar, og presturinn hefir þær að ljeni; eður þau eru það ekki, þegar presturinn engar kirkjueignir hefir að ljeni; í þessum síðarnefndu brauðum eru optast fleiri en ein sókn, og nefnast þau þá nú á dögum *þingabrauð*. Þegar presturinn í þeim brauðum, sem fleiri sóknir eru í, hefir að ljeni eignir kirkjunnar í einni þeirra, og heimaland þeirrar kirkju, er ætlað honum til ábúðar, nefnist þessi kirkja *heimakirkja*, *aðalkirkja* eður *höfuðkirkja*, og sókn sú, sem lún er í, *heimasóknin*. *aðalsóknin* eður *höfuðsóknin*; en kirkjurnar í hinum sóknunum, sem eru lagðar til aðalsóknarinnar, *útkirkjur*, *annexiur*, *annexiukirkjur*, og sóknir þær, sem útkirkjurnar eru í, *útsóknir* eða *annexiusóknir*. Kirkjurnar nefnast og *heil Kirkjur*, *helmingakirkjur*.

ur og þriðjungakirkjur eptir því, hvort messa á í þeim á hverjum helgum degi, eður annanhivern helgan dag, eður þriðjahvern o. s. frv. Þegar tveimur ljensbrauðum er slengt saman í eitt prestakall, eður þegar tvö slík prestaköll eru sameinuð, og ákveðið er, í hverju þeirra presturinn skuli sitja, gæti menn kallað það, sem hann á að sitja í, *heimabrauðið*, en hitt *útbrauðið* eður *útbrauðin*, ef fleirum en tveimur væri slengt saman. Rjettindi þau, er sóknarprestum bera sökum embættisstöðu þeirra, eður *sóknarprestarrjetturinn*, eru bæði fólgin í embættisvaldi þeirra, og líka í rjetti þeirra til allra þeirra preststekna, er brauðin gefa af sjer. Samfara þessum rjetti þeirra er sú skylda manna, að nota sóknarprestinn til allra þeirra prestsverka, er á þarf að halda í sóknum hans, sjá K. O. Kr. IV. kap. IX, þó er þar sagt, að menn megi nota aðra presta með samþykki sóknarprests síns, eður eptir boði biskupsins.

Um sóknarbandið er nú mjög losað með lögum 12. maí 1882.

Eptir 1. gr. er öllum húsráðendum, börnum þeirra, og hverjum öðrum, sem fermdur er og 18 ára, heimilt að kjósa sjer annan prest, en sóknarprest sinn. Sóknarprestar einir mega vera kjörprestar. 2. gr. Maður á að semja við kjörprest sinn, hverja prestspjónustu hann vill þiggja af honum, síðan skýrir hann prófasti frá samningi þeirra, en prófastur aptur sóknarprestinum. Ept-

ir 4. gr. á sóknarleysingi, þegar kjörprestur gjörir eitthvert prestsverk fyrir hann, að gefa sóknarpresti, innan 14 náttu, greinilega skýrslu um það, og láta fylgja vottorð frá kjörpresti. Prestsverka þeirra, sem skylt er að rita í kirkjubók, á kjörprestur að geta í kirkjubók sinni, en eigi telja verk þessi í ársskýrslum sínum, nema ferming sje. Sje sóknarpresti eigi gefin skýrsla á 14 náttu fresti, verður leysingi sekur um 2—10 kr. fyrir hverja viku, er skýrslan dregst; sýslumaður (eða bæjarfógeti) metur sektina og rennur hún í sveitarsjóð þar, sem leysingi á heima. Þegar hjón vilja slita sambúð eða skilja að fullu, á kjörprestur þeirra, eptir 8. gr., að gjöra hina lögboðnu sáttatilaun, og gefa lögboðið vottorð um siðferði þeirra og hegðun, en geti hann eigi gefið nægilegt vottorð um þetta, á sóknarprestur að bæta því við, er á vantar. — Eptir 9. gr. á sóknarpresturinn að semja og senda allar lögboðnar skýrslur um fæðingu, skírn, hjónavigslur og andlát, svo og gefa vottorð þau, er rituð eru upp úr kirkjubók, nema um fermingu, því um hana á sá prestur að gefa skýrslu og vottorð, er fermt hefir. — Eptir 10. gr. er rjett, að kjörprestur gjöri öll prestsverk fyrir sóknarleysingja, en ef það er að syngja yfir og jarðsetja við aðra kirkju, verður hann að hafa fengið vissu um það hjá sóknarprestinum þar, að hann þurfi þá eigi sjálfur á kirkjunni eða kirkjugarðinum að halda til prestsverka á sama tíma.

Kjörprestinum er heimilt, að nota öll áhöld kirkjunnar til prestsþjónustu, svo sem messuklæði, ljós, graftól, vín og bakstur, en skylt er honum að hafa að minnsta kosti einn meðhjálpara sóknar þeirrar viðstaddan þjónustugjörðina. — 11. gr. Leysingi á að gjalda til sóknarkirkju sinnar öll lögboðin gjöld, og sóknarpresti allar lögboðnar tekjur.

15. gr.

Um brauðaveitingu.

Fyrst framan af í kristninni veittu *biskuparnir* öll hin lægri andlegu embætti, en fóru í því mjög eptir tillögum safnaðanna og prestanna. Seinna kom það upp, að þegar einhverr hafði látið byggja kirkju eða stofnað með gjöfum eitthvert andlegt embætti, voru honum veitt ýms rjettindi yfir kirkjunni eður embættinu, og þar á meðal rjettur að stinga upp á nokkrum mönnum til embættisins, þegar það losnaði, er biskupinn þá var bundinn að veita einhverjum þeirra, ef þeir voru til þess hæfir, og stundum var að eins einn kosinn, og var biskupinn þá alveg bundinn við kosninguna, ef hinn kosni var hæfur. Öll þessi rjettindi, er höfundinum voru veitt yfir kirkjunni eður brauðinu, nefndust verndarmannsrjettur (*jus patronatus*) og gengu stundum í erfðir til afkomanda hans; einkum átti það sjer þó stað, þegar völdugir höfðingjar höfðu byggt bænhús heima

hjá sjer, og hjeldu þar sjálfir á sinn kostnað *heimilisprest*, því seinna lögðust þar að fleiri bæir eður sókn, svo bænhusið varð með tímanum að sóknarkirkju, og heimilispresturinn að sóknarpresti; en höfðinginn eður afkomendur hans hjeldu sömu völdum yfir embættinu og kirkjunni, sem þeir áður höfðu haft yfir heimilisprestinum og bænhusinu. Í pápisku tíðinni veittu biskuparnir hjer á landi öll ljensbrauð, þó veittu erkibiskuparnir í Niðarósi ástundum nokkur hin beztu þeirra, en bændur áttu sjálfir að fá presta að kirkjum sínum.

Eptir kirkjuordínantsíunni áttu sóknarbændur sjálfir að kjósa prest sinn, en það komst hjer þó aldrei reglulega á, heldur viðhjelzt fyrri vaninn fyrst um sinn, að biskuparnir veittu brauðin; en bráðum snerist þó þetta svo, að amtmennirnir tóku almennt til að veita þau, en voru í því samt nokkuð bundnir við uppástungur og tillögur biskupanna. Ástundum veitti og konungurinn sjálfur beinlínis brauð, er sótt var um þau til hans. Biskuparnir hjeldu samt sem áður áfram að veita prestsembættin heima á biskupsstólunum sjálfum, og líka stundum í sóknum þeim, þar sem biskupsstólarnir áttu kirkjustaðina, og hjelzt þetta lengi fram eptir. Þegar prestarnir fengu leyfi til eptirsiðaskiptin að fara að kvongast, og tóku til að eiga konu og börn, urðu ónógar víðast hvar tekjur þær, er þeim fyrrum höfðu verið ætlaðar í bændu-

kirkjusóknunum; hættu því þá flestar kirkjusóknir þessar að hafa sjerskilda presta, og lögðu þá biskuparnir sem optast þær sem útsóknir eður annexínur við næstu ljensbraud, eður settu einn prest yfir fleiri þeirra, þar sem þeim þótti það hagkvæmara, og í sumum hjerudum var allri sóknarskipuninni breytt. Þar sem þó voru ríkir kirkju-eigendur, er gátu fengið einhvern sjerskildan prest til að þjóna sóku sinni, voru þeir látnir sjálfráðir í að kjósa prest til þeirra, og eins þó presturinn hefði að þjóna einhverjum smákirkjum að auki. En við kgs.brjef 10. maí 1737 og 29. janúar 1740 var skipað svo fyrir: að *konungurinn áskildi sjer sjálfum að veita stærstu brauðin, sem metin væri yfir 100 rd., og skyldu prestarnir gefa fyrir veitingabrjefin jafnt og aðrir sóknarprestar í konungsins ríkjum og löndum.* Þessi braud voru: 1. *Breidibólsstaður* í Fljótshlíð; 2. *Grenjadarstaður*; 3. *Oddi*; 4. *Staður á Ölduhrygg*; 5. *Hítardalur* og 6. eptir kgs.br. 2. desember 1791, *Seltjarnarnesbrauðið* eður *Dómkirkjubrauðið*, er þó eigi var metið nema 80 rd. að því er prestsekkjustyrk snerti. Öll þau braud þar á móti, er metin væri 100 rd. eður minna, skyldi stiptamtmaður veita eptir uppástungum og tillögum biskupsins, en væri brauðið 40 rd. eður þaðan af meira, skyldi þó fá konunglega staðfestingu fyrir veitingunni, er skyldi jafnt kosta, og staðfestingarbrjef kapellána (semsje í Danmörku) kostaði. Ef brauðið þar á móti væri

undir 40 rd. skyldi engrar konunglegrar staðfestingar viðþurfa, og veitingarbrjefið þá eigi kosta nokkuð, Þessu var nú þannig breytt við kgs.úrskurð 14. maí 1850, að stiptamtmaður og biskup báðir í sameiningu og eptir samkomulagi skyldu veita þau brauð í konungsins nafni, er stiptamtmaður áður einn veitti; en bæri svo við, að þeir eigi gæti orðið ásáttir um, hverjum þeir skyldu veita eitthvert brauð, og sinn vildi veita það hvorum, áttu þeir að senda málið ráðherra kirkjumálefna, er þá sjálfsagt átti að leggja það undir úrskurð konungs.

Við tilsk. 15. des. 1865 var ákveðið: að

- 1., aðalbrauðin, er hafa 700 rd. tekjur og þar yfir, burtgæfi konungur sjálfur.
2. *Betri meðalbrauð* með 500—700 rd. og
- 3., *lakari meðalbrauð* með 350—500 rd. veittu stiptsyfirvöldin, uppá væntandi samþykki konungs.
4. *Fátækustu brauðin*, eða, sem væri undir 350 rd., burtgáfu stiptsyfirvöldin, án kgl. staðfestingar.

Tekjur brauðanna er sagt, að skyldi taldar eptir brauðamatsgjörð þeirri, er samin var 1853, en hún skyldi endurskoðast á hverjum 15 ára fresti.

Eptir auglýsingu konungs 3. okt. 1884, átti landshöfðingi að veita öll þau brauð, sem eptir brauðamati því, er við veitinguna væri í gildi,

hefðu tekjur, er minnu næmi en 1800 kr. — Þessu er nú orðið breytt við lög 8. janúar 1886, er veitir söfnuðinum, þegar eitthvert brauð losnar í þjóðkirkjunni, rjett til að taka þátt í veitingu þess. Eptir 2. gr. á landshöfðingi — þegar auglýst hefir verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknarfrestur (þ. e. 6 vikur) er útrunninn, og fleiri en 3 hafa sótt um embættið, er allir fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft á hendi prestsembætti í þjóðkirkjunni, — að velja með ráði biskups 3 af umsækjendunum til kosningar, er honum virðast hafa bezta hæfilegleika til að þess að geta komið til álita við veitingu embættisins. Hafi að eins 3 menn sótt, má landshöfðingi á sama hátt velja 2 þeirra til kosningar.

Í 3. gr. er sagt, að umsóknarbrjef þau, er landshöfðingi þannig hafi valið úr, skuli biskup senda með athugasemdum sínum prófasti, skuli þá prófastur sjá um, að þau verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu. Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðurinn eigi ætli sjer að nota kjörrjett sinn, á prófastur að stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sje liðnar, og á að auglýsa fund þennan sem þörf gjörist. Um sækjendur þá,

sem í kjöri eru á á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, að gefast kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru orðnir fullra 25 ára, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

4. gr. Kjörstjórn stýrir kosningum; í henni er prófasturinn formaður, en hver sóknarnefnd í prestakallinu kýs í hana 2 menn.

5. gr. Hver sóknarnefnd semur skrá yfir alla þá sóknarmenn, er kosningarrjett hafa, og sjer um, að skráin liggi til sýnis fulla viku á undan kjördeginum á einhverjum hentugum stað fyrir sóknarbúa, og framfer kosningin eptir þeirri skrá. Nú kærir einhverr, að sjer hafi verið sleppt úr skránni, eður að annar hafi heimildarlaust verið tekinn á hana, og skal hann þá í seinasta lagi koma fram með kröfu sína á sjálfum kjördeginum, og leggur þá kjörstjórnin úrskurð á málið, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

6. gr. Hver sá, er kosningarrjett hefir og greiða vill atkvæði, á að koma á kjörfund og greiða atkvæði munnlega, og eiga 2 af kjörstjórnunum að taka við atkvæðum við hverja kjörskrá. Þegar öllum, er viðstaddir eru og kosningarrjett hafa, hefir verið gefinn kostur á að greiða atkvæði, og þau rituð í kjörbækurnar, skal atkvæðagreiðsl-

unni lokið, en þó eigi fyr en klukkustund er liðin frá því kosningar hófust.

7. gr. Kjörstjórnin semur skýrslu um það, er fram hefir farið á kjörfundinum, og sendir hana, ásamt kjörskránum og umsóknarbrjefunum, landshöfðingja, þegar frestur sá er liðinn, sem ræðir um í 8. gr.

8. gr. Ef einhver vill koma fram með kæru út af kosningunni, á hann að senda hana kjörstjóra skrifaða, áður en vika sje liðin, frá því að kosningin fór fram; sendir þá kjörstjóri hana landshöfðingja með álit kjörstjórnarinnar.

9. gr. Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarlimna þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefir hlotið að minnsta kosti helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeiganda stjórnarvaldi, hafi kosningin farið fram eptir 3.—8. gr. laga þessara, eða sje eigi þeir gallar á, er geti haft eptir atvikum veruleg áhrif á úrslit hennar. Ella skal við veitingu embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitid verður að rjett sje.

10. gr. Ef að eins einn hefir sótt um brauðið, þá á eptir kosningarreglum laga þessara, að leita tillögu safnaðarins um, hvort hann heldur kjósi, að brauðið verði veitt þessum eina umsækj-

anda, eða prestsþjónusta í brauðinu verði fyrst um sinn falin á hendur nágrannapresti eða nágrannaprestum, verði því viðkomið, eða settur verði prestur til að þjóna brauðinu til bráðabyrgða, geti hann fengizt.

11. gr. Kostnaði við prestakosningar skulu sóknarnefndirnar jafna niður á alla safnaðarmenn í prestakallinu, er atkvæðisrjett hafa. Eindagi á því er hinn 14. dagur frá því að niðurjöfnunin og hverjum greiða skuli var auglýst á kirkjufundi. Kærur út af fjárheimtu þessari er heimilt að bera upp á hjeradsfundi prófastsdæmisins, og leggur hann fullnaðardóm á málið. Þessi gjöld má taka lögtaki.

Af 2. gr. er það auðsætt, að þegar að eins tveir sækja um sama brauðið, á landshöfðingi hvorugan þeirra að útiloka, heldur er það safnaðarins, að kjósa annanhvorn þeirra.

Af 9. gr. leiðir, að ef ekki mætir á kjörfundinum helmingur þeirra, er kosningarrjett hafa, er kosningin ónýt, og eins ef kosningin fer ólöglega fram. Hið sama er og, þótt nógu margir hafi mætt og gefið atkvæði, ef enginn hefir fengið helming atkvæða, en það ber samt við veitinguna að hafa nokkurt tillit til óska safnaðarins. Þegar kosningin verður ónýt, stendur það óhaggað, að konungur veitir brauðið, ef það er 1800 kr.

eða meira, en nemi tekjurnar ekki 1800 kr.,
veitir landshöfðingi það.

16. gr.

Áframhald.

Að gefa þær reglur fyrir brauðaveitingum, er beita megi, hvornig sem á stendur, er án efa eigi unnt; verðleiki sækjanda er að visu mest kominn undir lærdómi þeirra í guðfræði og góðri breytni; þó er það eðlilegt, að þeir, sem þjónað hafa andlegu embætti fyrr, gangi fyrir þeim. er eigi hafa gjört það, þegar aðrir verðleikar þeirra eru jafnir, og hafi þeir gjört það bæði vel og lengi, þótt þeir þá takist fram yfir aðra, sem óreyndir eru, þótt þeir annars kunni að vera efnilegir, og efnilegri, en hinir virtust fyrst, er þeir byrjuðu prestskap sinn. Við þetta bætist það, að prestum hjer á landi er trúað fyrir prestssetrunum og kirkjum þeim, sem þar eru, svo að stundum getur verið ástæða til, að hafa við brauðaveitinguna nokkurt tillit til dagnaðar í búskap og efnahags þess, sem sækir. En einmitt af þessu sagða er það þó á hinn bóginn auðsætt, að það verða að gefast nokkrar almennar reglur, er fara má sem optast eptir, er dæma skal um verðleika sækjanda. Þannig setti konungurinn í brjefi 11. marz 1633 þær reglur höfuðsmanpinum í brauðaveitingunni, að þegar einhverr, er tekið hefði embættispróf í guðfræði við háskólann í Kaupmanna-

höfn, og að öðru leyti hegðaði sjer vel, sækti um eitthvert brauð hjer á landi, skyldi engum öðrum veitast það eu honum. Þetta boð gat samt eigi lengur staðizt, eptir það að búid var að stofnsetja prestaskólann hjer á landi, einkum þar eð löggjafinn sjálfur áleit, að menn, með því að læra á honum, yrði að verða hjer um bil jafnhæfir til að fá andleg embætti hjer á landi, sem með því að lesa guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn; og og með því að áminnt boð þar að auki hlaut á stundum að vera mjög hart, t. a. m. að *kandídatar* í guðfræði frá háskólanum með lökustu einkunn skyldi, undir eins og þeir hefði aflokið embættisprófi, takast fram yfir duglegustu prófasta og presta á landinu, hvað vel sem þeir hefði staðið í stöðu sinni, og hvað lærðir sem þeir væri, ef þeir ekki hefði tekið háskólapróf í guðfræði — þá fann löggjafinn fulla ástæðu til, að kalla þetta boð sitt aptur með úrskurði 30. júlí 1850. Í þessu konungsbrjefi er ákvarðað, að *kandídatar* í guðfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn og *kandídatar* frá prestaskólanum skuli ganga jafnhliða þannig: að þeir, sem hafa *afbragðseinkunn* frá prestaskólanum, gangi jafnt með *laudabilistum* frá háskólanum; þeir, sem hafa *fyrstu einkunn* frá prestaskólanum, jafnt þeim, sem hafa fengið *haud illaudabilis primi gradus* frá háskólanum; þeir, sem hafa fengið *aðra einkunn* frá prestaskólanum, jafnt þeim, sem hafa *haud illaudabilis secundi gradus* frá háskólan-

um, og þeir, sem hafa þriðju einlunn frá presta-skólanum, jafnt þeim, sem hafa fengið *non contemnendus* við háskólann í Kaupmannahöfn.

Um forgangsrjett prófasta, og hver meðmæling það sje til brauða, að hafa verið kapellán, skal síðar talað.

Það hefir verið gömul venja hjer á landi að veita þeim, er staðið hafa um stund fyrir skrifstofum biskupanna, góð brauð, er þeir sækja þaðan, og jafnvel þótt nokkuð gamlir prestar hafi sótt á móti þeim, hafi þeir eigi verið neinir atkvæðaprestar, og hefir þessi venja þótt góð og edlileg, þar eð staða slíkra manna hlýtur meðal annars að hafa aflað þeim öðrum fremur margbrotinnar þekkingar um kirkjunnar málefni.

Þegar söfnuður sjálfur kýs prest sinn, er hætt við, að verðleikar sækjanda verði eigi nákvæmlega bornir saman.

Eins og áður hefir verið sagt, ber landshöfðingja að hafa og við veitinguna nokkurt tillit til óska safnaðarins, þegar kosning safnaðarins verður ónýt.

17. gr.

Um vígslu og innsetning presta.

Þegar sá, sem fengið hefir eitthvert brauð, ekki er áður prestur eða kapellán, verður hann fyrst að láta biskupinn reyna sig í guðfræði. Að því búnu er hann vígður af honum, ef biskupinn

finnur hann hæfan til að geta vigzt; sjá K. O. Kr. 4. kap. IX. Vigslan framfer að miklu leyti eftir því, sem boðið er í kirkjuritúalnum 25. júlí 1685, kap. X, og síðan er presturinn, þegar hann kemur til sókna sinna, settur, eftir boði biskups, hátiðlega inn í brauðið eður prestakallið af prófastinum í þeirri sveit, er brauðið liggur í; þetta er fólgið í því, að prófasturinn stígur í stólinn, les upp köllunarbrjefið, biður söfnuðinn láta sér farast vel við prestinn, og hvetur prestinn til að vanda vel embætti sitt. Í hvert skipti, sem einhverr prestur fær nýtt brauð, á að setja hann inn í það af prófastinum.

18. gr.

Um embættisstörf presta yfir höfuð.

Þótt prestarnir sje andlegir embættismenn, eru samt við embætti þetta bundin ýmisleg veraldleg störf, sem þeim eru og á hendur falin. Hin andlegu embættisstörf þeirra eru tvenns konar:

I. *Þau*, sem beinlínis snerta trúarbrögðin, svo sem að embætta og þjóna að sakramentunum, og

II. *Þau*, sem standa að eins í sambandi við trúarbrögðin eður óbeinlínis snerta þau. Hvertveggja þessi störf lúta að því, að bæta úr safnaðanna andlegu þörfum, og má skipta þeim í þessa flokka: 1. *þau*, sem áhræra guðsþjónustu-

gjörðina í kirkjunni: *messuna og þrjedikunina*; 2. þau, sem áhræra sakramentin, *skírnar- og kvöldmáltíðarsakramentin*, og í sambandi við hið síðara standa *skriptamálin*; 3. þau, sem áhræra uppfræðingu ungdómsins í trúarbrögðunum, *barnaspurning, ferming og húsvitjun*; 4. skyldur presta, er lúta að *hjonabandi*; 5. skyldur þeirra við *veika og sakamenn*; 6. skyldur þeirra við *greptrun dauðra*; 7. skyldur að *vaka yfir siðferði manna*; 8. *umsjón prestsins yfir kirkjunum* í prestakalli sínu; 8. *umsjón hans með fátækum og hluttekning í sveitarmálum*.

Sum af þessum andlegu störfum er búið að skuli framfara eptir vissum reglum. Í *kristna rjetti Árna biskups* finnast ýmsar slíkar reglur fyrirskipaðar, sem að vísu sumar ekki geta lengur átt við, og eins í *kirkjuordínantsíunum*; en nú fylgja menn í stað þessara reglna, án þess þær þó beinlínis hafi verið með lögum afteknað, almennt *kirkjurítúalnam danska* frá 25. júlí 1685, að því leyti honum vel verður viðkomið, án þess hann þó, nema í fáum greinum, hafi verið hjer gjörður að gildandi lögum; *prestahandbókinni* er og í flestu fylgt og *messusöngsbækur* þær viðhafðar í kirkjunum, er biskuparnir hafa mælt fram með og hlutadeigandi söfnuður án allrar þvingunar hefir samþykkt, sjá kgsbr. 22. júlí 1796 og kansellibr. 10. júlí 1802.

19. gr.

Um embætti prestanna, að því er hina opinberu guðsþjónustugjörð áhrærir.

Fyrst í kristninni var guðsþjónustan fólgin í því, að menn komu saman á hverjum helgum degi, og voru þar þá lesnir nokkrir kaflar úr ritningunni og nokkrar bænir, og síðan var söfnuðurinn til altaris; en með því að þeir, er eigi voru í fullri sátt við kirkjuna, ekki máttu vera inni eður við, meðan menn voru til altaris, reis einhverr djákni upp í hvert skipti, er altarisgangan byrjaði, og sagði við þá: „*ite! missa est (o: concio)*“; (farið burt! samkoman er úti), þaðan er komið nafnið: „*messa*“. Síðan hætti söfnuðurinn að vera til altaris á hverjum helgum degi, en prestarnir hjeldu áfram að gjöra það; var þá messan að lokunum í katólsku tíðinni skoðuð sem friðþægingarförn fyrir lifendur og dauða. Nú er hjá oss messan fólgin í því, að presturinn tónar fyrir altarinu nokkrar bænir og kafla úr bíblíunni; annars köllum vjer þó nú orðið í daglegu tali venjulegast alla guðsþjónustugjörðina í kirkjunni *messugjörð*.

Merkasti parturinn af guðsþjónustunni í kirkjunni hjá oss er *prjedíkunin*; hún er sem optast á einn eður annan hátt útskýring yfir guðspjallið, eður þá stundum pistilinn. Í Kristjáns 4. *kirkjuorðinantsíu* eru talin upp nokkur atríði, prestunum til leiðbeiningar, er þeir geti lagt út af, t. a. m.,

að ræður þeirra geti hljóðað um guðs lögmál, guð-
bræðslu, iðrun, hvernig menn skuli bæta og betra
sig, krossinn, bænina, viljafrelsið, kristilegt frelsi,
guðs eilífu forsjón o. s. frv.; þar er þeim og boð-
ið, að fara varlega, og um fram allt að gæta sín,
þegar þeir tali um þær trúarinnar greinir, sem
langt yfirgangi mannlegan skilning, og að þeir
ekki skuli reyna að útskýra nje ræða það, sem
er myrkt eður óskiljanlegt, nema þeir með öllu
neyðist til þess. Það er líka reyndar víst, að það
er sjerlega varlega gjörandi fyrir prestinn — og
yrði til lítilla eða engra nota fyrir söfnuðinn —
að ætla sjer að fara að útskýra nákvæmlega fyrir
söfnuðinum leyndardóma trúarbragðanna; en
það virðist þó á hinn bóginn sem prestarnir, þar
eð þeir eiga að halda sóknarbörnum sínum við
vissa trú. og fræða þau í henni, hljóti að vera
skyldir til, að fræða svo söfnuði sína á aðalgrein-
um þessarar trúar, að söfnuðirnir geti haft nokk-
urnveginn glögga hugmynd um þær, og trúi þeim.
General-kirkjuinspections-collegið bauð og í brjefi
sínu 26. nóvember 1737, 4. gr., biskupum að sjá
til, að prestar í hið minnsta einu sinni á ári hverju,
útskýrði fyrir söfnuðum sínum þær aðalgreinir
trúarinnar, er nauðsynlegar væri til sáluhjálpar.

Ræðan á ekki að vara lengur en hálfra eður
heila klukkustund, í hið minnsta um skammdegið;
sjá tilsk. um barnaspurningar 29. maí 1744, 2. gr.,
og prestarnir eiga að rita ræður sínar, að minnsta

kosti helzta efnið úr þeim, til þess að biskupinn geti sjeð það, þegar hann er í yfirreiðum sínum, eður tekið það heim með sjer, til þess að kynna sjer það þar; sjá tilsk. frá sama degi um helgidagahald á Íslandi, 15. gr.

Í tilsk. 8. október 1824, sem hjer er lögleidd við konungsbrjef 7. des. 1827, er sagt, að hætta skuli því, að lesa upp á þjedikunarstólnum laga-boð þau og tilskipanir, er prestarnir, eptir hinum eldri lögum áttu að lesa þar árlega á vissum tímum, og að prestarnir enga skýrslu skuli gefa frá þjedikunarstólnum um efni laga þeirra, er útkoma; þar á móti skuli framvegis vera við hið sama, og boðið var í kgs.br. 22. april 1740 — þetta konungsbrjef er samt eigi gefið fyrir Ísland og hefir aldrei verið lögleitt hjer — að þær tilskipanir, er beinlínis áhræra almúgann, skuli, auk þess að lesast á þingum, einnig lesast á landinu af kirkjusöngvaranum úti í kirkjugarðinum, og á presturinn, þegar guðsþjónustugjörðin er úti, að láta söfnuðinn vita um þetta, og í 2. gr. er aftekið það, sem í ýmsum eldri tilskipunum áður hafði verið boðið um birtingu og lestur frá þjedikunarstólnum á ýmsum veraldlegum málefnum, og í þess stað boðið, að þar um skuli fara þannig: að í kaupstöðunum skuli valdsmennirnir annast, að þvílíkir lestrar og auglýsingar fari fram á þann hátt, sem vanalegt sje þar að viðhafa við aðrar opinberar auglýsingar; en á landinu skuli kirkju-

söngvararnir auglýsa það og kauplaust lesa og birta það á kirkjustefnum, sem valdsmennirnir og dómendurnir sendi þeim.

Þótt hjer sje sagt, að kirkjusöngvararnir eigi að annast þessar birtingar, þá biðja þó sýslumennirnir hreppstjórana fyrir að birta það, er þeir vilja auglýsa á kirkjusamkomum.

Eptir hverjum reglum guðsþjónustan í kirkjunum annars skuli framfara, sjest af presta-handbókinni.

20. gr.

Áframhald.

Í tilskipun 29. maí 1744 um helgidagahald, 3. gr., er boðið, að messugjörðin hvervetna skuli byrja svo snemma sem verður og að hún aldrei megi byrja seinna en um hádegi, og eptir *kirkjuordínantsíu* Kristjáns konungs 4. áttu menn að halda þessa daga helga: alla sunnudaga, 3 Krists hátíðir, hverja í 3 samfleytta daga, nýársdag eður Krists umskurnardag, þrettánda dag jóla, kyndilmessu, boðunardag Maríu, Krists uppstigningardag, Jóns messu skírara, vitjunardag Maríu, Mikjálsmessu, allraheilagramessu, skírdag og föstudaginn langa; og með tilsk. 27. marz 1686 var lögleiddur kóngsbænadagurinn.

En með tilsk. 26. október 1770 voru afteknir þessir helgidagar í konungsins ríkjum og löndum: hinn 3. í jólum, páskum og hvítasunnu, þrett-

ánda jóla, kyndilmessa og Jónsmessa skírara, vitjunardagur Maríu, Mikjálsmessa og allraheilagramessa. Allraheilagramessu textann skyldi þó þýða og bænina fyrir siðaskiptin lesa sunnudaginn eptir 1. nóvember; boðunardagur Maríu var fluttur á 5. sunnudag í föstu.

Eptir tilsk. 28. marz 1855, 9. gr., byrjar helgin á sunnudögum og öðrum löghelgum dögum nú almennt stundu fyrir miðnætti, kvöldið áður; en á pálmásunnudaginn, er dymbilvikan byrjar á — í tilskipuninni kallast vika sú ranglega páska-vika — og bænadaginn á miðaptni daginn áður. Eptir opnu brjefi 26. sept. 1860 helzt helgin alla löghelga daga til kvelds, er vera mun eiga til sama tíma, og hún byrjaði kveldinu áður eður þangað til einni stundu fyrir miðnætti; þá hlýtur og helgi bænadagsins að enda, þótt hún byrji fyrr. Um hámessutímamann er helgin þó mest, tilsk. 28. marz 1855, 1. og 2. gr., og víðar.

Á sjöviknaföstunni var hjer fyrrum prjedikað í hverri viku einhvern af rúmhelgu dögum út af þínu Krists, og við tilskipun 29. maí 1744, 14. gr., um helgidagahaldið hjer á landi var á þessu gjört fastara fyrirkomulag, en verið hafði, og boðið, að prestarnir eigi mætti eptir vild sinni, eður til hægðarauka fyrir sig, velja þessa daga eður skipta um þá; heldur eiga eptir heuni dagar þessir í hverri sókn að vera ávallt hinir sömu og fastákveðnir, og söfnuðurinn vita þá, nfl. mið-

vikudagarnir í aðalkirkjusóknunum, og eins í annexúsóknunum, ef presturinn og sóknarmenn þar þá geta náð þangað kirkju í tækan tíma; en þar sem menn eiga langt til kirkjunnar, á að þrjeda annaðhvort á laugardaginn fyrir sunnudaginn, sem þar er embættað á, eður mánudaginn næsta eptir. Ákvörðun þeirri, sem gjörð hefir verið um þetta, má eigi breyta, í hið minnsta án sóknarmanna vilja og vitundar. Þessi ákvörðun um messugjörð á rúmhelgum dögum á föstunni er eigi úr lögum numin við tilskipun 28. marz 1855, 16. gr., því að hún snertir ekki helgidagahaldið.

Það var venja hjer og fyrrum um allt land að messa á jólanóttunni, og líka sumstaðar á sumardaginn fyrsta, fyrsta dag í vetri, og heitdaginn eður þriðjudaginn fyrsta í einmánuði; komu menn á heitdeginum saman úr mörgum sóknum á vissan kirkjustað og skutu saman stórfje handa einhverjum efnilegum fátæklingi eður fátæklingum, er mönnum þar kom helst saman um að styrkja og koma í betra veg; þó voru þessir dagar eigi taldir meðal helgra daga. En í tilskipun 29. maí 1744 var bannað að embætta á jólanóttunni og eins á þessum þrem dögum. En bæði er það, að hugsunarháttur manna í þessum efnum er nú orðinn aptur langtum frjálsari, en hann var í Danmörku um miðju fyrri aldar, enda hafa menn nú víða hjer á landi eigi að eins tekið upp hinn fyrra fagra vana, að halda kveld-

söngva í kirkjunum á jólanóttunni, heldur er líka farið að halda þá á aðfangadagskveld nýársdagsins, og samkvæmt þessu mundi það eigi heldur verða átalið, þótt sú fagra venja yrði tekin upp aftur. að menn kæmi saman í kirkjum til guðræknisiðkunar á hinum fyrnefndu þrem dögum, sem eptir tímatali voru og árstímunum eru svo merkilegir og umhugsunarverðir, enda kynni það og að vera vafasamt, hvort áminuzt bann í tilsk. 29. maí 1744 eigi væri nú fallið burtu við tilskipunina 28. marz 1855, 16. gr.

Þar sem presturinn enga annexíu hefir, á hann að embætta hvern helgan dag heima, en þar sem annexíur eru, þá er það orðið að venju frá gamalli tíð, hvað opt þar skuli embætta, í samanburði við það, sem embættað er á heimakirkjunni, og eru því annexíurnar ýmist helmingakirkjur eður þriðjungakirkjur. o. s. frv., eins og fyrr hefir verið sagt, eptir því, hvort þar á að embætta annanhvern eða þriðja hvern helgan dag, o. s. frv.; þetta getur líka verið misjafnt og öðruvísi á vetrum en sumrum, svo að t. a. m. sumar kirkjur eru á *sumrin* helmingakirkjur, en á *veturna* þriðjungakirkjur. Þegar brauðum nú er slengt saman eður kirkjur lagðar til brauðs, er um leið ákveðið, hvað opt skuli embætta á hverri kirkjunni fyrir sig.

Prestarnir virðast engan rjett hafa til þess, er þó sumir gjöra, að telja, hvað opt þeim um árið

beri að messa á hverri kirkju fyrir sig, og prjedi-ka svo á hverri þeirra, þegar þeim sýnist, og eigi heldur, þótt þeir fyrirfram kunngjöri af prjedi-kunarstólum eður á annan hátt, hvenær þar verði messað næsta skipti, heldur verða þeir að vera bundnir við hina föstu reglu, er þeim ber að embætta eptir á hverri kirkjunni fyrir sig, þannig: að þeir messi annanhvern helgan dag á hverri helmingakirkju, þriðja hvern á hverri þriðjunga-kirkju, o. s. frv.; en verði messufall einhvern dag, telst sá dagur eigi, þar eð þá raskaðist hlutfallið millum kirknanna, hvað messað væri opt um árið á hverri kirkjunni fyrir sig. Þegar messufall hefir orðið hjá einhverjum presti, hlýtur hann því að vera skyldur til að koma boðum um það, sem fyrst hann getur, í hinar sóknirnar, svo að menn þar fái að vita það, og ómaki sig eigi til kirkj-unnar árangurslaust. Þau boð verður hann og að gjöra um allar sóknir sínar, ef hann sjer messu-fallið fyrir.

Eptir tilskipun 29. maí 1744, 4. gr., má eng-inn prestur láta verða messufall, nema mesta nauð-syn krefji, einn helgan dag, því síður tvo eða þrjá í röð; skyldi nokkurr vegna ónauðsynlegra ferða-laga eður án þess að hafa fengið fyrirfram eptir lögunum ferðaleyfi, vanrækja söfnuði þá, sem hon-um er trúað fyrir, á að ákæra hann fyrir það, og beri þetta svo optar við, á hann að missa embætti

sitt. Í 6. gr. er og sagt, að þegar prestur fari í kaupstaðarferð, til að kaupa nauðsynjar sínar, og verði hann að vera lengur burtu en 1 sunnudag, þá verði hann að fá næsta prest, til að embætta fyrir sig og gjöra önnur prestsverk. Í *kirkjuordínantsíu* Kristjáns 4. stendur og, að enginn prestur megi ferðast út úr sóknum sínum í önnur biskupsdæmi, án þess að hafa brjeflega leyfi frá prófastinum til þess, og vilji hann ferðast út úr ríkinu, þá skuli hann hafa til þess biskupsleyfi. Eptir þessu virðist, sem það sje saklaust fyrir prest, þótt hann ferðist lítið eitt út úr sóknum sínum leyfislaust, þegar ekkert messufall verður hjá honum. og hann í öðru tilliti ekki vanrækir neitt embætti sitt við það; en ef hann ætlar sjer að ferðast eitthvað lengra, og verða svo lengi í burtu, að fyrir það verði messufall hjá honum, verður það aðalreglan, að hann verður þá að útvega sjer fararleyfi hjá prófastinum, nema ef hann ætlar sjer að ferðast af landi burt, því að þá verður hann að fá biskupsleyfi til þess; þó virðist sem presturinn. þegar hann fer fullra nauðsynja erinda sinna. eigi þurfi að útvega sjer fyrirfram neitt fararleyfi, og það þótt hann kunni að tálmaast svo. að hann verði í burtu lengur en einn sunnudag. Hvenær sem presturinn er lengur í burtu en einn sunnudag, verður hann að fá ein-

hvern prest til að gjöra öll prestsverk fyrir sig á meðan.

21. gr.

Skyldur prestsins áhrærandi sakramentin, 1. skírnina.

Við sakramenti skilja mótmælendur hinar helgu gjörðir, er boðnar eru af Kristi, og sem hafa mildirík áhrif á sálu manna, þegar þær framfara á þann hátt, sem Kristur hefir boðið, og til þessa telja þeir að eins skírnina og kveldmáltíðina. Í katólsku og grísku kirkjunni er þar á móti nokkuð önnur þýðing lögð í þetta orð, og þar eru sakramentin talin 7, *skírn*, *biskupan*, *kveldmáltíð*, *skríptir*, *oleun*, *klerkavígsla* og *hjónabandsvígsla*.

Við *skírnina* eru menn teknir inn í kristilegt samfelag; skírnin er boðin af Kristi, Matt. 28, 19, Mark. 16, 15—16, og á að framfara eins og þar er boðið. Í fyrstu skírðu að eins biskuparnir, en er söfnuðirnir uxu og fjölguðu, tóku prestarnir að gjöra það og djáknar, þegar prestar eigi voru viðláttnir eður viðstaddir; og ef nauðsyn krafði, máttu og leikmenn skíra. Í fyrstu voru að eins fullorðnir skírðir; en áður en þeir yrði skírðir, urðu þeir að fá uppfræðingu í aðalatriðum lærdómsins; þeir, sem höfðu uppfrætt þá, urðu að ábyrgjast, að þeir hefði fengið næga þekkingu, til að geta skírst. Seinna varð barnaskírn almenn, og þeir, sem að börnunum stóðu, skyldaðir til að láta

skíra þau; þeir, sem hjeldu börnunum undir skírn, eða guðfeðginin, voru álitnir skyldir til að annast um, að barnið, þegar það yxi upp, fengi næga þekkingu á lærdóminum; á milli guðfeðginanna og barnsins álitu menn og seinna að framkæmi við skírnina andlegur skyldleiki (*cognatio spiritalis*).

Lög þau, sem gilda um skírnina hjer á landi, eru einkum *Árna* biskups kristinnrjettur, *kirkjuordínantsía* Kristjáns 4. og tilsk. 3. júní 1746 um húsagann, 2. gr., tilsk. frá 7. maí 1783. Við þessa seinustu tilsk. mega hjer og álitast lögleidd að nokkru leyti boðorð *kirkjurítuálsins* frá 1685 um skírnina.

Eptir tilsk. frá 1746 um húsagann, 2. gr., á að skíra hvert barn innan 8. dags eptir fæðingu þess; í reglunni á að fara með barnið í kirkjuna, og þar á það að skírast af sóknarprestinum upp úr skírnarfontinum; en ef barnið er lasið og ófærð og óveður er, svo að ekki verði komizt með það til kirkju, án skaða fyrir heilbrigði þess, á undir eins að sækja sóknarprestinn, til að skíra það heima. Þótt hjer sje sagt, að þá eigi undir eins að sækja prestinn, er svona stendur á, virðist þó sem menn eptir anda tilskipunarinnar eigi þurfi að flýta sjer meira að því, en svo, að barnið verði skirt innan 8. dags. Í Reykjavík og víðar, þar sem presturinn ætíð er við höndina, er orðin venja að draga að skíra börnin, ef þau eru

heilbrigð, nokkrar vikur og jafnvel nokkra mánuði, og hefir eigi verið að því fundið. enda hefir og enn aldrei neitt illt af því hlotið. Það kallast *heimaskírn*, þegar barnið ekki er skírt í kirkju, og er lögð hegning við, ef frelsi þetta er af nokkrum notað að nauðsynjalausu.

Þegar barnið er skírt í kirkju, segir tilskipunin enn fremur, að 3 menn eigi að halda því undir skírn, er kallast *guðfeðgin* barnsins; eiga guðfeðginin að vera tveir karlmenn og einn kvennmaður, sem sje guðhræddir og vandaðir menn, er menn geti vænt þess af, að láti sjer vera annt um, að barnið uppalist og uppfræðist í þekkingu á guði og góðum síðum, ef vandamenn þess ekki geta sjeð um það. Eptir *kirkjurítúalnum* mega guðfeðginin ekki vera fleiri en 5. Það er auðsætt, að þau verða að vera lúterskrar trúar, þar eð skylt er að ala barnið upp í þeirri trú. Þótt í tilskipuninni sje að eins talað um guðfeðgin, þegar barnið sje skírt í kirkjunni, eiga þau þó eins að viðhafast, ef auðið er, þegar barnið er skírt heima; þetta leiddi beinlínis af hinni eldri löggjöf, og er og boðið í *kirkjurítúalnum*.

Ef barnið liggur fyrir dauðanum, svo að tvísýni sje á, hvort það muni lifa, meðan það sje skírt á vanalegan hátt, á að skíra það *skemmri skírn*; ef eigi næst þá í sóknarprestinn, en þó annan prestvígðan mann, á sá að skíra barnið; en sje enginn prestvígður maður viðstaddur, þá á einhverr vand-

aður karlmaður að gjöra það, og ef enginn slíkur karlmaður er til, þá faðirinn eður og yfirsetukonan; og sje engan af þessum að fá, þá einhver ráðvandur kvennmaður, sem viðstaddur er. Sá, sem skírir barnið skemmri skírn, á að ausa það þrisvar vatni, og um leið nefna nafn barnsins og mæla þessi orð: „eg skiri þig í nafni föður, sonar og anda heilags“, og lesa svo „faðir vor“ á eptir. Eptir kristnarjetti Árna biskups átti hverr maður, er var orðinn 7 vetra gamall, að kunna að skíra skemmri skírn. Hið fyrsta, sem viðkomið verður, á að láta prestinn vita af því, að barnið hafi verið skírt skemmri skíru, og ef barnið eigi undir eins deyr á eptir, á hann að fullvissa sig um, hvort það muni rjettilega hafa verið skírt; og á líti hann, að eigi hafi verið svo, eður finni hann vafa á því, á hann að skíra það, en annars ekki. Að láta barn deyja óskírt, en hafa þó getað látið skíra það, verður að vera ábyrgðarhluti.

Í *kirkjurítúalnum* og *kirkjuordínantsíu* Kr. 4. er boðið, að öll heimaskírn skuli staðfestast, eður henni skuli lýst verða á eptir í kirkjunni af sóknarprestinum, og skuli þá koma með barnið til kirkjunnar; en þetta var eigi boðið í tilskipuninni frá 1746, 2. gr., og hefir eigi orðið að stöðugri venju hjer á landi.

Eptir hverjum reglum skírnin skuli framfara, er tilgreint í *kirkjurítúalnum* og tilsk. 7. maí

1783, er aftók særinguna; sjá og prestahandbókina.

Presturinn á að rita undir eins í kirkjubókina, hvaða ár og dag hvert barn, er fæðist í sóknunum hans, sje skírt, og tilgreina þar nöfn foreldraanna, barnsins og guðfæðginanna, og þar af leiðir líka, að þegar barnið er óskilgetið, verður hann að fá að vita, hverjum móðirin kenni barnið (kirkjurít.).

Þótt boðið sje, að börn skuli skíra í kirkju, er við verður komið, má þetta með engu móti skiljast svo, sem boðið sje með því, að skírnin skuli þar framfara, þegar embættað sje. Að vísu kynni að virðast svo, sem orð kirkjurítuálsins helzt lyti að þessu; en þetta hafa menn aldrei álitnið neina skyldu hjer á landi, og lög þau, sem sjer-skilt hafa verið gefin fyrir landið, hafa eigi ætlazt til þess. Kristinnrjettur Árna biskups bauð, að skírnin skyldi framfara í kirkjunni, ef yrði, en þó um leið, að barnið mætti eigi lengur vera óskírt, en 5 nætur; hann gat því eigi ætlazt til, að ávallt yrði embættað í kirkjunni um leið og barn yrði skírt þar; þar segir og með berum orðum, að á hverjum degi, sem þurfi, megi barn skíra, jafnvel jóladag og páskadag. Í tilskipuninni 1746 var endurnýjað boðorðið um, að börn skyldi skíra í kirkjunni, ef yrði, en tíminn lengdur, sem þau mætti vera óskírd á, til 8. dags. En þessi lenging á tímanum hefði verið langtum of stutt, ef

tilskipunin hefði ætlast til, að biða skyldi með skírnina, unz næst yrði þar í sókn embættað, þar eð í fæstum sóknum er hjer á landi embættað á hverjum sunnudegi. En ef skirt er á helgum degi í messu, verða menn að fylgja *kirkjurítuálsins* boðum í því, hvenær skírnin þá skuli framfara. Þar er að visu gjörður munur á, hvort barnið sje skilgetið eður það sje óskilgetið eður fætt í hórdómi; en með því að allur slíkur mismunur, er kastað geti nokkrum bletti á mann, þótt hann eigi sje skilgetinn, við hina yngri lög-gjöf er burtnuminn, má nú fylgja við skírn allra barna yfir höfuð þeirri reglu, sem þar er gefin um skírn skilgetinna barna, þ. e., að skírnin skuli framfara eptir prjedikunina.

Um skírn fulltíða manna hljóðar *rituáallinn*, kap. II. art. 4; sá, sem þá skirist, verður fyrst að hafa útvegað sjer næga þekkingu á kristindóminum, og opinberlega hafa verið reyndur í honum.

22. gr.

2. Um kveldmáltíðina.

Smámsaman, eptir því sem klerkavaldið óx, komst sú venja á, að þeir, sem eitthvað höfðu orðið brotlægir, urðu, til þess að fá fyrirgefningu synda sinna, og til þess að geta orðið teknir aptur í sátt við kirkjuna, að játa syndir sínar opinberlega og íðrast þeirra fyrir biskupinum, er þá ákvað, að þeir skyldi leggja á sig eitthvað hart,

er hann nákvæmar tiltók, sjer til bóta. Með tímanum var farið að leggja vissar bætur við vissum glæpum, og bækur skráðar, er ákváðu þetta nákvæmlega (skriptabækur). Seinna þurftu menn þó ekki að standa opinberar skriptir, nema fyrir stórglæpi; en fyrir smáyrfsjónir gátu menn skriptast í einrúmi fyrir prestinum, er þá tiltók, hverja bót menn skyldi gjöra; presturinn mátti engum segja frá því aptur, sem honum var sagt af þeim, sem skriptuðust. Engin skylda var það fyrir menn lengi frameptir, að skriptast í einrúmi fyrir prestinum, heldur var hvern látinn í því sjálfráður; en á 4. lateranska kirkjufundinum 1215 var öllum gjört að skyldu að ganga til skripta, að minnsta kosti einu sinni á hverju ári.

Snemma nokkuð höfðu menn tekið upp á því, að lofa þeim, sem skriptaðist, að afplána syndir sínar með einhverjum *góðverkum*, í staðinn fyrir að leggja á þá kárínur eður hardindi; slík góðverk voru þá optast fólgin í því, að leggja fje til klaustra, kirkna, fátækra eður annara guðspakka. Slík *aflát* veittust og stundum við ýms hátiðleg tækifæri, og seinast var farið að *verzla* með *afláti* eður *aflátssedlana*. *Lúter* hjelt skriptamálunum, bæði hinum opinberu sem kirkjuaga og eins hinum leynilegu sem undirbúning undir kveldmáltíðina.

Tilsk. frá 27. maí 1746 hljóðar um skriptastólinn og altarisgöngu hjer á landi. Þar er á-

kvarðað, að þeir, sem ætla að vera til altaris, eigi nokkru áður að láta prestinn vita það, ef hann skyldi álíta það nauðsynlegt, að tala við einn eður annan af þeim áður í einrúmi; ef nokkurr lætur þetta vera, má presturinn vísa honum burt frá skriptunum eður úr skriptastólnum. Presturinn verður að gæta þess, að hann ekki taki nokkurn þann til altaris, sem *annaðhvort* eptir lögnum ekki má vera til altaris, eður sem *hann* að minnsta kosti ekki má taka til altaris. Eptir *kirkjuordínantsíu* Kristjáns 4. máttu ekki vera til altaris:

1. *Þeir*, sem höfðu verið bannsettir, og ekki verið leystir úr banni.

2. *Vitstolamenn* og *óvitabörn*.

3. *Þeir*, sem hanga við einhverja opinbera trúarvillu, og ekki vilja láta af henni.

4. *Þeir*, sem þverúðarfullt lifa í einhverjum opinberum löstum, einkum guðníðingar; — og átti ávallt tvisvar á ári, pálmásunnudag og 4. sunnudag í jólaföstu, að lýsa því yfir, hverjir ekki mætti vera til altaris.

Eptir DL. 2—5—27 (NL. 2—5—26) máttu:

5. *Þeir*, sem í heilt ár höfðu haldið sjer frá altarissakramenti, ekki heldur vera til altaris, fyrr en þeir höfðu staðið opinberar skriptir; en við konungsbrjef til biskupanna í Danmörku og Norgei. 18. júní 1790 var ákveðið, að þegar einhverr ekki af fyrirlitningu eður skeytingarleysi, heldur

af breyskleika, gleymsku eður einhverri annari fyrirgefánlegri ástæðu, hefði of lengi haldið sjer frá altarisins sakramenti, mætti taka hann til altaris, án þess hann stæði opinberar skriptir, ef hann óskaði þess, og yrði álitinn að vera vel undir það búinn; þó skyldi presturinn áður, til þess að slíkir menn ekki væri með öllu kærutausir í þessu, í einrúmi og einungis í meðhjálparanna nærveru gjöra honum tilhlýðilega áminningu, eptir því sem ástæði.

Að því er þá snertir, er nefndir eru undir tölul. 1., þá er bannsetning úr lögum numin við kgs.br. 26. júní 1782 til stiptamtmannsins og biskupanna hjer á landi, og að því, er þá undir 2. tölul. áhrærir, má nú enginn vera til altaris, nema búið sje að ferma hann (tilsk. 13. janúar 1736, kgs.brjef 9. júní 1741, 7. gr., tilsk. 27. maí 1746, 1. gr.); þó má presturinn taka barn til altaris, þótt ófermt sje, ef það liggur mjög þungt, og það óskar þess, og presturinn álitur það vel uppfrætt í kristindóminum; þetta leiðir af sjálfu sjer, því að fermingin er boðin í guðrækilegra tilgangi en svo, að löggjafinn með henni hafi viljað meina nokkrum deyjanda manni að vera til guðsborðs, áður hann dæi, er að öðru leyti væri vel undir það búinn; þetta er og leyft í tilsk. 25. maí 1759 fyrir Danmörku.

Vegna þessa verður presturinn, þegar einhverr er nýlega kominn inn í prestakallið, að láta hann

sýna sjer *fermingarseðil* sinn eður *prestssæðil*, svo að hann sjái, hvort hann sje fermdur eða hafi áður verið til altaris; *fermingarseðil* á hverr prestur að gefa kauplaust, annaðhvort undir eins og barnið er fermt, eður síðar, þegar það biður um hann; sjá tilsk. 27. maí 1746, 2. gr.

Um þess konar menn, sem nefndir eru undir tölulið 3, hefir áður verið talað; og að því, er áhrærir þá undir 4. tölulið, þá virðist sem prestar ekki eigi upp á eindæmi sitt að neita neinum um altarisins sakramenti í hegningarskyni fyrir illan lífnad þeirra, nema þeir áður hafi ráðfært sig um það við prófast sinn eður biskupinn, er sjaldan munu finna það ráðlegt; þetta er samkvæmt kgs.brjefi 22. maí 1744, og tveim kansellibrjefum 6. ágúst og 8. október 1791, er að visu samt öll snerta Danmörku, og almennri skoðun manna nú í þessum efnun, sem mjög er mild orðin.

Enginn prestur má taka nokkurn til altaris, nema þá, sem eiga heima í sóknum hans; þó eru hjer frá nú undanteknir þeir, er fengið hafa sjer kjörprest, sjá lög 12. maí 1882, og flækingar, sem liðið er að flakka og ekkert heimili hafa, en þeir eiga að hafa vitnisburð frá presti þeim, er þeir seinast voru til altaris fyrir, um þekking þeirra og breyttni; sjá tilskipunina 1746, 3. og 5. gr.

Þótt ekki vilji vera fleiri en 3 til altaris einn helgan dag, verður presturinn að taka við þeim,

tilsk. 1746, 7. gr.; að vísu er boðið í tilsk. 13. janúar 1736, 5. gr., um barnaferminguna, sem hjer er gjörð gildandi við kgs.brjef 9. júní 1741, 7. gr., að á þeim dögum, sem börn eru fermd, megi enginn vera til altaris; en það virðist mjög efasamt, hvort slíkt bann í almennu lagaboði getur gilt hjer nú, þar eð tilskipunin 1746, sem er yngri, og að eins gefin fyrir þetta land, gefur hitt boð sitt með öllu undantekningarlaust, og þar að auki býður prestunum að áminna menn um að binda ekki altarisgöngur sínar við vissa daga, heldur vera til altaris, þegar sálarástand þeirra krefji, og þegar þá hungri og þyrsti eptir guðs gæðum, er hæglega getur verið þá daga, sem börn eru fermd.

Í þeim sóknum, sem ekki eru mjög mannmargar, mega ekki fleiri en einn í senn takast inn í skriptastólinn; þeir, sem vilja vera til altaris, verða því að koma nógu snemma til kirkjunnar, 6. gr. Að vísu er það nú orðin venja, þótt sóknin sje ekki mannmörg, að presturinn skriptar í einu öllum þeim, sem til altaris vilja vera; en skyldi nokkurr vilja láta skripta sjer einum, hlýtur það að vera skylda prestsins að gjöra það.

Menn skriptast í kirkjunni og þar neyta menn kveldmáltíðarinnar, nema fangar og þeir, sem ekki komast í kirkju sökum veikinda eða elli, og þeir, sem hafa mjög hryllilega veiki eða lík-

amalýti, er eigi verða dulin. Þegar einhverr þannig er tekinn til altaris eður þjónustaður í heimahúsum, hefir kansellíð álitíð 24. desember 1785, sem og virðist mjög eðlilegt, að náungar þess, sem þjónustaður er, og aðrir viðstaddir, megi um leið vera til altaris með honum.

Skriptagangurinn framfer fyrir messu, og þeir, sem þá skriptast, eru til altaris sama daginn í messunni; sjá annars hjer um nákvæmar messusöngsbókina og handbók presta.

Í DL. 2—5—20 og NL. 2—5—19 er prestunum bannað, og embættissmissir viðlagður, ef þeir út af brjóta, að segja frá því, sem einhverr í einrúmi í skriptastólnum segir þeim, nema það áhræri einhver svik (Forræderie) eður ógæfu, sem afstýrt verði við uppljóstur prestsins, og eiga þeir, ef auðið er, að þegja yfir nafni þess, sem hefir sagt þeim það. Þetta lagaboð er samkvæmt hinum eldra rjetti hjer, og má vist álitast hjer gildanda. Það getur nú enginn vafi verið á því, að presturinn er eins skyldur að þegja yfir því, þótt hann í skriptastólnum heyri, að einhverr hafi gjört sig sekan í hverjum helzt svikum sem eru, og í öðrum glæpum, nema því að eins, að svikunum megi afstýra. Sje því svikin eða ógæfan um garð gengin eður þótt það sje eigi, en þeim samt eigi verði afstýrt, á presturinn að þegja yfir þeim; en sje þau ókomin og verði afstýrt, á hann að ljóstra þeim upp, á þann hátt, sem

nefndur er. Ef presturinn heyrir, að einhverr saklauss er hafður fyrir rangri sök, og að honum sje lætta búin af því, á hann því að segja til þess, svo að afstýrt verði þeirri ógæfu, að saklausum verði hegnt.

Þegar einhverjir ætla að vera til altaris, á presturinn að biðja af þjedikunarstólnum fyrir þeim öllum yfir höfuð, en ekki fyrir nokkrum þeirra sjer í lagi, og því síður nafngreina nokkurn (tilsk. 8. gr.).

Áður en presturinn úthlutar brauðinu og víninu, á hann að helga það; hann á því, ef meira skyldi þurfa, en sem hann með fyrstu helgaði, í hvert skipti að taka upp aptur helgunarorðin, eður þá helga svo mikið í einu, sem nægir fyrir alla þá, sem eptir eru. Yfir höfuð á presturinn að gæta þess, að úthluta engum óhelgað brauð eður vín, því að gjöri hann það, missir hann embætti sitt (tilsk. 11. gr.).

Ef presturinn úthlutar víninu á undan brauðinu, á hann að missa embættið, ef hann að öðru leyti hefir illt orð á sjer fyrir lífnað sinn, eður hafi hann gjört það í drykkjuskap; en sje það hvorugt, á að eins að sekta liann fyrir vangána. Stafi þessi yfirsjón hans af veikindum, má hann samt fyrir því halda embættinu, en verður þá að taka sjer aðstodarprest, og má úr því aldrei sjálfur fara fyrir altarið. (DL. 2—11—11).

Prestinum ber að gæta þess, að allt fari fram

með þvílíkri verðung, sem svo háleitri gjörð hæfir; ef hann vanrækir slíkt, og lætur t. a. m. patínuna eður kaleikinn vera óhreinan, sektast hann fyrir það.

Meðal pápískra manna úthluta prestarnir sjer sjálfir altarissakramentinu; en þetta er prestum bannað í ritúalnum, og þótt þeir liggi sjúkir, ef þeir geta fengið annan prest. Eptir siðaskiptin munu og varla dæmi finnast til þess hjer á landi, að prestar hafi úthlutað sjálfum sjer sakramentinu.

Eptir skoðun mótmælenda á sakramentunum virðist eigi heldur geta verið neitt verulegt móti því, að ráðsettur leikmaður úthluti sakramentinu deyjanda manni, ef hann fyrir hvern mun óskaði þess og væri með fullri rænu, og alls engin fóng væri að ná í prest.

Sjá nákvæmar hjer um messusöngsbókina og handbók presta.

23. gr.

Um barnafermingu.

Þegar það var orðið að almennri tízku í kristninni að skíra börn, lagðist niður að helga þann, sem skírður var, um leið með handa álagningu; það geymdu menn, unz hann var orðinn eldri. Staðfesting þessi á skírninni varð síðan álitin sem sakramenti. Hjá pápískum eru börnin staðfest 7 til 12 vetra; gjörir biskupinn það með

handaálagningu, *oleun* (crisma) og heilags anda ákalli; og af því æð biskupinn gjörir það, var það hjá oss kallað *biskupun*. Henni þarf ekki að vera samfara nein undanfarin uppfræðing í trúarbrögðunum nje opinbert próf í þeim.

Að fermingin sje sakramenti neita mótmælendur, og lagðist hún því niður hjá þeim; en í flestum löndum þeirra er þó barnaferming aptur upptekin, en á allt annan hátt, og þannig að barnið, þegar það hefir fengið nokkurn veginn þekkingu á kristindóminum, og er búið að ná nokkrum aldri, er sjálft látið endurnýja það loforð, er aðrir gjörðu fyrir þess hönd við skírnina, og er barninn þá fyrst þar eptir leyft að fara að vera til altaris.

Fermingin var almennt lögleidd í Danmörku með tilsk. 13. janúar 1736; og hjer á landi var tilskipun þessi lögleidd með kgs.brjefi 9. júní 1741, 7. gr. Seinna kom og út sjerstakt kgs.brjef fyrir Ísland um ferminguna 29. maí 1744 og fyrir Danmörku og Noreg tilsk. 25. maí 1759, er meðal annars hljóðaði um, hvað börn skyldi vera gömul, áður en mætti ferma þau. Þessa tilskipun sendi kansellið hingað með brjefi 25. maí 1781 til eptirbreytni mönnum hjer á landi, því að menn höfðu eigi áður álitid hana hjer gildandi og það með öllum rjetti, því að tilskipun þessi ber það ljóslega með sjer, einkum er hún er borin saman

við áminnt kgs.brjef 1744, að löggjafinn ekki hefir gefið eður ætlað hana fyrir Ísland, og laga-gildi gat hún ekki fengið fyrir það, þótt kansellið sendi hana hingað til eptirbreytni, enda hafa og til skamms tíma sumir hinir helztu prestar, þótt þeir hafi verið hinir mestu reglumenn í embætti sínu, eigi álitid sig neitt nákvæmlega bundna við hana.

Við tilskipun 23. marz 1827 var þó aptur biskupinum í Danmörku leyft að veita nokkrar undantekningar frá tilskipun 1736 og 1759, og með kgs.brjefi 14. nóvember 1832 var þetta leyfi og veitt biskupinum hjer á landi — er sótt hafði um, að sjer mætti verða veitt líkt vald — að því leyti þvílíkar undantekningar gæti átt sjer hjer stað, eptir því, hvernig hjer hagar til. Annars er búid að milda í Danmörku tilskipun þessa frá 1759, sem sýnist óþarflega hörð, með nýjum lögum.

Barnafermingin hjer á landi á ætid að framfara *sunnudaginn næsta fyrir Urbanusmessu* (sem jafnan ber upp á 25. dag maímánaðar), en þar sem sóknirnar eru stórar, má hún og framfara *sunnudaginn næsta fyrir Mikjálsmessu* (eður 29. dag septembermánaðar); sjá kgs.brjef 1744, 1. gr. Ef menn ekki komast þá til kirkju sökum illviðra eður vatnavaxta, á barnafermingin að framfara *næsta sunnudag eptir*, 2. gr. Hafi presturinn eina eða fleiri *annexiur*, á hann að ferma börnin

í þeim sóknum næstu sunnudaga þar eptir við þeirra kirkjur, 3. gr. Að vísu er að ráða af orðum konungsbrjefsins, sem presturinn og megi safna börnunum úr sóknunum saman, og ferma þau við einhverja eina kirkjuna öll í senn; en það álitur þó hitt auðsjáanlega betra, bæði fyrir sóknarfólkið sjálft og eins fyrir börnin, að þau sje fermd hvert við sína kirkju; og frá þessari reglu ætti því prestarnir ekki að víkja að nauðsynjalausu.

Þrátt fyrir áminnt boð í kgs.brjefi 29. maí 1744 að ferma eigi nema á dögum þeim, er þar eru tilteknir, nema biskup leyfi annað, er hann eptir kgs.brjefi 14. nóvember 1832 stundum má gjöra, ferma þó prestarnir nú venjulegast um hvítasunnuleytið, annaðhvort rjett á undan henni eður eptir hana, án þess að sækja um biskups leyfi til þess, er og opt og tíðum yrði ógjörningur að nálgast úr flestum sveitum landsins, og eins binda þeir sig eigi heldur við hinn tiltekna dag, þegar þeir ferma á haustin, heldur ferma, er þeim þykir hentugast. Að þessi venja hefir verið látin óátalin, kemur án efa til af því, að prestarnir í þessu hafa með öllu hagað sjer eptir óskum og þörfum safnaða sinna, er opt ef til vill, eigi leyfa að fermt sje á hinum lögboðnu dögum.

Þegar eitthvert barn hefir fatlazt af einhverri-

um ástæðum, er hvorki það, nje þeir, sem að því hafa staðið, hafa getað ráðið við, t. a. m. veikindum eður vatnavöxtum, svo að það eigi hefir orðið fermt með hinum börnunum, hafa prestar stundum, hið fyrsta er hefir orðið viðkomið, fermt barnið eitt sjer á eptir án biskups leyfis, er víða eigi heldur hefði náðst fyrr en löngu seinna; en um þetta virðist samt sem prestar að minnsta kosti ætti undir eins að skrifa biskupi á eptir og segja honum greinilega frá öllum atvikum, því að prestum ætti engan veginn að líðast að ferma börn svona sjerstök upp á eindæmi sitt eitt, án itrustu nauðsynja; mun og opt mega láta barnið því að skaðlausu bíða þangað til þar næst verður fermt. Það ætti og alls eigi að líða prestum, er og fæstir þeirra munu leyfa sjer, að hafa optar um árið almennar barnafermingar, en lög leyfa.

Eptir tilsk. 13. janúar 1736, 9. gr., á presturinn að láta söfnuðinn vita 8 dögum áður, hvenær ferma eigi. Fermingin á að framfara í kirkjunni; þó má biskupinn leyfa, að krypplinga, mjög veik börn, og þau, sem hafa viðbjóðsleg líkamalýti, megi ferma heima, kgs.brjef 14. nóvember 1832. Það er auðvitað, að vottar verða að vera við, kgs.brjef 22. júní 1792.

Af tilskipun 13. janúar 1736, 12. gr., og kgs.brjefi 29. maí 1744 sjest, að enginn prestur mátti ferma börn úr öðru prestakalli, eður þau börn, er eigi höfðu fast heimili í sóknum hans, en

um þetta er nú nokkuð losað við lög 12. maí 1882.

Hvernig fermingin eigi að framfara, er greint í tilsk. 13. janúar 1736, og prestahandbókinni.

Í konungsbrjefinu 1744, 4. gr., er talað um það sem óvana, að prestarnir fermi börn 9, 10, 11 eða 12 vetra gömul og taki þau til altaris á þeim aldri; og er þar því boðið, að börn skuli í hið minnsta hafa náð þeim aldri, áður en þau sje tekin til fermingar, að sjá megj, að þau beri gott skynbragð á svo háleitt og mikilvægt málefni.

Prestar ætti því eigi að leyfa sjer, að ferma nokkurt barn fyrri, en það er orðið að minnsta kosti 13 vetra gamalt, og komið á 14. árið, en þá virðist og sem þeir megj gjöra það, ef barnið hefir fengið næga þekkingu, og siðferði þess er gott, einkum mæli og aðrar ástæður fyrir því.

Auk þess að barnið, eins og nú var sagt, á að vera búið að fá nægan aldur, á það að hafa fengið sanna og lifandi þekkingu á aðalatriðum trúarbragðanna, og í þessu skyni er boðið, að börn skuli læra *fræðin* (Lúters minna katekismus), sjá tilsk. 13. janúar 1736, optnefnt kgs.brjef 1744, 4. gr., tilsk. s. d. um barnaspurningar, 3. gr. o. fl.

Lika eiga börn að læra eitthvert af barnalærdómskverum þeim, er stjórnin álitur, að þar til sje vel fallin.

Það er og boðið í lögum 9. janúar 1880, að

prestar skuli sjá um, að öll börn, sem til þess sje hæf, að álitu prests og meðhjálpara, læri að skrifa og reikna; í reikningi eiga þau að læra samlagning, frádráging, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum. Presturinn á árlega að rita í húsvitjunarbókina álit sitt um kunnáttu hvers barns í skript og reikningi, sem og um hæfileikleik þess til bóknáms, og á prófastur á skoðunarferðum sínum að hafa nákvæmt eptirlit með, að slíkt sje gjört. Komist prestur að rann um, að unglingar á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðingar í þessu tiliti, annaðhvort fyrir hirduleysi eður mótþróa húsbænda, ber honum í sameining við hreppsnefndina eður bæjarstjórnina að gjöra ráðstöfun til, að þeim verði komið annarstaðar fyrir, þar sem þeir geti fengið næga tilsögn. Kostnaðinn, sem leiðir af þessu eiga foreldrar eður þeir, er uppfósturskyldan hvílir á, að lúka, en borgunina má greiða fyrirfram úr sveitarsjóði; kostnaðinn má taka lög-taki. Fyrir börn, sem eru á sveit, á að borga kostnaðinn úr sveitarsjóði. Þetta verður og að gilda af hverjum ástæðum sem það er, að unglingar eigi fá næga tilsögn í reikningi og skript á einhverju heimili.

Það var og fyrrum bannað í konungsbrjefi 2. júlí 1790, að prestar fermdi nokkurt barn, án leyfis biskups, sem ekki kynni að lesa á bók; samkvæmt því virðist enginn prestur nú mega

ferma án biskups leyfis nokkurt barn, sem eigi kann tilhlýðilega að skrifa og reikna.

Það er og boðið í tilskipun 26. febrúar 1872, að foreldrar heyrnar- og mállausra barna, og aðrir, sem ber að sjá um uppfóstur þeirra, skuli vera skyldugir til að sjá um, að slíkum börnum, þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms, verði komið til kennslu þeirrar fyrir heyrnar- og málleysingja, sem stofnuð er hjer á landi, og stíptsyfirvöldin hafa umsjón með, eins og með þarf, eður á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, nema þeir sanni, að sjeð verði um kennslu þessara barna á annan hátt, sem stíptsyfirvöldin álíta nægilega trygging. Ef sjerstakar ástæður mæla með því, er stíptsyfirvöldunum heimilt, að gjöra undantekningu frá reglunni um aldur barna þessara, er þeim skuli komið til kennslu.

Það virðist í alla staði hið eðlilegasta, og af mörgum ástæðum nauðsynlegt hjer á landi, að hin lögboðna uppræðing barnanna væri á enda og þau orðin fermd, þegar þau eru orðin 16 vetra gömul, eður þegar þau komast af ómagaaldri, og hafa náð þeim þroska, að þau að lögum eiga sjálf að fara að sjá um sig og ráða verustað sínum; það er og boðið í kgs.brjefi 2. júlí 1790, að börn yfir höfuð eigi að vera búin að læra kristindóminn, þegar þau sje 14 vetra gömul. Þegar því eitt-hvert barn er orðið 14 ára gamalt og þá er eigi

búið að læra kristindóminn, nje að lesa, skrifa og reikna svo vel, að það sje orðið fermingarfært, og presturinn álíti, að þetta sje að kenna hirðuleysi þeirra, sem barnið er hjá, hlýtur hann eptir áminnztu lagaboði hlífðarlaust að láta taka barnið frá þeim og koma því þar fyrir, sem það læri betur, á þeirra kostnað, er hafa vanrækt kennsluna, svo að barnið fyrir hirðuleysi eigi verði lengi úr því ófermt.

Í tilskipun 13. janúar 1736 er boðið, að presturinn eigi að minnsta kosti hálfu ári áður, en hann fermi börnin, að láta þau koma heim til sín tvisvar í viku, til að fræða þau þar. Eptir því, sem hjer hagar til á landi, verður í fæstum stöðum slíku komið við; en það verður þó að vera skylda presta hjer að fara gegnum fræðin og barnalærdóminn með börnum þeim, er þeir ætla sjer að ferma, nokkru áður, bæði til að vita, hvort þau kunni nógu vel, og eins til að útskýra það fyrir þeim, er þau hafa lært. Flestir prestar fara og yfir kverið með börnunum, þegar út á fer að liða, tvisvar sinnum, áður en þeir ferma þau, og láta börnin í heimasókninni koma til sín, að minnsta kosti einu sinni í viku, en safna börnunum saman í annexúsókninni eður sóknunum á einhvern tiltekinn bæ, og hlýða þeim þar yfir daginn áður eður daginn eptir að þeir embætta þar; eður, ef þetta er sjaldan, tekur presturinn sum af börnunum heim til sín, og sumum er komið fyrir

á næstu bæjum við prestinn eður í grennd við hann.

Þegar búið er að ferma börnin, eru þau venjulega næsta sunnudag eptir, sem embættad er í sókninni, til altaris.

24. gr.

Um barnaspurningar.

Um barnaspurningar hljóðar tilsk. 29. maí 1744; í henni er boðið, að prestarnir skuli á hverjum sunnudegi, þegar þeir messa, og ef þeir engin lögleg forföll hafa, segja börnunum til, og hlýða þeim yfir *fræðin* og *barnalærdóminn*, tilsk. 4. gr. Presturinn á að spyrja börnin á kirkjugólfinu eptir þjedikunina, eður þegar guðsþjónustugjörðin er úti, tilsk. 4. gr. Enginn af söfninum má að nauðsynjalausum fara út úr kirkjunni, meðan presturinn er að spyrja, og má því á meðan loka kirkjunni; þeir, sem móti brjóta, sektast sem fyrir helgidagsbrot. Foreldrar og húsbændur eiga að bjóða börnum sínum og hjúum að koma og vera við, meðan verið er að spyrja, og halda þeim til þess, nema nauðsyn banni; þeir, sem eru hirðulausir í þessu, og ekki skeyta áminningum prestsins um það, eiga að sektast sem fyrir helgidagsbrot, 9. gr. Það virðist margt lúta að því, að hjer sje að eins með hjúum meint til *barna* þeirra, sem ekki eru hjá foreldrum sínum, heldur í vist hjá öðrum, og hjer sje að eins verið að

tala um skyldu allra þeirra, sem börn eru hjá, að halda þeim til, að láta spyrja sig. Það virðist og sem presturinn ekki geti skyldað *húsbændurna* undir sektir til, að halda *öðrum börnum*, sem hjá þeim eru, til að láta spyrja sig á kirkjugólfinu, en þeim, sem eru á ómagaaldri, og þeim, sem ekki ekki er búð að ferma, þótt af honum sje komin.

Auk þessa má presturinn spyrja börnin og tilheyrendurna út úr þjedikuninni, til þess að venja börnin og tilheyrendurna á að taka eptir henni.

Prestinum er cinnig leyft að spyrja tilheyr-
endur sína, þegar þeir koma í skriptastólinn, einkum þá, sem nýkomnir eru í sóknir hans, hvort heldur þeir hafa flutt sig þangað búferlum eða vistferlum, og komast eptir þekkingu þeirra í guðsorði. Samkvæmt þessu virðist hverr vera skyldur að lofa sóknarpresti sínum, að spyrja sig í einrúmi, og grennslast þar eptir sálarástandi sínu, einkum er hann ætlar að vera til altaris, en sóknarpresturinn verður þá og að vera jafn-
skyldur að þegja yfir því, er hann segir honum þar, sem hann hefði sagt honum það í skripta-
stólnum.

Ef presturinn vanrækir að spyrja börnin, á hann að sæta sektum fyrir það, og hafi hann tvisvar verið séktaður, á að afsetja hann í þriðja skipti, sem hann verður sannur að því; sjá opið

brjef 22. apríl 1636 og kgs.brjef 29. maí 1744,
1. gr.

Til þess að allt þetta og annað í kirkjunni geti því betur farið fram, á presturinn, þar sem sóknirnar eru litlar, að kjósa sjer tvo meðhjálpara, en, þar sem þær eru stórar, 4, er eiga að styrkja hann í því, að allt fari þar fram með reglu; meðhjálpara þessa má presturinn sjálfur kjósa sjer með vitund prófastsins; eiga þar til að kjósast hinir beztu og skynsömustu bændur í sókn hverri, og má enginn skorast undan því, að vera meðhjálpari, 13. gr.

Þrátt fyrir öll þessi boðorð, er það þó óviða venja, að prestarnir spyrji börnin nema á sjö vikna föstunni, eður lengur en svo, að þeir einu sinni komist út kverið með þeim, áður en fermt verður, eins og fæstir prestar kjósa sjer nema einn meðhjálpara í hverri kirkjusókn, og án þess að láta prófastinn nokkuð vita um það.

25. gr.

Um húsvitjanir.

Í tilsk. frá 27. maí 1746, er hljóðar um húsvitjanir presta, er þeim boðið að fara í húsvitjun, að minnsta kosti tvisvar á ári, og optar þar sem sóknirnar eru litlar, eður engin annexía er; eiga þeir þá í hvert skipti að koma á hvern bæ eður býli í sóknunum 1. gr. Presturinn er sjálfráður, hvenær hann vill fara í húsvitjan; þó á hann að

stuðla svo til, að það sje um þær mundir, þegar sóknarmönnum er hagkvæmast, og þegar sem flestir eru heima, 2. gr. Presturinn á nokkru fyrirfram, að minnsta kosti sunnudaginn áður, að láta söfnuðinn vita, á hverjum bæjum hann ætli að húsvitja í vikunni, og áminna menn þar um leið, að vera þá heima. Þeir, sem þrátt fyrir þessa aðvörun prestsins þá ferðast í burt heiman að, án þess brýnustu nauðsyn beri til, eður á annan hátt ekki vilja gegna prestinum í þessu, eiga að sæta sektum fyrir það. Foreldrarir eður hús-bændurnir eiga að ábyrgjast, að börnin sje viðstödd. Ekki að eins allir þeir, sem á bænum eru heimilisfastir, eiga að vera heima, þegar presturinn kemur, heldur líka þeir, sem þar um þær mundir hafa aðsetur sitt, þótt þeir eigi heimili annarsstaðar, og það í öðrum sóknum, svo sem vermenn, og gegna prestinum sem hans eigin sóknarbörn, 6. gr.

Á þessum húsvitjunum á presturinn af fremsta megni að stuðla til þess yfir höfuð, að *góður bæjarbragur komist á og viðhaldist hvervetna í sóknum sínum*. Hann á því á þeim að reyna til, að efla *gott samlyndi* millum allra á heimilinu, millum hjónanna sjálfra, foreldranna og barnanna, hús-bændanna og hjúanna, o. s. frv., minna hvert á skyldur þess við annað, ef við þarf, *vanda um ósiðu*, þar sem hann verður þeirra var, og *hvetja*

menn til góðra síða, þar sem hann sjer, að þess er þörf.

Þar að auki á hann sjer í lagi að gefa gætur að, hvort nokkuð sje *áfátt við uppeldi barnanna*, hvort þeim sje kennt nokkuð að *vinna* og haldið til iðjusemi, en einkum, hvort þeim á tilhlýðilegan hátt sje *kenndur kristindómurinn* og að *lesa, skrifa og reikna*.

Í kgs.br. 2. júlí 1790 er boðið, að fara eigi að kenna hverju barni að lesa, áður en það sje 5 vetra; sje þá ekki farið til þess, á presturinn að áminna um það nokkrum sinnum; sje samt ekki aðgjört, og barnið sje orðið 7 vetra, á að sekta þá, sem áttu að kenna því, ef hirðuleysi þeirra er um að kenna. Hvert barn á að vera farið að læra fræðin og kverið, áður en það er 10 vetra; sje það ekki þá farið til þess, á að sekta þá, er barninu eiga að kenna, og almennt eiga börn, þegar þau eru 14 vetra, að vera búin að læra kverið. Þó að þannig hverjum húsbónda sje gjört að skyldu, að kenna börnum sínum og þeim börnum, sem ljá honum eru, kristindóminn og að lesa, skrifa og reikna, — er þó prestunum falið á hendur, að hafa yfirumsjón yfir því, hvernig þetta sje gjört; á húsvitjunum sínum eiga þeir því á hverju býli, þar sem börn eru, og sem komin eru til þess aldurs, bæði að láta þau lesa á bók og eins hlýða þeim yfir það, sem þau eru búin að læra í kristindóminum, og spyrja þau

út úr því, til þess að vita, hvort þau skilja það, og fræða þau á því, sem þau ekki skilja; þeir eiga nákvæmlega í hvert skipti að setja á sig, hvað hvert barn er búid að læra, og hvað miklum framförum það hafi tekið, síðan seinast að þeir spurðu það, einkum ef barnið síðan hefir skipt um verustað, og rita það hvert skipti inn í sálna-registrið.

Ef barnið ekki lærir einhversstaðar tilhlýðilega, og það er hirðuleysi foreldranna eður hús-bændanna að kenna, þá á presturinn að sjá um, að barnið sje tekið þaðan burt, og sett þangað, þar sem það lærir betur; á þetta að vera á kostnað þeirra, er kenna áttu því, en vanræktu það; þó *má eigi taka börnin burtu án samþykkis foreldranna, nema sjerleg nauðsyn beri til*; en eins og getið var um í næstu grein hjer á undan, má eigi skilja þetta svo, sem menn sje bundnir við að hafa nokkurt sjerlegt tillit til þess, þótt foreldrarnir vilji láta börn sín vera kyrr, þar sem uppfærðsla þeirra er vanrækt, þegar börnin eru orðin 14 vetra gömul og þá eigi er búid að ferma þau.

Sje presturinn hirðulauss um barnauppfærðinguna, á að sekta hann fyrir það.

Sje börn alin upp í illum síðum eður í iðju-leysi. á að taka þau burtu þaðan, og koma þeim í annan betri stað, og á mjög að fara eptir ráð-

um prestsins í því; sjá fátækrareglugjörðina 8. janúar 1834, 9. gr.

En einkum og sjer í lagi á þó presturinn á húsvitjunarferðum sínum að reyna til að *efla sannan guðsóttia*, fá húsbændurna til að hafa guðs-ord idulega um hönd, og halda börnum sínum og hjúum og öðrum heimilismönnum til þess. Í þessu skyni á hann að grenuslast eptir, hverjar bækur sje hafðar þar til húslesturs; sje þar engar guðs-ordabækur, á presturinn að sjá um, ef húsbóndinn ekki vill sjálfur vera sjer í útvegum um þær, að fá þær fyrir milligöngu prófasts frá biskupinum, og er húsbóndinn þá skyldur að borga þær. Nauðsynlegar guðsordabækur handa þeim, sem liggja við sveit, má án efa kaupa upp á hreppanna kostnað.

Á húsvitjunum sínum má presturinn og láta hina fullorðnu lesa kafla í einhverri guðsordabók, og spyrja þá út úr honum. Til þess að húsvitjanirnar skuli hafa þess betri árangur, má hverr ráðfæra sig við prestinn, bæði um sálarástand sitt og eins ef honum þykir eitthvað miður fara á heimilinu; á þá presturinn að nota það með skynsemd, og ekki nafugreina þann, sem segir honum eitthvað í trúnaði.

26. gr.

Um hjónabandið.

Mótmælendur álíta ekki sem pápiskir menn, að hjónabandið sje *sakramenti*, og hefir það því minni helgi hjá þeim, en hinum, eins og það og hjá mótmælendum stendur meira undir veraldlegu valdi og umráðum; þó eldir enn víða eptir í löggjöfnni af hinni fornu skoðuninni; þannig er presturinn hjá oss látinn binda hjúskapinn, og lýsa guðlegri blessun yfir brúðhjónunum, enda er það og mjög eðlilegt, að hjúskapurinn sje byrjaður hátíðlega í nafni drottins, þar eð brúðhjónin verða, við að giptast saman, hvort öðru háð á óteljandi vegu, er engin veraldleg lög geta náð yfir, sjá þó nú lög 19. febrúar 1886 um borgaralegt hjónaband utanþjóðkirkjumanna.

Tilsk. fyrir Danmörk 30. april 1824, er hljóðar um embætti presta, að því er hjónaband snertir, er gjörð gildandi hjer á landi með kgs. br. 7. des. 1827, og er hún helzta löggjöfin, er um það efni gildir hjer nú. *Með brúðhjónunum á að lýsa 3 sunnudaga, hvern eptir annan, í messunni, áður en megi gefa þau saman, og eiga lýsingarnar að fara fram innan þess safnaðar, sem brúðurin á heima í, 2. gr.; þessar lýsingar komu upp í katólskri tíð, til að afstýra leynilegum hjúskap, og að nokkrir skyldi giptast í forboðna liðu.*

Af þessu boði leiðir, að lýsingarnar mega ekki framfara á öðrum dögum, — þótt embætt- að sje á þeim, — en sunnudögum; á sama degi má ekki lýsa nema einni lýsingu; úr því farið er að lýsa, má presturinn engan veginn fresta lýs- ingunum af eigin geðþótta sínum, en með því að lögmálið þó eigi er svo strangt, að lýsa skuli þrjá sunnudaga í röð, hvern eptir annan, geta þær lýs- ingar, sem búið er að lýsa, eigi orðið ómerkar fyrir það, þótt sunnudagar falli úr á millum, sem ekki er lýst á; en af því, sem síðar verður sagt, er auðsætt, að eigi mega 3 mánuðir líða millum nokkurra lýsinga; því ef það verður, verða þær ónýtar allar, sem búið er að lýsa, svo lýsa þarf upp aptur. Lýsingarnar eiga að framfara innan þess safnaðar, sem brúðurin á heima í, án tillits til þess, hvar brúðguminn er heimilisfastur. Það getur engan veginn verið löggjafans tilætlun, að lýsingarnar hjer á landi skuli einmitt framfara við sóknarkirkju brúðarinnar, því að slíkt myndi víða valda ónauðsynlegum drætti á brúðkaupinu, og gjöra það, að stúlkur í sumum sóknum, þar sem ekki er embættað, nema ef til vill 3 sunnu- daga á ári, ekk gæti gipzt, nema með því að flytja sig út úr sókninni. Í kristnarjetti Árna biskups stendur og, að brúðhjónin skuli láta sóknarpresta sína lýsa með sjer í kirkju þrjá sunnudaga áður; þar á móti mega lýsingar ekki fram fara í kirkj-

um, sem liggja fyrir utan prestakallið, og það ekki þótt sami prestur um stund gegni báðum prestaköllunum, svo lengi sem þau ekki verða sameinuð, eður geta álitizt sem eitt prestakall. Í því prestakalli á að lýsa, sem brúðurin er heimilisföst í, þegar lýsa á; þótt brúðurin um stund dvelji í öðru prestakalli, en hún á heima í, má ekki lýsa þar með henni, og eigi heldur, ef hún ólöglega er komin þangað, t. a. m. hlaupin burt úr vist sinni; en hafi hún fengið uppgjöf á vistinni, er vera hennar þar lögleg, þótt hún hafi farið þangað fyrir vinnuhjúaskildaga; og það getur ekki út af fyrir sig gjört veru hennar ólöglega, þótt hún ekki hafi tekið vegabrjef nje prestsseðil. Nú flytur stúlka úr einni sókn og inn í aðra, og er búið að lýsa með henni nokkrum lýsingum, en eigi öllum, og á þá hinn nýi sóknarprestur hennar að halda lýsingunum áfram, en hann verður áður að fá fulla vissu frá fyrra sóknarpresti hennar um það, hve mörgum lýsingum sje búið að lýsa.

Frá því að þurfa að láta lýsa með sjer, eru undanþegnir:

Peir, sem fengið hafa konungsbrjef fyrir að þurfa þess ekki.

Brúðguminn á að biðja prestinn nokkrum dögum fyrirfram, að lýsa með sjer. Ef presturinn þekkir brúðgumann, má brúðguminn biðja hann þess brjeflega, og þarf þá ekki að finna prestinn

upp á það; en þekki presturinn hann ekki, verður hann sjálfur að finna prestinn; geti brúðguminn, af einhverjum ástæðum, ekki komið sjálfur, má hann þó senda til prestsins einhvern kunnan og áreiðanlegan mann. til að framkvæma þetta fyrir sig, og gefa prestinum skýrslur þær, er þarf. Undir eins og einhver þannig biður prestinn að lýsa með sjer, á presturinn að rita það í kirkjubókina, sjá 5. gr., og erfðatilskipunina 25. sept. 1850, 9. gr. Eftir ósk annara, en brúðgumans sjálfs, eður umboðsmanns hans, sem nú var sagt, má presturinn ekki fara að lýsa með neinum. Menn eiga í þessu að halda sjer til sóknarprestsins sjálfs, en eigi kapellánsins, þótt presturinn haldi hann. Að biðja prestinn morguninn áður en hann fer að messa, eður deginum áður, að lýsa með sjer þá í messunni, er ólöglegt, og þarf presturinn eigi að gegna því.

Áður en presturinn fer að lýsa, á hann að gæta þess, að engir meinbugir sje á hjónabandinu, 3. gr., en þessir eru meinbugir á hjónaböndum:

1. Má enginn karlmaður kvongast, sem er fyrir innan tvitugt, og engin stúlka giptast, sem er yngri en 16 vetra, 3. gr. 1; brúðhjónin verða því að sýna prestinum skírnarseðla sína eður önnur skjöl, er sjá megi af aldur þeirra með vissu,

ef presturinn krefst þess, og þykist hafa ástæðu til að halda, að þau sje ekki nógu gömul.

2. Bæði brúðhjónin eiga að vera fermd, og hafa verið til altaris, 3. gr. 2; það geta þau sannað með fermingarseðlum eða prestsseðlum sínum.

3. Þau verða að vera orðin laus við sitt fyrra hjónaband, hafi annaðhvort þeirra eða bæði áður verið gipt; og hvorugt þeirra má vera skuldandi að lögum, að giptast öðrum, 3. gr. 3. Í þessu tilliti ber að gæta þess:

a. hafi brúðhjónin annaðhvort bæði fyrir verið gipt, eður annað þeirra, getur það, sem það áður átti, annaðhvort verið lifandi eður dautt:

α. Sje það enn lifandi, verður hjónabandið að hafa verið gjörsamlega gjört ómerkt, annaðhvort með konunglegu leyfisbrjefi, *er leyfi því, sem nú vill fara að gipta sig aptur, að giptast á ný*, eður með dómi, *sem leyfi því það*, og verður presturinn að láta sýna sjer konungsbrjefið eður dóminn, 3. gr. 3; þó, ef hjónin hafa verið dæmd í sundur með undirrjettardómi, og hafi hitt ekki afsalað sjer rjetti að áfrýja hann, verða að vera liðnar 8 vikur, frá því að dómurinn var birtur, eður ef það hefir fallið frá birtingu, frá því að hann var uppkveðinn; sjá tilsk. 23. maí 1827, 1. gr., sem hjer var lögleidd með tilsk. 21. des. 1831, sbr. tilsk.

15. ágúst 1832; ef orðið hefir að stefna hinu sem því, er ekki hefir viljað láta finna sig, á dómurinn að birtast á þeim stöðum, er birta hefir orðið stefnuna eptir N.L. 1—4—10, eður bæði þar, sem það seinast hafði aðsetur sitt, og líka við yfirrjettinn, og telst þá fresturinn frá þeim tíma, að dómurinn í seinna sinnið var birtur; sjá tilsk. 23. maí 1827, 2. gr. Undir eins og hinar áðurnefndu 8 vikur eru liðnar frá dómsins lögbirtingu, er sanna verður fyrir prestinum með vitnisburði stefnuvottanna eður dómarans í málinu, og engin áfrýjunarstefna innan þess tíma hefir verið úttekin, er sannast verður með vitnisburði dómsmálaskrifarans við yfirdóminn, má hið fyrra hjónaband ekki vera til neinnar fyrirstöðu því, að vígja það í nýtt hjónaband, sem við dóminn hefir fengið rjett til að giptast á ný.

- β. *Sje það þar á móti dáið*, má ekillinn ekki kvongast aptur, fyrr en eptir 3 mánuði frá dauða konunnar, en ekkjan ekki fyrr en eptir ár frá dauða mannsins; þó ef hjónin eru bændur eða almúgamenn, þurfa þau ekki að biða svo lengi; ekillinn þarf þá að eins að biða 6 vikur, en ekkjan 3 mánuði; þó ekkjan því að eins svo stutta stand, að vissa sje fyrir því, að hún ekki

sje óljett eptir fyrra mann sinn, 3. gr. 5; þetta verður hún að sanna með vottorði læknis, eður eiðsvarinnar yfirsetukonu, eins og hið eptirlifanda verður að sanna dauða þess, sem það áður átti, með vitnisburði þess prests, sem hefir grafið það, eður með slikum órækum sönnunum. Enn fremur eiga skiptin að vera að minnsta kosti byrjuð, áður en gefa má saman hið eptirlifanda í nýtt hjónaband; það sannast með vitnisburði skiptaráðandans eður erfingja hins dána, ef þeir allir eru fjár síns ráðandi og skipta sjálfir með sjer, nema það með óræku testamenti eður á annan löglegan hátt sje leyst frá því, og verður þá presturinn að láta sýna sjer skilríki þessi. Skipti hið eptirlifanda með samfrændum, er svo er nefnt, verður prestinum að sýnast vitnisburður valdsmannsins fyrir því, að búið sje að skipta á lögboðinn hátt, 9. gr.

- b. *Karlmaðurinn getur að lögum verið skuldbundinn að eiga aðra stálku eptir tilsk. 6 marz 1734, — sem konungur sendi hingað með brjefi sínu 14. júní 1740, til þess að hún skyldi gilda hjer sem lög — ef hann, eptir að vera orðinn 25 ára gamall, hefir lofagt einhverri siðsamri mey eður ekkju, sje hann lög-ráðamaður hennar, og gjört hana síðan óljetta;*

það er engin sönnun fyrir því, að hann hafi lofamt henni, þótt hún geti sýnt frá honum ástarbrjef til sín, og ekki heldur sannast það við laus orð hans eður loforð, heldur verður hann að hafa brjeflega heitið að eiga hana með hönd og signeti í viðurvist tveggja skilríkra votta. Ef prestinum er sýnt þvílíkt brjef, eður annað, er gefi jafngilda vissu fyrir því, að maðurinn í raun og veru, eður í fullkominni alvöru hafi heitið að eiga þvílíka stúlku, og síðan gjört hana óljetta, má hann ekki lýsa með honum, eður gefa hann í hjónaband, nema hinn geti sýnt prestinum órækan dóm fyrir því, að það brjef ekki sje gilt, eður hann dæmdur lauss við að eiga stúlkuna; en því heldur ber prestinum að halda sjer frá að gefa hjón saman, þegar honum er sýndur dómur fyrir því, að brúðgumaefnið sje skyldur til að eiga aðra.

4. *Mega brúðhjónaefnin ekki vera skyld nje tengd í forboðna liðu*, nema þau geti sýnt konunglegt leyfisbrjef fyrir því, að þau samt megi giptast saman, 3. gr. 4. Enginn, hvorki karl nje kona má eiga afkvæmi sitt nje systkini; enginn karlmaður má heldur eiga þá stúlku, sem er formóðir eður afkvæmi annarrar, er hann fyrr hefir átt eður haft holdlegt samræði við; og enginn kvennmaður má giptast forföður eður afkomanda þess, sem hún áður hefir verið gipt, eður haft hefir

holdlegt samræði við hana. Þetta er með öllu bannað, og fæst engin konungleg undanþága frá því; er það og blóðskömm, ef þessir menn hafa holdlegt samræði saman. Enn fremur má maður ekki eiga ekkju bróður, föðurbróður, eða móðurbróður síns, nje föðursystur eður móðursystur konu sinnar, látinnar; þó geta menn fengið hjá amtmanninum konunglegt leyfisbrjef, er leyfi þetta.

5. Má engan holdsveikan gefa í hjónaband, kgs.brjef 28. marz 1778 og 7. des. 1827; sje því nokkrar líkur til þess, að annað brúðhjónanna sje holdsveikt, má presturinn ekki gefa það í hjónaband, nema það sýni með læknisvottorði, að það sje það ekki, og að slík veiki, eptir því sem sjeð verður, ekki búi í því.

6. *Á stúlkan, ef hún er yngri en 18 vetra, að hafa samþykki foreldra sinna, eður fjárhaldsmanns síns, en sje hún ekkja, þarf hún einiskis samþykki, því að hún ræður sjer þá sjálf, hversu ung sem hún er. Sje hún eldri en 18 vetra, og yngri en 25 vetra, verður hún að hafa samþykki fjárráðanda síns, og hið sama er og um manninn, sje hann yngri en 25 ára, nema hann áður hafi fengið leyfi til að vera fjár síns ráðandi að öllu leyti. Eptir þessu ætti enga að gefa í hjónaband, er eigi væri orðnir fyllilega ráðendur fjár síns, og hvorki ætti foreldra á lífi, nje hefði fjárhaldsmenn eður fjárráðendur, nema þeim áður væri settur fjárhaldsmaður eður fjárráðandi, er*

gefið gæti samþykki sitt til giptingarinnar, en þessa mun samt hvergi hjer á landi gætt. Mótmæli foreldra, fjárhaldsmanna og fjárráðanda *má yfirvaldið* eptir tilskipuninni *gjöra ónýtt*. Af því að orðið *yfirvald*, sem hjer stendur, er svo óákveðið, er það auðsætt, bæði að ekkert ákveðið yfirvald hefir fengið þennan rjett, og líka, að það yfirvald ekki hefir við tilskipunina getað misst hann, er áður hafði hann, en við tilskipun 3. júní 1746 um hjónaband hjer á landi o. s. frv., 1. gr., fjekk sýslumaður og prófastur það vald, að rannsaka í sameiningu með prestinum mótmæli foreldra og fjárhaldsmanna gegn giptingum, og gjöra þau ómerk, þætti þeim þau eigi á rökum byggð; og þennan rjett verða þeir því enn að hafa, enda virðist þetta og í öllu tilliti bezt hlýða, eptir því sem hjer á landi hagar til.

Hafi mótmæli foreldra, fjárhaldsmanns eður fjárráðanda verið ónýtt af yfirvaldinu, verður prestinum að sýnast sá úrskurður þess, sjá 3. gr. 6, opið brjef, 4. janúar 1861.

7. *Annað brúðhjónaefnanna má ekki áður hafa gjört sig sekt í hórdómi með hinu*, 3. gr. 8; en þá hefir það gjört sig sekt í hórdómi með því, ef það hefir haft holdlegt samræði við það, meðan hið fyrra hjónaband þess varaði, og eins fyrir það, þótt hjónin hafi verið skilin að bordi og sæng tilsk. 24. sept. 1824, hjer lögleidd við kgs.br. 7.) desember 1827). Þó getur einstöku sinnum vænzt

konungleg undanþága frá þessu banni, og verður þá presturinn að láta sýna sjer konungsbrjefið, er leyfi þeim að giptast saman, þrátt fyrir það, þótt annað þeirra áður hafi gjört sig hörsekt með hinu.

8. *Enginn vitstola má gefast í hjónaband, með því að hann getur ekki gefið gilt samþykki, 3. gr. 9.*

9. *Hvorugt brúðhjónaefnanna má þiggja sveitarstyrk, nje hafa notið hans, síðan það komst úr ómegð, nema það þá hafi endurgoldið hann aptur sveitinni; ef presturinn hefir ástæðu til að halda þetta, verður hann að heimta sjer sýnd skirteini frá hreppstjórum þeim, þar sem þau síðan hafa sveit átt; þó má þetta ekki hamla hjónabandinu, ef sveitastjórnin þar, sem maður er hrepplægur ekkert hefir á móti hjónabandinu, 3. gr. 10.*

10. *Má ekki bann hafa verið lagt niður gegn hjónabandinu hjá sýslumanni eður bæjarfógeta, ef banninu síðan er framfylgt með lögboðnum hraða, nema það verði gjört ógilt með dómi eður á annan löglegan hátt, t. a. m. sátt, 8. gr.* Um bannið verður undir eins sóknarpresti þeim, er eptir lögnum ber að gefa brúðhjónaefnin saman, að gefast visbending, því að annars getur hann ekki varað sig á því; þá virðist sem banninu sje löglega framfylgt, ef klögunin er hið fyrsta send sáttanefndinni, og málinu síðan með sem mestum hraða stefnt fyrir dóm, þegar það hefir verið fyrir

sáttanefndinni, og síðan sje framfylgt þar á lögboðinn hátt; presturinn verður og að fá vitneskju um það, hvenær málið kemur fyrir sáttanefndina, hvenær það kemur fyrir dóm og loksins um lyktir þess.

11. *Brúðhjónaefnin verða að sanna, að þau hafi fengið barnabólu, eður að þau hafi verið kúabóluseti, 10. gr.*

12. Er boðið í tilskipuninni, 11. gr., að prestur má engan gefa í hjónaband, sem eptir stöðu sinni er skyldur að leggja í ekkjusjóðinn, fyrr en í því efni sje fullnægt boðum tilsk. 4. ágúst 1788; þessu er nú þannig breytt með opnu brjefi 31. maí 1855, að enginn prestur má nú gefa saman í hjónaband nokkurn embættismann, sem á rjett til eptirlauna, fyrr en hann með vitnisburðarbrjefi amtmanns hefir sannað, að hann sje undanþeginn þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eður að hann hafi sent amtmanni beiðni til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn, og er 100 rd. (3: 200 kr.) sekt viðlögð, ef presturinn út af brýtur.

13. *Eptir tilsk. 27. maí 1746 um spítalana, 24. gr., má enginn prestur vígja þann í hjónaband, sem greiða á gjald til spítala fyrir giptingarleyfi, nema hann sýni biskupskvittun fyrir því, að gjaldið sje greitt: sjá og tilsk. 30. apríl 1824, 12. gr.; slíkt gjald á að greiðast, þegar einhverr fær konunglegt leyfi til, að giptast í forboðna liðu, nema*

ef maðurinn er andlegrar stjettar, því að þá á það að lúkast til prestsekkna.

Presturinn á að útbúa sig með áreiðanlegum sönnunum fyrir því, að engir firtjeðir meinbugir sje á hjónabandinu, að svo miklu leyti sem það er unnt eptir eðli þeirra, og til enn meiri vissu um það, að þeir sje ekki, á hann að heimta af brúðhjónum, að þau setji tvo fullgilda svaramenn; en það mega engir aðrir vera, en annaðhvort *konunglegir embættismenn* eður *búsettir menn*, sem engin ástæða er til að efast um, að sje áreiðanlegir. Að vísu hafa fæstir prestar hjer á landi konunglegt veitingarbrjef fyrir embættum sínum, en embætti þeirra virðast þó vera þess eðlis, að eins vel megi trúa þeim til að vera svaramenn brúðhjóna, sem að gefa brúðhjón saman, enda er presta hjer og í flestu tilliti, sem áður er sagt, að telja í flokk með konunglegum embættismönnum.

Svaramennirnir eiga ekki að vera sinn fyrir hvort brúðhjónanna, heldur báðir ábyrgjast í sameiningu, að engin lögleg tálmun sje á hjónabandinu. Ef þörf virðist, á presturinn að brýna fyrir þeim hinn mikla ábyrgðarhluta, er þeir takist á hendur með svaramenskunni, því að þung hegning er lögð við rangri svaramensku. Svaramennirnir eiga annaðhvort í kirkjubókina eður á laust skjal að rita vitnisburð sinn um, að engir meinbugir sje á hjónabandinu, og á presturinn að full-

vissa sig um, að þeir sjálfir riti nöfn sín undir. Ef brúðhjónaefnin hafa verið gefin laus við að útvega sjer svaramenn, er stundum getur við borið, einkum sje annað útlenzkt, og þeim í þess stað sje leyft að synja með eiði, að nokkrir meinbugir sje á hjónabandinu, á presturinn bæði að láta sýna sjer leyfisbrjefið, er konungur að eins getur veitt, og eins útskript af rjettarhaldi því, er eiðurinn er svarinn, 4. gr.

Ýmsir af meinbugum þeim, er áður eru nefndir, eru þess eðlis, að þeir geta horfið af sjálfu sjer, eður að úr þeim má verða bætt, meðan á lýsingunum stendur, og virðist þá ekkert geta verið á móti því, þótt byrjað sje á lýsingunum, jafnvel þótt einhverjir slíkir meinbugir þá sje á, ef þess er gætt að gefa eigi brúðhjónin saman, nema meinbugalaust sje. Þannig virðist t. a. m. að byrja megi á lýsingunum, þótt brúðhjónaefnin vanti fáar vikur upp á að hafa náð hinum lögboðna aldri, ef það er eigi meira en svo, að þau verði búin að ná honum, áður en hjónabandið geti fram farið.

Ef brúðhjónin ekki innan 3 mánaða, frá því að lýsingarnar hafa fram farið, láta gefa sig saman, verða lýsingarnar marklausar, svo að vilji þau samt halda áfram með að giptast, verður að lýsa með þeim á ný, 6. gr.; lýsingarnar verða þannig, ef hjónabandið ekki fer fram innan fyrtertjeds tíma, marklausar af sjálfu sjer, og þarf því ekki að

lýsa sundur með brúðhjónunum; en presturinn verður að gjöra athugasemd um þetta í kirkjubókina, að brúðhjónin ekki hafi gipzt innan rjetts tíma.

Sá prestur á að gefa brúðhjónin saman, sem er prestur í þeim sóknum, þar sem brúðurin þá á heima, er getur verið annarr, en sá sem lýst hefir með henni, hafi hún síðan skipt um heimili. Þótt brúðurin sje um tíma einhversstaðar, ber samt sem áður ekki prestinum þar að gefa hana saman; eins má hún ekki á ólöglegan hátt vera komin inn í sóknir hans, sjá 14 gr.

Í tilsk. 3. júní 1746, 4. gr., er og bannað, að brúðurin flytji sig þangað, sem brúðguminn á heima, eptir að þau eru trúlofuð; að visu er nú opinber trúlofun burtfallin, en það virðist samt eptir þessu að vera óleyfilegt, að hjónaefnin flytji saman, eptir að þau hátíðlega hafa lýst yfir því áformi sínu, að vilja giptast, eða að minnsta kosti úr því farið er að lýsa með þeim.

Frá þeirri reglu, að sóknarprestur brúðarinnar eigi að gefa brúðhjónin saman, er þó sú undantekning :

1. *Að brúðhjónin hafi fengið konunglegt leyfisbrjef, til að mega láta annan prest gefa sig saman; til þessa mega þau þó ekki nota annan prest en þann, sem þjónar einhverju prestakalli; en af þessu leiðir, að jafnvel þótt hvern sá, sem prestsvígslu hefir, megí gefa hjón saman, getur*

hann samt ekki gjört það upp á sitt eindæmi, ef hann hefir ekkert prestakall, heldur verður þá að gjöra það fyrir einhvern sóknarprest. Þegar einhverr prestur þess vegna er beðin að gefa brúðhjúnaefni saman, og brúðurin ekki á heima í sóknunum hans, verður hann að gæta þess, að þau hafi fengið konunglegt leyfi til, að mega láta gefa sig í hjónaband af öðrum presti; líka verður hann að heimta af þeim skírteini frá sóknarpresti brúðarinnar um, að honum sje borgaður þússunartollurinn, því að hann á einskis að missa í af tekjum sínum fyrir það, þótt annarr prestur gefi þau saman, og loksins verður hann að fá frá sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um það, hvort nokkuð það hafi við borið, er tálmað geti hjónabandinu, t. a. m. bann verið lagt niður gegn því, og er hann skyldur að gefa þá skýrslu; samt verður sá prestur, sem gefur brúðhjúnin saman, sjálfur vandlega að gæta þess, að engir meinbugir sje á hjónabandinu, því að öll ábyrgðin liggur á honum, og því eiga svaramennirir að setjast honum.

Undir eins og hjónavígslan er um garð gengin, á presturinn að rita gjörðina í kirkjubókina hjá sjer, og gefa sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um þetta, er og á að gjöra skýrslu um það í kirkjubók sína, 14. gr.

2. Ef annaðhvort brúðhjúnaefnanna hefir kjörprest, geta þau látið hann gefa sig saman; sbr. lög 12. maí 1882.

3. Ber eptir kgs.brjefi 11. marz 1796 próföstunum að fremja brúðhjónavigslur:

a. *hjá sóknarprestunum* (í prófastsdæmum sínum), *hvort sem þeir sjálfir eiga í hlut, eður nánustu náungar þeirra*, en þetta segir konungsbrjefið sjálft að eigi að skiljast svo, að próföstunum beri að gefa saman:

a. *sóknarprestana, þegar brúðurin eigi heima hjá sóknarprestinum sjálfum, eður í sóknum hans; og*

β. *þau brúðhjón, þegar brúðurin er sóknarprestinum skyld eða tengd í fyrsta jafna eða ójafna lið, og á heima hjá honum; með því er án efa átt við það, þegar brúðurin er móðir eður dóttir sóknarprestsins, eður systir hans, eður þegar hún er stjúpa hans eður tengdamóðir, stjúpdóttir eður tengdadóttir, ekkja bróður hans eður systir konu hans.*

b. *hjá kapellánnum, nánustu náungum þeirra og ekkjum; þó er það á valdi brúðhjóna þessara sjálfra, hvort þau heldur láta prófastinn eður sóknarprestinn gefa sig saman, sem gjarnan má það, ef brúðurin ekki er tengd eða skyld honum, sem um er getið undir stafl. a.* Þetta verður nú að skiljast á líkan hátt og hið fyrra, og þannig: að eptirtöldum mönnum stendur frjálst fyrir, hvort þeir láti prófaste sína eður sóknarpresta gefa sig saman:

- a. Þjónandi kapellánnum, þegar brúðurin á heima hjá kapelláninum sjálfum eður í prestakalli því, sem hann er kapellán í.
- β. Þeim brúðhjónum, þegar brúðurin er skyld eður tengd þjónanda kapelláni á þann hátt, sem segir undir staftið a, og á heima hjá honum.
- γ. Ekkjum kapellána; en þegar menn gæta að því, að ekkjur uppgjafapresta ekki hafa leyfi til að láta prófasta gefa sig saman, ef þær eru fyrir utan sóknir þeirra, verður hjer að eins að vera átt við þær kapellána-ekkjur, er standa í því sambandi við sóknarpresta sína, að menn þeirra áður voru kapellánar hjá þeim.

Þegar sóknarpresturinn eður kapelláninn situr fyrir utan sóknir sínar, er sem sjaldnast ætti að leyfast eður líðast, verður hann að vera skyldur að borga sóknarprestinum þar þússunartoll, er prófastur gefur hann saman.

4. Sóknarprestarnir mega, þótt þeir ekki sje prófastar, gefa í hjónaband sóknarpresta í næstu köllum og stúlkur þær, sem þeim eru skyldar eður tengdar, þegar svo stendur á, sem nú var getið 3. a; en hafi hægt verið að koma boðum til prófastsins, en þó ekki verið gjört, verða brúðhjónin að greiða prófastinum 2 rd. (o: 4 kr.), kgs.brjef 11. marz 1796.

Brúðhjónavigslur eiga að fara fram í kirkjunni, þó þarf þess ekki, hafi *annaðhvort* einhver fengið konungsbrjef, til að láta gefa sig saman í heimahúsum, *eða* ef annaðhvort hjónaefnanna liggur veikt, og ekki er tími til að fá konunglegt leyfisbrjef; enda má þá og gefa þau saman, þótt ekki hafi verið búið að lýsa með þeim; en presturinn á þá, fyrir milligöngu yfirmanna sinna, að skýra ráðherranum frá þessu.

Hjón má gefa saman á hverjum tíma sem er, þó má eigi gjöra það í kaupstöðum á sunnudögum nje öðrum helgum dögum, en annarsstaðar mega prestar gjöra það eins þá daga og aðra, ef þeir vilja. Sjálfur á prestur að kosta för sína fram og aptur, er hann gefur hjón saman.

Prestarnir eiga að fremja lýsingarnar og brúðhjónavigslurnar eptir reglum þeim, sem þeim eru settar, og finnast þær í prestahandbókinni.

Skyldi annaðhvort brúðjónanna vigsludaginn vera svo drukkið, eður á einhvern annan hátt verða svo viti sínu fjær, að loforð þess eður samþykki yrði að skoða sem markleysu; eður skyldi annaðhvort brúðjónanna gjöra eitthvað það, er vottaði að það væri nauðugt, t. a. m. þegði við spurningum prestsins, og vildi ekki svara þeim, eður segði „nei“ við þeim; eður skyldi einhver slík atvik koma fyrir, er gjörði hjónabandið með öllu óleyflegt eður markleysu, verður presturinn að hætta

við vígsluna, eður slá henni á frest eptir því, sem tilhagar, eður eptir því, hvort tálmunin að eins er í bráð eður til lengdar.

Þegar giptar konur eiga börn með mönnum sínum, eiga prestarnir að leiða þær í kirkju, með venjulegum „serimoníum“, og það eins, þótt barnið hafi komið undir, áður en konan giptist; sjá kgs.br. 3. júní 1763; konan á að halda sjer frá kirkjunni nokkrar vikur eptir barnsburðinn; þegar hún því næst kemur til kirkju, á hún að láta prestinn vita það, svo að hann þá geti leitt hana í kirkju; gangi hún án þess í kirkju, sektast hún eða maður hennar fyrir það. Presturinn heldur í kórðyrnunum eður krókbekknunum, áður en til er tekið, stutta ræðu yfir henni, til að hvetja hana til þakklætis við guð fyrir afstaðinn barnsburð, og ef barnið lifir, til að ala það upp í ótta og aga drottins, og ganga á undan því með góðu eptirdæmi, og síðan leiðir presturinn hana inn í kirkjuna til sætis hennar. Með kgs.br. 22. nóv. 1754 var þessi kirkjuleiðsla aftekin bæði í Danmörku og Noregi, og boðið, að presturinn skyldi í enda ræðu sinnar á stólnum minnast konunnar á líkan hátt og er hún væri leidd í kirkju; þó, ef einhver kona vildi láta leiða sig í kirkju, sem venja hefði verið til, skyldi presturinn gjöra það. Þótt þetta konungsbrjef ekki hafi verið gjört gildanda hjer á landi, og sje eldra en hið áður nefnda frá

1763, hafa prestarnir þó smámsaman komið þessari venju á hjer, að minnast konunnar af stólnum; en vilji einhver kona láta leiða sig hjer reglulega í kirkju, hlýtur presturinn að vera skyldur til þess.

Við hvert hentugt tækifæri eiga prestarnir að leitast við að innræta söfnuðum sínum virðingu fyrir hjónabandinu, og hversu það sje heilagt, og þar sem þeir verða varir við ósamlyndi millum hjóna í sóknum sínum, eiga þeir að reyna til að sætta þau.

Eptir lögum vorum verður hjónabandið gjört ómerkt á tvo vegu, *annaðhvort* með dómi, og verða þá að vera lögmætar ástæður til skilnaðarins, *eður* með konunglegu leyfisbrjefi; en slíkt leyfi fæst þó ekki, nema hjónin fyrr hafi fengið leyfi til að skilja að borði og sæng, og hafi síðan lifað aðskilin í 3 ár, og er þá orsökkin til skilnaðarins optast ósamlyndi millum hjónanna. Þegar einhver hjón sækja um leyfi til að mega skilja að borði og sæng, má engan gaum gefa því bónarbrjefi, fyrr en presturinn hefir ritað á það vottorð sitt um, að sjer hafi gefið tækifæri á, að reyna að fá hjónin með guðlegum fortölum til, að fara að lifa á ný með eindrægni og kristilega í hjónabandinu; og þegar þau seinna sækja um, að hjónabandið megi verða slitið, má slíkri bón heldur enginn gaumur gefast, nema presturinn á ný hafi reynt til að sætta þau, og ritað vottorð sitt um

þetta líka á það bónarbrjef. Presturinn á því áður, hvort heldur hjónin sækja um, að mega skilja að borði og sæng, eður síðar, að hjónabandið megi algjörlega verða slitið, að kalla hjónin fyrir sig annaðhvort sitt í hvoru lagi, eður bæði undir eins, eptir því sem hann álitur hentugra, og þarf hann ekki að hætta við að reyna til, að tala millum þeirra, meðan hann er ekki með öllu úrkula vonar um, að hann kunni að geta sætt þau aptur; þó setti *kansellið* einstöku sinnum prestum í Danmörku vissan tíma, er þeir skyldi hafa lokið þessum tilraunum sínum, en hjer á landi munu menn aldrei hafa kvartað undan prestum í því. Sje hjónin fjóra hluti þingmannaleiðar (4 milur) eður lengra hvort frá öðru, og sitt í hvoru prestakalli, á hvort þeirra að mæta fyrir sínum presti; eiga þá prestarnir, ef þörf er, að skrifast á, til að fá þær skýrslur hvorr hjá öðrum, er þeir álíta nauðsynlegar. Auk þess á presturinn og að vitna um framferði hjónanna, meðan þau hafa lifað aðskilin að borði og sæng, og þar í á hann að skýra frá, hvort hann sjálfur fyrir eigin reynd hafi þekkt til þeirra á þessum tíma; en hafi það eigi verið, á hann að útvega sjer vitnisburði skilríkra manna um framferði þeirra, og vitna svo um áreiðanlegleik þessara manna. Að þetta vottorð presta verði að vera þannig lagad, leiðir af sjálfu sjer og er eptir kansellibrjefi 5. febrúar 1828.

Og loksins er sagt í tilskipun 30. apríl 1824, 19. gr., að boð þau, er í laganna (þ. e. dönsku laga) 3—16—15 finnist um vottorð presta, er hjón vilja fá skilnaðardóm, skuli vera í gildi, og í kgs.-brjefinu 7. desember 1827, er lögleiddi tilsk. þessa hjer, stendur vísað til norsku laga 3—18—15, er þó eigi hafði verið lögleitt hjer, heldur gilda um það efni hjer á landi hjónabandsartikularnir 2. júní 1587, sem að vísu eru því nær samhljóða í þessu fyrnefndum greinum í dönsku og norsku lögum. Þar er boðið, að þegar annað hjóna flytur burt frá hinu að orsakalaus, og er búið að vera 3 ár í burtu, skuli það, er hitt flutti frá, fá sjer vottorð sóknarprests síns um það, hvernig það á þessum árum hafi hagað sjer, áður en það geti fengið skilnaðardóm. Þar er og enn fremur boðið, að sá, er vill fá skilnaðardóm, skuli sanna með áreiðanlegum vottorðum framferði sitt, að það hafi verið gott, og er þá optast bezt og liggur næst við, að útvega sjer vottorð sóknarprestsins um þetta.

Vilji hjón, sem hafa áður verið gipt, en eru skilin, taka saman aptur, eiga þau, eptir kgs.br. 20. sept. 1815, að skýra prestinum frá því, og setja svaramenn, og á þá presturinn að halda áminningaræðu yfir þeim heima hjá sjálfum sjer, án þess að gefa þau saman á ný í hjónaband; hafi þó hjónin fyrr verið skilin með dómi, verður áður að fá úrskurð ráðherrans. En það er ekkert,

er lýsir því, að konungurinn hafi viljað, að þetta skyldi vera lög hjer á landi, eður í hertogadæmunum eður annarsstaðar, en í Danmörku, heldur þvert á móti virðist lagaboðið sjálfst bera það með sjer, að það að eins hafi verið gefið fyrir Danmörku, og þannig virðist kansellið hafa skilið það, því að það sendi kgs.brjef þetta einungis biskupunum í Danmörku, svo það þar að auki aldrei hefir verið birt hjer. Þar eð nú á annan bóginn menn eigi geta álitid neinn samning millum karls og konu hjónaband, — sem er rótin til svo margra skyldna og rjettinda millum hjónanna sjálfra og eins annara, er að þeim standa, og sem stendur svo undir umsjón og vernd hins opinbera — nema það sje stofnað á þann hátt, er lögin fyrirskipa í öllu hinu verulega, og hjónin á hinn bóginn, þegar hjónaband þeirra er slitid og gjört ómerkt, hvort heldur það er með dómi eður konunglegu leyfi, verða hvort öðru vandalaust, — því að nokkrar andlegar leifar sje samt eptir af hjónabandinu, vegna þess hjónin voru vígð saman, virðist eigi samkvæmt skoðun mótmælenda — þá verður það að vera nauðsynlegt hjer á landi, þar sem ekkert lagaboð fyrirskipar aðra aðferð, að hið nýja hjónaband fyrnefndra manna sje stofnað sem hvert annað hjónaband, og hjónin því vígð saman á ný.

27. gr.

Skyldur presta við veika og sakamenn.

Eptir tilsk. 27. maí 1746, 23. og 24. gr., eiga prestarnir ætíð að vera viðbúnir og fúsir að vitja sjúkra í sóknum sínum, til að fræða þá af guðsorði, hvernig þeir eigi að haga sjer í sjúkdómi sínum, og eins til að hvetja þá, sem eru á heimilinu, til að lesa guðsorð fyrir þeim og hughreysta þá í veikindunum; ef hinn veiki óskar að láta þjónusta sig, og er svo sjúkur að hann ekki kemst til kirkju, á presturinn að gjöra það; við þetta tækifæri mega náungar hins veika, og þeir, er við eru, vera til guðsborðs um leið, eins og áður er getið. Í kirkjuordánantsíu Kr. 4. er boðið, að setja við þetta tækifæri borð fyrir framan hinn sjúka, breiða þar á hreinan dúk, og setja á kertaljós, ef til er, leggja þar síðan á brauðið og vínið og helga það þar; skuli og presturinn, meðan hann þjónustar, vera skryddur messuklæðum; yfir höfuð eiga prestar að stuðla til, að þessi athöfn þeirra geti orðið nokkuð hátíðleg, bæði sökum hins sjúka, og eins af virðingu fyrir sakramentinu. — Prestar eru skyldir að eiga dálitinn kaleik og patínu, til að hafa með sjer, er þeir eru sóttir til að þjónusta, því að kirkjurnar eru ekki skyldar að leggja þetta til, og eins ekki vín nje brauð til þessa, er presturinn því verður sjálf-

ur að vera sjer úti um, og hafa með sjer að heiman.

Prestum varðar það við embætti, ef þeir hafa nokkurt þvilíkt hjal við hina sjúku, er geti truflað þá í guðrækilegum hugleiðingum þeirra. Samkvæmt fyrnefndri tilskipun eiga prestar ekki að eins að vitja sjúkra, þegar þeir eru sóttir til þeirra, heldur eiga þeir og að gjöra það án þess, ef þeir álita þess þörf, og því eiga þeir að áminna húsbændurna í sóknum sínum um, að láta sig tafarlaust vita, þegar einhverr á heimilum þeirra verður sjúkur, en þar við verður án efa að skiljast hættulega sjúkur, svo að honum sje dauði búinn.

Að því er þá fanga einkum snertir, sem kærðir eru fyrir einhvern lífleysisglæp, þá á presturinn á þeim stað, þar sem hinn situr fanginn, opt að koma til hans í fangelsið, til þess að telja um fyrir honum, og þegar búið er að dæma hann til dauða, til þess að búa hann undir dauðann, og veita honum altarissakramentið, ef hann óskar þess og finnst hæfur til að neyta þess. Presturinn á að fara á undan eður með fanganum til aftökustaðarins, og biða hans þar, leitast þar við, að láta hann stöðugt hafa hugann á guði, og halda sjer kyrrum, og má hann ekki fara þaðan fyrr, en búið er að taka hann af; á aftökustaðnum má syngja sálm, ef fanginn óskar þess (K. O. Kr. 4.).

28. gr.

Um skyldur presta við lík.

Hvern kristinn mann, sem deyr, á að grafa í kirkjugarði vígðum; sjá kristinnrjett *Árna* biskups kap. XI; þar er og bannað að grafa lík í kirkjum, nema biskup leyfi.

Á seinni árum hafa menn og hjer á landi fengið leyfi hjá konungi, að mega gjöra sjer og sínum á eignarjörð sinni legstað, og hefir það verið bundið vissum skilmálum. Á legstaðinn að umgírða og sóknarpresturinn að vígja hann.

Bæði eptir kristnarjetti *Árna* biskups og hinum eldri lögum mátti þó eigi grafa ýmsa glæpamenn í kirkjugarði, en allar þær lagaákvæðanir, er þar um hljóða, mega nú álitast burtfallnar við hin almennu hegningarlög 25. júní 1869; þar er að eins sagt í 11. greininni, að taka skuli menn af opinberlega með öxi, og síðan skuli grafa lík hins aftekna í kyrreþey; þótt þess sje hjer eigi getið, að líkið skuli grafa í *kirkjugarði*, þá leiðir það, að líkið eigi að grafast þar, beinlínis af hinni eldri löggjöf, því að eptir henni (sjá tilsk. 9. ágúst 1737 og tilsk. 21. okt. 1791) átti að jarða líkama þess, er eptir lögunum að eins var dæmdur til að missa lífið, *ávallt* í kirkjugarði, án „seremonía“, sem er hið sama og í kirkjugarði í kyrreþey. Hin- ar vanalegu „seremoníur“, sem hjer er átt við, er: að presturinn kasti moldum á líkið, að viðhafður

sje hljóðfærasláttur, söngur, líkræða, hringingar og líkfylgd.

Í kristnarjetti Árna biskups er að vísu sagt, að þá menn og börn, sem eigi ná skírn fyrir dauða, skuli grafa utan kirkjugarðs; en samt mun það nú almenn venja, og er meir samkvæmt skoðun þessara tíma, að jarða andvana börn fulltíða og eins önnur óskírð börn í kyrrbey í kirkjugarði, og að prestur kasti moldum á þau; en sje börnin hvorki fulltíða nje lifandi fædd, eru þau optast grafin þar, án þess presturinn kasti moldum á þau, eður komi þar að.

Eptir kristnarjetti Árna biskups á *hverr kristinn maður þar löglegan gröpt, sem hann andast í kirkjusókn*. Það kemur því ekki undir því, hvar hann átti heimili, þegar hann dó, heldur því, hvar hann er staddur, þegar hann andast. Sóknarprestinum þar, er hann andast, ber því að jarða hann, en ekki prestinum, þar sem hann átti heima. Þó eru þær undantekningar gjörðar frá fyrstjéðri reglu:

1. *Hafi hinn dauði kosið sjer legstað að annari graptarkirkju með sjálfs síns minni og með skynsemd heill að viti, þá á hann þar löglegan legstað.*

Það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem hverr á löglegan gröpt, hvort heldur er í þeirri sókn, sem hann hefir dáið í, eður hann á fyrstjéðan hátt hefir kosið sjer legstað í, hlýtur presturinn þar að vera

skyldur að jarða hann, ef þess er óskað, og eins að kirkjuverjandinn eigi má synja þar um leg handa hinum dána. Aðrir prestar geta eigi verið skyldir að jarða hann, nje haft heimtingu á því.

Það ber þráfaldlega við hjer á landi, að maður er jarðaður að kirkju í annari sókn, en þar sem hann hefir dáið í, án þess hann þó hafi gjört þá ráðstöfun, og er hann þá, eins og edlilegt er, jarðaður af sóknarprestinum þar, og hefir aldrei verið amazt við þessu; en það er þó auðvitað, að hvorki á sá prestur, sem að lögum hefir heimtingu á að syngja yfir hinum dána, nje kirkja sú, þar sem hann átti að löglegan gröpt, að bíða nokkurt tjón í tekjum sínum við þetta.

Það getur borið við, að menn deyi eður finnist dauðir úti á hafi eður á fjöllum uppi fyrir utan allar mannabyggðir, og verður manni þá að vera rjett að flytja þá til þeirrar kirkju, er hann vill, og sóknarpresturinn þar vera skyldur að jarða þá, er á hann er skorað um það.

Skoli líkum þeirra á land upp, er út á hafi drukkna, virðast þeir eiga löglegan gröpt að þeirri sóknarkirkju, sem þar er, og sóknarpresturinn þar, sem þessi viðburður ber til, að vera skyldur að syngja yfir þeim. Sama verður og að vera um þá, er í ám drukkna, nema ef sannast skyldi, að þeir hefði andazt í annari sókn.

2. Suma menn ber, eptir kgsbrjefi 11. marz 1796, prófastinum að jarða, án tillits til þess, hvar hinn dáni hefir dáið, eður við hverja kirkju hann kann að verða jarðaður, og getur þá prestinum á þessum stað enginn rjettur borið, til að jarða þá, nje líksöngseyrir; þessir menn eru:

a. *allir sóknarprestir.*

b. *þeir karlar og konur, sem eru skyld eða tengd sóknarprestinum í fyrsta jafna eður ójafna lið, en þar við er að líkindum átt við foreldra þeirra, börn, systkin, stjúforeldra og tengdaforeldra, stjúpbörn, mága og mágkonur, og konur sóknarprestanna; þó er þetta því að eins, að hinn dáni sje eldri en 18 vetra, og eigi heima hjá sóknarprestinum.*

c. *allar ekkjur sóknarprestanna og*

d. *uppgjafaprestir.*

3. *Þegar kapellánar deyja, ekkjur þeirra og aðrir, sem þeim eru jafnskyldir eður sífjaddir, sem fyrr var greint undir 2. b, og sem þá sjálfsagt verða að eiga heima hjá kapelláninum, og vera eldri en 18 vetra, stendur mönnum frjálst fyrir, hvort þeir heldur vilji láta prófastinn jarða þá, eður sóknarprestinn, ef hann eigi er skyldur þeim eður tengdur á fyrjtjéðan hátt. Líksöngseyrir getur þá ekki borið nema öðrum hvorum, prófastinum eður prestinum, eptir því, hvorr þeirra grefur þá.*

4. Ef ekki næst til prófasts, má láta næsta sóknarprest jarða þá undir tölulið 2. nefndu menn, og getur prófastinum þá ekki borið líksöngseyrir eptir þá.

Enginn prestur má jarða lík fyrri, en honum hefir verið sýnt vottorð skiptaráðanda eða hreppstjóra um tilkynningu látsins, nema það eigi hafi verið unnt, að tilkynna það, en presturinn skal þá tafarlaust skýra hreppstjóra frá látinu og greptruninni. Vanræki prestur skyldu sína í þessu efni, varðar honum það sekt allt að 100 kr., (tilsk. 12. apríl 1878, § 1 og 2).

Eptir kristnarjetti Árna biskups, skal lík eigi grafa áður kólnað sje; þar er og bannað, að lík standi inni yfir fimmt nauðsynjalaust, og skal þá færa líkið til kirkju, ef auðið er; en verði því eigi komið við, skal líkið færa í úthús, og festa upp á fjöl og láta eigi á jörðu standa, sjá og K. O. Kr. 4.

Það er venja hjer á landi, að sá, er á kirkjustað býr, ræður því, hvar þar er jarðað í kirkjugarði, og er það samkvæmt kristnarjetti þeirra Þorláks og Ketils, og að nokkru leyti Árna biskups.

Það er og venja, að þótt kirkja sje einhversstaðar lögð niður, er samt haldið áfram að jarða þar í kirkjugarði, endrum og sinnum, og virðist ekkert vera móti þeirri venju, ef garðinum er haldið vel við, svo að hann sje sóma-

samlegur reitur framliðinna manna; en, með því að þar er þó kirkja niðurlögð, verður eigi legkaupið tekið lögtaki, og eins verður að lúka legkaup til kirkju þeirrar, er hinn dáni hafði löglegan gröpt að.

Í kristnarjetti Árna biskups er og sagt, að á hverjum degi megi lík grafa, sem vill, nema á jóladag, föstudaginn langa og páskadag.

Greptrunin framfer á þann hátt, sem sagt er í handbók presta Líkræðu heldur presturinn því að eins, að hlutaðeigendur biðji hann þess, K. O. Kr. 4.; gjöri hann það óbeðinn, getur hann enga borgun heimtað fyrir hana.

Það sýnist mjög eðlilegt, að enginn megi halda ræðu yfir hinum dauða í kirkjunni eða kirkjugarðinum án prestsins samþykkis, eður presturinn megi leyfa það nokkrum, nema þeim, sem eptir löggjöfinni má prjedika; þetta hefir og *kansellíið* álitid í brjefi sínu 21. júní 1817.

29. gr.

Umsjón presta yfir siðferði manna.

Í katólskri tíð höfðu menn sem kirkjuaga, að útiloka hina þverbrotnu frá kveldmáltíðarsakramentinu, eður þá líka frá samneyti kristinna manna, og í því var bannfærslan fólgin; þetta viðhjelzt eptir siðaskiptin; þó var hinn þverbrotni fyrst áminntur af prestinum í einrúmi; ef það ekki tjáði, þá í nærveru góðra manna, áður en farið

var að beita við hann aga kirkjunnar. Á seinni tímum hafa margir mjög efast um, hvort menn með slíkum kirkjulegum aga nú gæti áunnið nokkuð gott, eður hvort við ætti, að beita öðrum kirkjulegum aga, en guðlegum áminningum og fortölum, og nú er hjer á landi, eins og fyrr er getið, bannfærsla bönnuð, og að útiloka menn frá kveldmáltíðarsakramentinu fyrir lesti, er ekki gjörlegt fyrir presta, án þess þeir fyrirfram hafi ráðfært sig um það við prófast, eða biskup, svo að það, sem prestar nú hafa að beita, eru guðlegar áminningar, fyrst í einrúmi, og ef það ekki tjáir, þá í návist tveggja góðra manna. Þó má presturinn ekki vera afskiptalaus af því, ef framferði einhvers í söfnuðum hans er hneykslanlegt, heldur ber honum að skýra veraldlegu valdi frá því, svo að ráðin verði bót á því, ef auðið er, t. a. m. ef karlmaður og kvennmaður, er ekki væri saman gipt, skyldi opinberlega sænga saman, eður lifa saman opinberlega á annan ótilhlýðilegan hátt.

Það er boðið í tilsk. 21. des. 1831, er lögleiddi hjer DL. 6—13—3 og opið brjef 12. júní 1827, sbr. tilsk. 24. janúar 1838, að amtmennirnir skuli, áður en þeir skipi nokkrum að skilja fyrir hneykslanlega sambúð, útvega sjer skýrslu sóknarprestsins um sambúðina.

30. gr.

Um umsjón presta yfir kirkjunum í prestaköllum þeirra.

Í þessu tilliti er mikill munur á, hvort kirkjan er ljenskirrkja eða bændakirkja, því, að því er hinar fyrnefndu snertir, þá hafa prestarnir að ljeni góz þeirra, en eiga að annast viðhald þeirra, og standa árlega reikning af tekjum þeirra og útgjöldum, sem síðar skal getið; hinar síðarnefndu annast þar á móti eigendur þeirra sjálfir, og hefir presturinn engin afskipti af þeim, nje eignum þeirra, nema hvað hann þó á að gæta að reikningum þeim, er eigendurnir árlega gjöra fyrir tekjum þeirra og útgjöldum, og rita svo á þá, hvort nokkuð sje ranghermt í þeim eður ekki, og þyki þeim svo, skýra frá því, reglugjörð frá 17. júlí 1782, 16. gr., og kansallibrjef 20. októbr. 1798.

31. gr.

Um umsjón presta með fátækum.

Fyrst fram eptir öldunum í kristninni var umönnun fyrir hinum fátæku falin á hendur forstöðumönnum safnaðanna, og eptir það að þjóðirnar fóru að álíta það skyldu stjórnendanna, að sjá um hina nauðstöddu, notuðu menn einkum liðsinni klerkanna til þessa.

Nú eru fátækramálefni hjer á landi í sveitunum falin á hendur fátækranefndunum þar, en prestarnir hafa tilsjón um uppfóstur og uppeldi

barnanna, og hvort sem presturinn er í hreppsnefndinni eða ekki, á hún, þegar hún getur ekki orðið prestinum samdóma um þessi mál, án tillits til atkvæðafjölda, að taka uppástungu prestsins til greina, að minnsta kosti þangað til, að úrskurður sýslunefndarinnar fæst um það. Á þeim fundi sýslunefndarinnar, er slík mál eru tekin fyrir, á prófasturinn að sitja í nefndinni og hafa atkvæði, lög 9. janúar 1880. Presturinn getur og krafist þess, að hreppsnefndin haldi aukafund um mál þessi, þegar hann álitur þess þörf, tilsk. 4. maí 1872, 12. 14. gr. Eptir 14. gr. í tilsk. 20. apríl 1872, er sóknarpresturinn í Reykjavík í barnaskólastjórninni þar, og eptir 13. greininni tekur hann þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kennslu fátækra barna, og hefir atkvæði í þeim; fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eigi börnum þessum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun, er gjörð hefir verið, til landshöfðingja. Í 13. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, er sagt, að í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hafi presturinn sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar, og þessu samkvæm er með öllu 14. gr. í lögnum um bæjarstjórn á Ísafirði.

32. gr.

Um ýms önnur embættisstörf presta.

Auk áður taldra starfa hefir löggjafinn falið prestunum á hendur ýms önnur störf; þannig:

1. Er hverr prestur, eptir kgs.brjefi 24. marz 1830 *kúabólusetjari* í sínum sóknum, og er sá starfi lagður á prestana sem embættisskylda þeirra; og eptir kgs.brjefi 18 júlí 1821 má enginn verða prestur hjer á landi, nema hann sanni, að hann beri nákvæm kennsli á allt það, er bólusetningu áhrærir; til þess að kenna prestunum og prestaefnunum þetta, var með þessu síðarnefnda kgs.brjefi landlækninum boðið að vera viðstöddum, er synodus væri haldinn, eður prestar vígðir, og eins að koma í skólann árlega, til að kenna það þeim, er útskrifast ætti. Nú er samt landlæknirinn hættur þessu síðastnefnda, síðan presta-skólinn kom, en stiptsyfivöldin ætti þá að sjá um, að hann kenndi þeim, er útskrifast af prestaskól-anum, að setja kúabólu, þar eð þau eptir hinu fyrtrjeda engum mega veita prestsembætti, nema sem þau eru viss um, að hafi lært það.

Í mjög víðlendum prestaköllum, og þar sem fleiri en ein sókn er, má presturinn taka einn eður tvo aukabólusetjara sjer til aðstoðar. Þó verður amtmaðurinn að samþykkja það, hverja presturinn kýs til þess, því að enginn má takast til þess, nema sá, sem til þess er fær.

Hverr prestur hefir bóluasetningarbók, er hann fær frá amtmanninum; í hana á hann að rita, hvenær hann setji hverjum kúabólu, og eins, hvenær hann gefi hverjum vitnisburð um það, að honum hafi verið sett bólan. Aðstoðarbóluasetjararnir eiga að hafa sjerstakar skrár yfir þá, sem þeir setja bólu, og senda þær prestinum, svo að þær fylgi bóluasetningarbók prestsins, sem fylgiskjal; og þegar presturinn gefur einhverjum bóluvitnisburð, er aðstoðarbóluasetjari hans hefir sett bólu, á hann að geta þess í vitnisburðinum, að vitnisburðurinn sje gefinn eptir skýrslu aðstoðarbóluasetjarans; en gefi aðstoðarbóluasetjarinn vitnisburðinn sjálfur, sem hann má gjöra, þá á presturinn að rita nafn sitt undir hann líka, til sönnunar því, að hann sje rjettur. Presturinn má ákveða, hvar og hvenær þeir skuli mæta, sem hann ætlar að setja kúabóluna; en til þess á hann þó að velja þann stað og tíma, sem sóknarfólkinu er hagkvæmastur.

Þar eð það þannig er sameinað prestsembættinu hjer á landi, að vera kúabóluasetjari, mega ekki amtmennirnir sekta prestana fyrir hirðuleysi þeirra í þessu, en þeim er gefið vald til að mega setja annan kúabóluasetjara í stað prestsins, þegar læknirinn álitur það nauðsynlegt.

2. Er það boðið í kgs.brjefi 11. apríl 1781, að þegar einhverr flytur sig úr einu prestakalli í annað, þá á sá, sem tekur hann, hið fyrsta að

láta prestinn vita af því, og á þá presturinn að skoða ferðabrjef þess, sem kominn er, og önnur skilríki hans, og grennslast eptir, hvernig á honum standi; álitu hann þá eitthvað iskyggilegt um hann, á hann að skýra sýslumanninum frá því og hreppstjóranum. Þetta snertir ekki að eins vinnuhjú, heldur og þá, sem flytja sig búferlum, og eins þá, er um tíma ætla að dvelja í sóknum prestsins, þótt þeir ekki hafi tekið sjer þar fast heimili. Prestarnir eiga með árvekni að rita hjá sjer nöfn allra, sem í sóknum þeirra eru, og hvar hverr þeirra sje fæddur, svo að þeir ætíð geti gefið skýrslu um það, ef krafizt verður.

Þegar einhverr flytur burt úr sóknum prestsins, á hann að gefa honum prestsseðil, er sjeð verði af, að hann flytji burt, og hvenær hann hafi verið til altaris hjá honum; sjá tilsk. 27. maí 1746; en þegar einhverr flytur í aðra sýslu, má þó presturinn undir sektir ekki gefa prestsseðilinn lausan, heldur rita hann á vegabrjef það, sem hinn fær hjá sýslumanninum; sjá kgs.brjef 11. apríl 1781. Valdsmenn eru nú hættir að skipta sjer af því, að þessum lögum sje hlýtt.

3. Eiga prestarnir að gefa árlega skýrslur til verðlagsskrárinnar, sem síðar skal getið.

4. Er annarr sáttasemjarinn í hverju sáttumdæmi optast látinn vera einhverr prestur; sbr. *kansellibrjef* 25. ágúst 1798; eins eru þeir og skyldaðir til, að ljá sáttanefndinni borgunarlaust hús-

rúm, ef á þarf að halda, til að eiga þar samkomur sínar; sjá *kansellíbrjef* 21. maí 1803.

5. Sóknarpresturinn er og, sem síðar skal sagt, formaður sóknarnefndanna í prestakalli sínu, og meðlimur hjeradsnefnda þar.

33. gr.

Um árlegar skýrslur presta.

Eftir ýmsum boðum eiga prestarnir árlega að senda hverr sínum prófasti eptirtaldar skýrslur, undir eins eptir nýár:

1. Skýrslu um gipta, fædda og dauða á árinu; prófastarnir senda prestunum árlega eyðublöð til þessara skýrslna, er prestarnir eiga að rita í, og senda þeim svo aptur.

2. Skýrslu um fermd börn, lagaða á ákveðinn hátt.

3. Skýrslu um manntalið í sóknunum við enda ársins, eins lagaða á ákveðinn hátt.

4. Skýrslu um mállausa og heyrnarlausu, er eins á að vera löguð á ákveðinn hátt.

5. Skýrslu um blinda.

6. Skýrslu um, hverjir andlegrar stjettar menn sje í sóknum hans.

7. Skýrslu um andvana fædd börn, og þau, er deyja innan 24 tíma eptir fæðinguna. Um þetta eiga og yfirsetukonurnar, að gefa prestinum skýrslur árlega, og þær lætur hann fylgja með skýrslu sinni.

8. Skýrslu um holdsveika.

9. Skýrslu til verðlagsskrárinna, byggða á gangverði því, er tíðkæzt hefir þar í sóknum frá miðjum októbermánuði árið áður til sama tíma ár það, er þá er að líða. Þessi skýrsla er gefin í enda hvers októbermánaðar.

10. Messugjörðarskýrslu, eður skýrslu um það, hve opt hann hafi messað í hverri kirkju fyrir sig á árinu, og hví hafi orðið messuföll.

Auk þessa á hann að senda við enda hvers árs sýslumanninum eða bæjarfógetanum

11. Skýrslu yfir alla þá, er hann hefir grafið á árinu, lagaða á ákveðinn hátt; og læknum

12. Skýrslu yfir þá, er kúabólusettir hafa verið á árinu í sóknum hans.

Skýrslur þessar eru flestar vanar að vera í tvennu lagi. Þegar ekkert það hefir borið við á árinu, er skýrslan á að hljóða um, þarf presturinn eigi að gefa nema vottorð um það, að ekkert þvílíkt hafi á því ári viðbórið í sóknum sínum.

Auk þessa er það skylda presta að gefa biskupi og prófasti, svo fljótt sem þeir geta, álit sitt um þau málefni, er snerta embætti þeirra, þegar þeir beiðast þess.

Umburðarbrjef prófasta mega prestar ekki láta liggja lengur hjá sjer, en nauðsynlegt er, og eiga þeir, sem aðrir, að sæta sektum, ef þeir eigi sjá um, að þau berist með hraða og skilvíslega. Utan á þeim brjefum á því að standa, að þau

„berist með hraða“, og á hverr prestur að rita á brjefið sjálft, hvenær hann fjekk það og með hverjum, og eins, hvenær hann sendi það burtu og með hverjum; sjá kgs.brjef 26. júní 1782.

34. gr.

Um vottorð, er prestar eiga að gefa.

Prestarnir eiga viðstöðulaust að gefa þau vottorð í sakamálum, er á þarf að halda og dómendurnir biðja þá um; þetta leiðir af sjálfu sjer, því að slík vottorð eru opt öldungis nauðsynleg í þeim málum, til þess, að rjettvísir og lögmætir dómar geti gengið í þeim, og líka eiga þessi mál að rekast með svo miklum hraða sem unnt er; þessu samkvæmt er og boðið í tilsk. 3. júní 1796, 38. gr.

2. Eiga þeir, er þeir eru beðnir þess, að vitna um fátækt og ástand þeirra, er beiðast einhvers styrks af hinu opinbera, og ef styrkurinn er árlegur, verður beiðandinn optast að fá vitnisburð prestsins um það, að hann sje á lífi (tilsk. 21. desember 1831). Þó er prestum bannað, að gefa nokkrum betlibrjef (tilsk. 27. maí 1746).

3. Þegar einhverr, sem er eldri en 22 vetra, sækir um, að mega vera fullkomlega fjár síns ráðandi, verður hann að fá vitnisburð prestsins um það, hvort hann sje svo ráðsettur, að hann muni hafa sannarleg not af slíku leyfi (tilsk. 21.

des. 1831), og þegar ekkjur sækja um leyfi, að mega sitja í óskiptu húsi með börnum sínum, og ekkjumenn eður ekkjur, til að mega sitja í óskiptu húsi með stjúpbörnum sínum, verður eins að hafa álit prestsins um það, hvort það sje gott fyrir uppfóstur og uppeldi barnanna (tilsk. 25. sept. 1850).

4. Um vottorð þau, er prestar eiga að gefa í hjónabands- og hjónaskilnaðar-sökum, er fyrir talað.

5. Hverjum, er þeir ferma, eiga þeir að gefa fermingarseðil (kgs.br. 27. maí 1746, og þeim, er fer burt úr söknum þeirra, prestsseðil (kgs.brjef 11. apríl 1781). Þeim, er þeir setja bólu og hún kemur út á, bóluseðil (kgs.brjef 24. marz 1830).

35. gr.

Um embættisbækur presta.

1. Við hvert prestakall á að vera ein kirkjubók fyrir allt prestakallið. Er henni skipt í 7 bálka, og hefir hverr bálkur sína yfirskript, er sýnir, hvað rita á í hann, og gjörir presturinn það; er hún keypt fyrir kirkjunnar reikning, og á að fullgildast af prófastinum. Auk þess á í hverri sökni í prestakallinu að vera önnur samhljóða bók til fyrir sökna, er keypt er fyrir reikning kirkjunnar þar, og á hún að fullgildast af prestinum; í hana á meðhjálparinn að rita undir umsjón prests-

ins. Presturinn og meðhjálpararnir eiga tvisvar á ári að bera bækurnar saman, nfl. í vikunni fyrir jólaföstuna og undir eins eptir páskana, en aldrei má bók prestsins og meðhjálparanna vera eina nótt á sama bæ. Prófastarnir eiga á yfirferðum sínum að gæta þess, að bækurnar sje bornar saman, og skýra biskupinum frá því; sjá kgs.brjef 11. des. 1812. — Altarisgöngubækur þær, er konungsbrjef þetta talar um, hafa aldrei verið hjer tíðkaðar, nje komizt hjer á.

Í þingabrauðum verður kirkjubókin fyrir presta-kallið að kostast af öllum kirkjunum þar, jafnt af þeim öllum.

2. Hverr prestur á að hafa bók, er hann á að rita í öll þau boð konungs og biskups, er prófasturinn sendir honum, og það sem gjörist á synodusi, eins og síðar verður getið.

3. Er það víða venja, og heyrir til góðrar reglu, að prestar hafi brjefabækur, er þeir riti á brjef þau og skýrslur, er þeir rita og snerta embætti þeirra.

36. gr.

Um kapellána.

Kapellána nefna menn nú þá presta, sem eru aðstoðarmenn sóknarprestanna í að gjöra embættisstörf þeirra.

Hjá oss eru engin föst kapellánaembætti, heldur fá sóknarprestarnir leyfi til, þegar þeir, vegna

lasleika eður elliburða, ekki geta til fullnustu sjálfir gegnt embætti sínu, að taka sjer aðstoðarprest eður kapellán.

Meðan sóknarpresturinn er ungur og heilsugóður, má hann engan aðstoðarprest taka; sjá *kirkju-ordinantsíu* Kristjáns 4. Ef hann og er svo hrörlegur og farinn, að hann sjálfur ekki geti sjeð um embætti sitt, kemst hann ekki af með að taka sjer aðstoðarprest, heldur á hann þá að sækja um lausn frá embætti sínu. Enginn sóknarprestur má taka sjer kapellán upp á sitt eigið eindæmi, heldur verður hann að fá hann samþykktan eður sjer settan af biskupinum; ef hann því vill fá einhvern vissan mann sjer fyrir kapellán, verður hann fyrst að koma sjer saman um það við hann, rita svo biskupinum, og biðja um hann sjer settan sem kapellán. Í bónarbrjefinu á hann að tiltaka þau kjör, er hann vill gefa kapelláninum, og senda svo bónarbrjefið prófasti, er svo á að senda það biskupi, og segja álit sitt um, bæði hvort presturinn þurfi kapellán, og hvort hann áliti kostina lífvænlega, og eins, ef hann hefir eitthvað annað út á það að setja. Finni biskupinn, að eitthvað verulegt sje á móti því, að presturinn fái þessa bæn sína veitta, á hann að neita honum um, að setja honum kapelláninn, en annars samþykkja köllunina, og síðan vígja þann, sem kallaður er til kapelláns, ef hann ekki fyrr er prestvígður. Ferðina til vígslunnar á sóknarpresturinn að borga.

Að vísu bannar *kirkjuordínantsían* presti að kalla son sinn eða tengdason sjer til kapelláns, af því að sóknarmenn muni þá optast kjósa hann sjer fyrir prest á eptir, þegar sóknarprestssins missi við; en slíkt bann á nú ekki lengur við, þar eð sóknarmenn eigi eru fyllilega frjálsir í að kjósa sjer prest.

Ef sóknarpresturinn þar á móti ekki hirðir um, að fá neinn öðrum fremur fyrir kapellán, en þarf þó kapelláns með, má hann biðja biskupinn um, að setja sjer einhvern, og á þá biskupinn að gjöra það, og, ef hann getur, taka til þess öðrum fremur brauðlausa kapellána þar í grennd.

Sóknarpresturinn má ekki reka kapelláninn burt frá sjer aptur, eður segja honum upp, meðan hann vill vera kyrr, nema hann hafi eitthvað verulegt út á breytni hans að setja, og þó má hann samt ekki gjöra það upp á sitt eindæmi, heldur verður hann fyrst að fá dóm fyrir því, að mega verða lauss við kapelláninn; eins má kapelláninn ekki án gildra ástæðna yfirgefa embætti sitt, eður án þess að láta biskupinn og prófastinn vita af því; gjöri hann það samt, spillir hann mjög rjetti sínum, til að geta fengið aptur kapellánsþjónustu eður prestsembætti, jafnvel þótt hann að öðru leyti hafi góða vitnisburði.

Þótt það sje hið venjulegasta, að enginn sóknarprestur fái aðstodarprest, nema hann sjálfur óski þess, þá má biskupinn, eða rjettara sagt stipts-

yfirvöldin í sameiningu, þó setja honum aðstoðarprest móti vilja hans, ef það er sannað, að hann vanræki embættið, eður geti ekki gegnt því fyllilega, og biskupinn hafi áður áminnt hann um, að þjóna embættinu, sem vera ber, eður, ef hann ekki geti það, þá að taka sjer kapellán, og hann hvorugt samt hefir gjört. Þegar biskupinn þannig sjálfur setur kapellán einhverjum presti, verður hann sjálfur að tiltaka þau kjör, sem kapelláninn á að hafa.

Sóknarpresturinn má ekki fara með kapellán sinn sem vinnudreng, heldur virða hann sem guðspjón og samþjón sinn í guðs orði; sömuleiðis á kapelláninn að haga sjer við sóknarprestinn, sem við föður sinn og húsbónda, vera honum andsveipur og hlýðinn, trúr, hollur og árvakur, og engan mótþróa sýna honum, konu hans nje hjúum. Illt samlyndi millum sóknarprestsins og kapellánsins getur bakað þeim áminningu og sektir. — Auk launa þeirra, er kapelláninn fær hjá prestinum, nýtur hann sem aðrir prestar ýmsra hlunninda af hinu opinbera, og er undanþeginn ýmsum útgjöldum í almennar þarfir, sem síðar skal sagt.

Þegar einhverr hefir verið kapellán um hrið, er sanngjarnt, að hann sje tekinn fram yfir aðra jafngamla *kandidata* til prestsembættis, er ekki þeim mun meir taka honum fram að lærdómi; eins virðist og ordínantsían að ætlast til, að hon-

um skuli veitast hið fyrsta prestsembætti eður önnur kapellánsþjónusta, þegar hann, án þess sjálfur að vera skulð í því, missir kapellánsþjónustu þá, sem hann hefir, eður verður brauðlauss.

37. gr.

Um prófastana.

Næst yfir prestana eru í andlegum málefnum settir *prófastarnir*. Hverr prófastur hefir sína sýslu, sem hann er prófastur í, og nefnist hún prófastsdæmi. Það er ekki einungis yfir prestunum í prófastsdæminu, sem prófasturinn hefir umsjón, heldur hefir hann og umsjón yfir öllum þeim kirkjum, sem þar eru, og yfir höfuð yfir öllum andlegum málefnum í prófastsdæmi sínu; prófastarnir eru þannig andlegir valdsmenn, er þó allir aptur standa næst undir biskupinum, og að nokkru leyti líka undir stiptsyfirvöldunum, sjá erindisbrjef biskupanna 1. júlí 1746, 23. gr.

Þegar prófastslaust verður í einhverju prófastsdæmi, á biskupinn að setja þar einhvern til að gegna prófastsstörfum, unz reglulegur prófastur er kosinn. Eftir *kirkjuordínantsíu* Kristjáns 4. áttu sóknarprestarnir, ásamt biskupinum, að kjósa sjer nýjan prófast; en þessu er nú þannig breytt með erindisbrjefi biskupanna 1. júlí 1746, að biskupinn er ekki bundinn við að útnefna þann til prófasts, er prestarnir kjósa með flestum atkvæðum;

en með því að hann er þar þó alvarlega áminntur um, að kjósa engan til prófasts vegna frændsemi eða vinsemdar, ef hann ekki vilji sæta lagaákæru fyrir það, verður hann að hafa gildar ástæður fyrir sjer í hvert skipti, ef hann kýs annan, en prestarnir hafa kosið. Sá, sem er kosinn til prófasts. á að vera einhverr af sóknarprestunum í prófastsdæminu, sem bezt er færri til þess, og heimtar kirkjuordinantsian, að hann skuli vera kunnugur landsins lögum, og má hann ekki skorast undan, að takast þennan starfa á hendur.

Aðalskylda prófastanna er, að vera biskupsins önnur hönd í því, að vaka yfir, að kristnin geti fengið sem beztan framgang í prófastsdæmum þeirra, og reyna til að aptra öllu því, er geti orðið henni til hnekkis; þeir eiga því að skýra biskupinum eða stiptsyfirvöldunum frá öllu því, er miður fer í prófastsdæmum þeirra og snertir andleg málefni, ef þeir sjálfir hvorki geta ráðið nje mega ráða bót á því.

Af fyrrtjedum ástæðum er þeim einkum boðið:

1. Að þeir á ári hverju skuli *visítera* prófastsdæmi sitt; sjá tilsk. 29 maí 1744, 15. gr.; þó þurfa þeir ekki að *visítera* það árið, sem biskupinn *visíterar* þar; eius og líka prófastarnir í sumum hinum víðlendari prófastsdæmum mega vera 2 ár um, að *visítera* prófastsdæmið (erindisbr. bisk. 21. gr.).

Á þessum yfirreiðum sínum eiga þeir:

a, nákvæmlega að greunslast eptir ástandi prestanna, safnaðanna og æskulýðsins (tilsk. 29. maí 1744). Þeir eiga svo fljótt fyrirfram, að láta hvern prest vita, hvenær þeir ætli að *visítera* sóknir hans, að hann geti sunnudaginn áður, en prófasturinn kemur, látið söfnuðinn vita það; á þá sóknarfólkið fjölmennt að koma til kirkjunnar, einkum öll þau börn, sem komin eru á það rek, að þau eigi að vera farin að læra kristindóminn, og liggur helgidagsbrot við því, ef nokkurr ástæðulaust þá ekki kemur til kirkju, (erindisbr. bisk. 5, 13. gr., og tilsk. 28. febr. 1691, 1. gr.).

Presturinn á að prjedika, eins þótt það sje á rúmhelgum degi, sem prófasturinn *visíterar*; þetta leiðir beinlínis af því, að prófasturinn á að greunslast eptir, hvernig presturinn gegni embætti sínu svo vel í þessu sem öðru, eins og þetta og er álitid sem sjálfsagt í *kansellíbrjefi* 24. maí og 11. október 1800 fyrir Danmörku.

Prófastarnir eiga að greunslast eptir því hjá söfnuðinum, hvort presturinn fari í húsvitjun, og hvernig hann í hverri grein stundi embætti sitt, og eins hjá prestinum, hvernig sóknarfólkið hagi sjer, bæði yfir höfuð og eins gegn prestinum; sjálfur á hann að spyrja börnin, svo að prófastur sjái, hvernig þau sje upprædd (tilsk. 29. maí 1744, 15 gr.; erindisbrjef bisk. 8, 14. gr., og víðar).

b, prófasturinn skoðar kirkjurnar venjulega um leið, lýsir þeim og getur um galla þá, sem á þeim eru, og segir, að bæta þá, ef honum sýnist þess þörf (kgs.brjef 5. júlí 1781 og kansellibrjef 5. júní 1784.

c. á hann að rannsaka nákvæmlega kirkju-reikninginu fyrir hið umliðna ár, hvort hann sje rjettur, og sje hann það, ritar hann á hann, að hann sje honum samþykkur (tilsk. 17. júlí 1782, 16. gr.); ef prófasturinn álitur eitthvað rangt í reikningnum, og sem kirkjuverjandinn ekki vill leiðrjetta, verður hann að setja það undir biskups úrskurð.

d, á hann að skoða embættisbækur prestsins, hvort regla sje höfð á þeim, og farið sje vel með þær (erindisbr. bisk., 31. gr.).

Prófastarnir eiga að hafa *visitazíubók*, sem þeir rita í allt hið merkasta af því, sem gjörist á yfirreiðum þeirra; líka ber þeim að gefa biskupinum árlega skýrslu um það, bæði um ástand safnaðanna, embættisfærslu prestanna, og ástand og efnahag kirknanna.

2. Eptir lögum 9. janúar 1880 á prófasturinn, sem fyrr er sagt, að sitja í sýslunefndinni, þegar skera á þar úr málum, sem snerta uppfóstur og uppeldi barna. Þeir eru og formenn hjeradsnefndanna, hverr í sínu prófastsdæmi, sem síðar skal getið.

3. Af skýrslum þeim, sem prestarnir árlega eiga að senda próföstum og nefndar eru í 33. gr. 1--6, eiga prófastarnir að búa til aðalskýrslur fyrir prófastsdæmið, er þeir senda biskupinum; eins aðalskýrslu af skýrslunum tölul. 9. í 33. gr., og senda hana biskupinum, eður þeim, sem hann hefir falið á hendur að semja verðlagsskrána með amtmanninum nyrðra sinna vegna; skýrslurnar tölulið 10. senda þeir biskupinum, en landlækninum skýrslurnar tölulið 7. og 8.

4. Þegar einhverr prestur deyr í prófastsdæminu, ber prófastinum undir eins að skýra biskupinum frá því, og sjá um, að brauðinu verði á meðan tilhlýðilega þjónað, þangað til það aptur verður veitt.

5. Þegar einhverr kemur sem nýr prestur til einhvers brauðs, á prófasturinn að setja hann inn. Það gjörir hann á þann hátt, að í fyrsta sinni, sem nýi presturinn á að messa þar, les prófasturinn upp veitingarbrjef hans, stígur sjálfur í stólinn, og felur prestinn söfnuðinum og söfnuðinn prestinum á hendur til beztu umönnunar, K. O. Kr. 4, og erindisbr. bisk. 44. gr.

6. Prófasturinn á að hafa nákvæmt eptirlit með ljenskirkjum presta og með prestssetrunum, að þeim sje haldið vel við, og sje það ekki gjört, þá að skýra í tíma stiptsyfirvöldunum frá því, (tilsk. 24. júlí 1789); og ber honum því að svara til skaða þess, sem brauðið kann að líða við hirðuleysi hans í þessu.

7. Jafnan þegar prestur deyr, eður brauð verður laust á annan hátt, skal prófastur taka út prestssetrið og ljenskirkjuna, en það er undir prófasti komið, hvort og að hve miklu leyti gjörðin skuli ná til ljensjarðanna og kirkjujarðanna; þó skal presturinn, sem við tekur, hafa rjett á að heimta, að úttekt sje gjörð, enda þótt prófasti virðist hún óþörf, en þá skal hann ein-samall greiða kostnaðinn, sem af því rís, nema því að eins, að presturinn, sem frá fer, hafi van-hirt að gjöra tilhlýðilegan, skriflegan samning um bygging á jörðunni, enda þótt honum hafi verið gjört það að skyldu, eða ef sú raun verður á, að kirkjujörð sje leigð þeim ábúanda, sem eigi sje fullveðja fyrir ábúð jarðarinnar.

Þegar taka skal út ljensjörð eða kirkjujörð, sem er í öðru prófastsdæmi, skal prófastur skýra biskupi frá því, og skal þá biskup fela prófast-inum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina.

Þegar úttekt á fram að fara, útnefnir próf-asturinn tvo úttektarmenn, er meta álagið og stýrir úttektargjörðinni, en sjálfur tekur hann eng-an þátt í því að meta gallana eður ákveða álag-ið. Reglur þær, er gilda um úttektir yfir höfuð, gilda og um þessar úttektir. Prófasturinn hefir sjerstaka bók, er hann ritar úttektargjörðina í, og í sömu bókina ritar hann líka hinar árlegu

skoðunargjörðir sínar yfir kirkjurnar. Hann á og að sjá um það, að álaginu sje undir eins varið til að bæta úr göllunum. Ef nokkurr er óánægður yfir aðgjörðum prófastsins eður úrskurðum hans, verður hann að áfrýja gjörðina fyrir sýnóðus, en sje hann óánægður með matið, getur hann beðið sýslumanninn um að gjört sje yfirmat, og á þá þar við að standa. Fyrir úttektir á, auk ferðakostnaðar eptir reikningi, enn fremur að gjalda prófasti í fæðispeninga 3 krónur fyrir hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjarverandi frá heimili sínu; skoðunarmönnunum og yfirskoðunarmönnunum á að borga hverjum 2 krónur um hvern dag, sem þeir eru við gjörðina. Þegar tiltaka á fæðispeningana og ákveða endurgjaldið fyrir ferðakostnaðinn, á að fara eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. september 1830, 15. og 16. gr. Fyrirnefndan kostnað á að borga þannig, að presturinn, sem fer frá, og presturinn, sem tekur við, borgi sinn helminginn hvor, en samt með fyrirnefndri tilbreytingu (tilsk. 24. júní 1789, og lög 17. desember 1875).

8. Af stöðu prófastsins leiðir, að um þau málefni, sem honum eru send frá biskupi eður stiptyfirvöldunum, verður hann að segja álit sitt, og koma svo brjefunum áleiðis; eins ber prófasti og að gefa biskupi eður stiptyfirvöldum skýrslu

eða álit sitt um andleg málefni, þegar þeir biðja hann þess.

Annars er hverr prófastur vanur, að fá erindisbrjef frá biskupinum, um leið og biskup útnefnir hann til prófasts, og þar í eru nákvæmar tilgreindar skyldur hans.

38. gr.

Um biskupinn.

Biskupinn er hinn æðsti andlegi embættismaður í landinu; undir honum standa allir klerkar landsins, allar kirkjur þess og öll andleg málefni; hann er þannig andlegur yfirvaldsmaður, en er þó aptur látinn standa undir landshöfðingjum.

Biskuparnir eru útnefndir af konungi, og eru síðan vígðir biskupsvígslu, nú af Sjálandsbiskupi, og hafi þeir ekki fyrr verið prestvígðir, eru þeir áður vígðir prestsvígslu.

Af stöðu biskupsins leiðir, að hann á að sjá um, að prestarnir gegni skyldum sínum, bæði að því er embætti þeirra snertir og eins lifnað, og að kirkjulögunum sje hlýtt, og hann á ásamt með amtmanninum fyrir sunnan að vaka yfir rjettindum prestanna og kirknanna.

Hinar helztu skyldur biskupanna hjer á landi og rjettindi eru taldar upp í erindisbrjefi þeirra 1. júlí 1746; þar er meðal annars sagt:

1. Í 2. gr., að biskuparnir megi sjálfir prjed-

ika og úthluta sakramentunum, hvar og hvenær sem þeir eru bednir þess, þó án þess að hlutaðeigandi prestar missi nokkurs í við það.

2. Að þeir eigi að sjá um, að prestarnir þrjediki ómengað guðsorð; þeir geta því á yfirreiðum sínum látið þá þrjedika, og jafnvel yfirheyrt þá, 3. gr.

3. Áttu biskuparnir á ári hverju að fara í *visítazíu*, og vera búnir að *visítera* allt landið á vissum áratíma, 5. og 11. gr. Um *visítazíur* þeirra gildir hjer um bil hið sama, sem um *visítazíur* prófastanna 6—10 og 13—15. gr. Ef biskup þá álitur, að bæta þurfi eitthvað eður betra, á svo fljótt sem verður að gjöra það; þeir er því óhlýðnast, sektast fyrir óhlýðnina, 18. gr.

4. Setur biskupinn prófastana, sem fyrr er getið, 22. gr.

5. Um hluttöku hans í veitingu prestakalla er áður getið, sjá lög 8. janúar 1886.

6. Þá sem verða prestar, á hann að vígja, og reyna þá áður í guðfræði, 45. gr.

7. Verði biskupinn varr við á yfirreiðum sínum, að nokkurr prestur sje svo fáfróður, óhæfur, eður lifi svo hneykslanlegu lifi, að söfnuðurinn hafi hans ekki not, má hann undir eins víkja honum frá embætti, og láta svo höfða mál gegn honum, til þess hann algjörlega verði dæmdur frá því, 10. gr. Hið sama vald verður biskupinn að hafa, hvenær sem hann fær *sterkar líkur* fyrir því, að

nokkurr prestur gjöri sig sekan í þessu, og eins láta höfða mál gegn prestum, þótt brot þeirra varði þeim *ekki við embætti*. Nú virðist rjettast, að biskup skýri landshöfðingja frá málinu og skjóti því til hans, hvað gjöra skuli.

Loks má hann og sekta prestana fyrir smá-yfirsjónir þeirra, allt að 4 kr., og eiga þær bætur að falla til verðugra presta á fátækustu brauðunum, og getur hann látið taka þær lögtaki, ef þær ekki eru fúslega goldnar; sjá kgs.brjef 26. júní 1782; annars á hann sjaldan að beita þessu, nema hann áður hafi aðvarað um það, en hinn ekki gegnt aðvörunum hans.

8. Hann á að sjá um, að ávallt sje nóg til af nauðsynlegum guðsorðabókum, 50. gr.

9. Öllum þeim, sem biðja um eptirrit af kirkjumáldögum, á hann að gefa þau, en þó gegn borgun, 56. gr.

10. Biskupinn má stundum, er svo stendur á, leyfa undantekningu frá lagaboðunum um barnaferming; sjá kgs.br. 14. nóvember 1832, og er þar um áður talað.

11. Hann á að sjá um, að farið sje ráðvandlega með tekjur kirknanna.

12. Á hann að gefa ýmsar skýrslur árlega til landshöfðingja, sem að mestu eru dregnar saman út af skýrslum prófastanna, og líka því, er gjörast á yfirreiðum hans, og skýra honum frá öllum þeim ráðstöfunum og breytingum í kirkjunn-

ar málefnum, er til hins betra má miða að gjörðar væri, 64. gr. og víðar.

Þar að auki hefir biskupinn umsjón yfir nokkrum kristfjárjörðum og stofnunum.

Þegar einhverr klerkur sækir um eitthvað til konungsins eður stjórnarráðherranna, er biskupinum sent það, til að segja álit sitt um það.

Eptir DL. 1—2—13 á biskupanna varnarþing að vera hæstirjettur í öllum þeim málum, er snerta embættisbrot hans, opinberan syndsamlegan löst eður villulærdóm, og eptir 2—17—23 nefnir konungurinn menn til að rannsaka málið. Þessi lagaboð, er hljóða um hlunnindi, sem þar að auki virðast eðlileg, verða að gilda hjer á landi eptir tilsk. 24. janúar 1838, þótt þau eigi hafi verið þinglesin hjer; sjá og hjer um *kirkjuordinantsíu* Kristjáns 4. og tilsk. 10. júní 1746 um stiptprófasta hjer á landi.

Ýms störf eru falin á hendur amtmanninum syðra og biskupinum í *sameiningu*, þ. e. stiptsyfirvöldunum.

1. Hafa þeir í sameining umsjón yfir kirknagózinu, að ekkert ólöglega gangi undan því, sjá auk annars erindisbrjef bisk. 1. júlí 1746, 16. gr.

2. Eiga þeir að vernda lögleg rjettindi og embættisvald klerkanna, og er það einkum fólgið í því, að sjá um, að þeir fái gjafsókn í þess konar málum.

3. Á synodus hafa þeir forsæti, sem fyrr

er getið, og eru þar yfirdómendur allra andlegra málefna.

4. Þeir eru yfirumsjónarmenn prestaskólans og latinuskólans.

5. Þeir eru og forstöðumenn nokkurra annarra opinberra stofnana.

Auk þessa á biskupinn *ásamt með amtmönnum*:

Að setja verðlagsskrána árlega; sjálfur setur hann hana með amtmanninum syðra, en gefur einhverjum tveimur prestum heimild til, að setja hana sinna vegna með amtmanninum nyrðra, (kgs. br. 16. júlí 1817).

Þegar biskupslaust er á landshöfðingi að setja einhvern prest á meðan, til að gegna biskupsstörfum; hann nefnist *stiptprófastur* eða *offisialis*; störf hans eru hin sömu sem biskupanna; þó er sagt í tilsk. frá 10. júní 1746, er hljóðar um stiptprófasta hjer á landi, að þeir ekki skuli *vísítera*, nema ef biskupslaust sje lengur en 2 ár. Stundum hafa óvígðir menn verið gjörðir hjer að offisiölum eður stiptprófastum, og ljetu þeir þá einhvern prest fremja fyrir sig prestavígslur.

Um *synodus* hefir erindisbrjef biskupanna ýmsar ákvarðanir; eptir því á hann að haldast eitt sinn á ári hverju í Reykjavík; þar eiga að koma saman prófastar þeir og prestar, er biskupinn boðar þangað til að sitja á synodus og á hann

að kalla þá með nægum fyrirvara. Amtmaðurinn syðra og biskupinn hafa báðir forsæti í honum; hann á að setja með stuttri ræðu, er einhverr prófastur eða prestur heldur, sem biskupinn árinu áður hefir sagt það. Að því búnu átti þar fyrst að lesa upp allar konunglegar tilskipanir og boð, og eins bréf frá stjórnarráðunum til biskupsins, er áhrærðu biskupsdæmið allt, svo að allur klerkdómurinn gæti fengið vitneskju um það. Biskupinn á *Hólum* átti og að láta prenta á íslenzku allar þær konunglegar tilskipanir, er báðir biskuparnir fengi.

Á synodus á biskupinn enn fremur að gefa klerkunum góð ráð, annaðhvort til að afstýra einhverri óreglu, eður þeim til upphvatningar, til að gegna embætti sínu með árvekni; þessi ráð eiga síðan að gefast hverjum prófasti skrifuð, og hann aptur að skrifa þau og senda prestunum í sínu prófastsdæmi með umburðarbrjefum; væri ráðin þvílík, að þau og ætti að vera sem regla fyrir eptirkomendurna, átti og að prenta þau. Öll þessi konungs eður biskupsboð, er prófastarnir eiga að senda prestunum með umburðarbrjefum, á hverr prestur að rita í bók hjá sjer, sem ávallt á að fylgja prestakallinu, 24.—29. gr.

Á synodus var og venja, að ráðgast um öll merkileg málefni eður uppástungur, er snertu kirkjuna, og taka ákvarðanir í því efni. Í erindisbrjefi biskupanna 20. gr. er og nefnt, að þegar

einhverr prestur óski, að kirkjukúgildum hjá sjer sje fækkað, skuli hann rita stiptamtmaninum um það, sem aptur skuli ráðgast um það við klerkana á *synodus*, áður en hann skeri úr því. *Acta synodalia* á hverr prestur að rita hjá sjer í fyrtjæða brjefabók prestakallsins.

Þetta hefir nú nokkuð breyzt með tímanum, og á *synodus* framfer nú opt lítið annað, en að telja sundur, eptir uppástungu stiptyfirvaldanna, prestsekkna- og uppgjafapresta peninga, sem þeim eru veittir úr landssjóði, og vexti af prestsekkna-sjóðnum og árgjaldasjóðnum.

Að *synodus* sje yfirdómur í öllum andlegum málefnum, hefir fyrr verið talað um.

39. gr.

Um sóknarnefndir og hjeradsnefndir.

Með lögum 27. febrúar 1880 er leikmönnum nú gefinn mikill rjettur til að taka þátt í stjórn andlegra málefna; þannig skal eptir 1. gr. í hverri kirkjusókn landsins vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeradsnefnd.

2. gr. Sóknarpresturinn skal ár hvert halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund í hverri sókn, er hann þjónar, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

3. gr. Safnaðarfund skal jafnan halda í júnímánuði ár hvert og skal á þeim fundi kjósa 3 menn í sóknarnefnd, til að veita málefnum safn-

aðarins forstöðu ásamt sóknarpresti á því fundarári, er þá fer í hönd.

4. *gr.* Hverr sóknarmaður, sem geldur til prests og kirkju, hefir atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefnda.

5. *gr.* Kosning gildir um 1 ár, en skyldur er maður að taka móti kosningu þrjú ár í senn, ef hann er endurkosinn. Eptir 1 ár er maður aptur skyldur að taka móti kosningu, svo sem nú var sagt.

6. *gr.* Sóknarnefndin skal vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, einnig í uppfræðingu ungmenna, og í því að sjá um, að friðsemi og samlyndi haldist á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum. Nefndarmenn skulu vera meðhjálpapar prestsins við guðsþjónustugjörðina í kirkjunni og stuðla til þess, að hún fari sómasamlega fram.

7. *gr.* Þegar prestakall er undir veitingu, hefir hlutaðeigandi sóknarnefnd rjett til að mæla fram með einum umsækjanda.

8. *gr.* Ef fjármál kirkju eru fengin söfnuði í hendur, skal það einnig vera ætlunarverk sóknarnefndarinnar að hafa á hendi umsjón yfir kirkjunni og eigum hennar, og standa fyrir byggingu hennar eða aðgjörð.

9. *gr.* Í hjeraðsnefnd skulu hafa sæti, hjeraðsprófasturinn sem forseti og allir prestar próf-

astsdæmisins, ennfremur í safnaðarfulltrúi úr sókn hverri, er kosinn sje á safnaðarfundum í júnimánuði ár hvert. Um kosning safnaðarfulltrúa og skyldu hans að gegna köllun sinni, gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um sóknarnefndarmenn í 4. og 5. gr.

10. gr. Forseti skal á ári hverju í septembermánuði halda hjeradsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeradsins til að ræða og útkljá þau mál, er hjeradsnefndin á um að fjalla.

11. gr. Forseti leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum því, er lítur að menntun og uppfræðingu ungmenna. Á fundinum leggur forseti fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeradinu næstliðið fardagaár til umræðu og úrskurðar.

12. gr. Hverjum fundarmanni er rjett að bera upp á hjeradsfundum tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lítur að kirkjulegum málum og skipun þeirra í því hjeradi, svo sem uppfræðingu barna, reglu og siðsemi í söfnuðunum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptekt, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum o. s. frv. Allar samþykktir hjeradsfundar sendir forseti biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþykktina, og er forseta skylt, ef þeir

æskja þess, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með nefndarsamþykktinni. — Enga breytingu má gjöra á takmörkun sókna eða prestakalla og eigi leggja niður kirkju nje færa úr stað, nema meiri hluti hjeradsnefndarmanna þeirra, er hlut eiga að máli, samþykki breytinguna á hjeradsfundí.

40. gr.

Um tekjur og hlunníndi presta.

Embættislaun prestanna eru fölgín í tvennu, bæði í því, að þeir eru undanþegnir ýmsum almennum gjöldum og kvöðum, og líka í tekjum þeim, er þeir njóta. Að því er hínar *venjulegu tekjur* þeirra snertir, þá nefna menn sumar þeirra *fastar*, en sumar *óvissar*; til föstu teknanna telja menn:

1. Preststiund.

2. Lambsfóður.

3. Dagsverk.

4. Afgjald af jörðum.

5. Gjald frá annexiubændum; en til hinna óvissu:

1. Offur.

2. Laun fyrir ýms embættisverk, er nefnast *aukatekjur*.

Auk þessa hafa margir prestar *bújarðir*, er þeir ekki gjalda neitt eftir, og njóta ýmsra *kirkjuhlunnínda*; þar að auki fá prestarnir á fátækustu brauðunum úr landssjóði nokkra peninga árlega, er nefnast *uppbótarpeningar*.

41. gr.

Preststíundin.

Tíundin var lögtekin hjer á landi ár 1096, eptir uppástungu Gissurar biskups í Skálholti, og þessi tíundarstatúta hans er enn að nokkru leyti grundvöllurinn fyrir tíundinni hjer á landi.

Í kristnarjetti Árna biskups stendur þannig: „að sá maður, sem hann á tíu hundruð álna skuld-
 „laust, greiði tólf álnar á hverju ári; á hann meira
 „fé eður minna í landi eður lausum eyri, þá gjör-
 „ist þar tíund af eptir fjármegni með slíkri grein,
 „sem hjer segir. Sá maður, sem hann á tíu sex
 „álna aura skuldlausa, fyrir utan hversdaglegan
 „búning, skal greiða alin vaðmáls; en sá maður,
 „sem hann á tuttugu aura skuldlaust, skal greiða
 „tvær álnar; sá sem á fjörutíu aura, skal greiða
 „þrjár álnar; sá sem á 60 aura, skal 4 álnar; en
 „sá sem 80 aura á, skal fimm álnar; sá sem á 100,
 „greiði 6 álnar. og á hverjum fimm hundrudum
 „skal aukast tíundin sex álnum“. Líkt þessu
 stendur og í kristnarjetti þeirra Þorláks og Ket-
 ils biskupa.

Þegar menn nú gæta að því, að í eyri eru sex álnir, verður eptir kristnarjetti Árna biskups tíundarskyldan þannig: að sá sem átti $1\frac{1}{2}$ hndr. skuldlaust, átti á ári hverju að lúka í tíund 1 alin; sá, sem átti 1 hndr., 2 álnir; sá, sem átti 2 hndr., 3 álnir; sá, sem átti 3 hndr., 4 álnir; sá, sem átti 4 hndr., 5 álnir, sá, sem átti 5 hndr., 6 álnir; og sá, sem

átti 10 hndr., 12 álnir, og að tíundin úr því átti að aukast 6 álnir á hverjum 5 hndr.

Það voru þannig engin lög til þess eptir kristnarjetti Árna biskups að taka tíund af minna fje en $\frac{1}{2}$ hndr., nje til þess, að taka meiri tíund af því fje, sem var yfir $\frac{1}{2}$ hndr., en náði þó ekki 1 hndr., heldur en af $\frac{1}{2}$ hndr.; ekki heldur til að taka meiri tíund af því fje, sem var yfir 1 hndr., en náði þó ekki 2 hndr., heldur en af 1 hndr., o. s. frv., eður með öðrum orðum: Það er að vísu ljóst, að af fyrstu 5 hndr. átti að lúkast tíund á fyrstjéðan hátt af hverju hundraði; en menn höfðu þar fyrir enga heimild til, að taka hana af hálfu hundraði, eður neinu broti úr hundraði, nema af fyrsta hálfu hundraðinu.

Líka virðist það mjög vafasamt, hvort næg heimild er fyrir því, eptir kristnarjetti Árna biskups, að taka meiri tíund af því fje, sem er yfir 5 hndr., en nær ekki 10 hndr. heldur en af 5 hndr.; eður meiri tíund af því fje, sem er yfir 10 hndr., en nær ekki 15 hndr., heldur en af 10 hndr.; eður með öðrum orðum: hvort tíundin, þegar fjeð er yfir 5 hndr., eigi nokkuð að aukast, nema við hver 5 hndr.

En þrátt fyrir þetta var *venjan* þó sú, og hún mjög gömul, að taka tíund af hverju hundraði, eins þótt fjeð væri yfir 5 hndr., eins og þótt það væri undir 5 hndr., og var þá tíundin víða tekin þannig, að af 6 hndr. voru teknar í tíund 8 álnir; af 7 hndr.

9 álnir; af 8 hndr. 10 álnir; af 9 hndr. 11 álnir; af 10 hndr. 12 álnir; af 11 hndr. 14 álnir; af 12 hndr. 15 álnir o. s. frv., og var þá tíundin látin vaxa á hverjum 5 hndr., sem fjeð óx, á sama hátt og á fyrstu 5 hundruðunum.

Sumir þar á móti tóku upp nýja reglu, undir eins og fjeð var yfir 5 hndr., og ljetu tíundina aukast úr því um $1\frac{1}{5}$ alin við hvert hundrað, sem fjeð óx yfir 5 hndr.; þannig tóku þeir af 6 hndr. í tíund $7\frac{1}{5}$ alin; af 7 hndr. $8\frac{2}{5}$ alin; af 8 hndr. $9\frac{3}{5}$ alin; af 9 hndr. $10\frac{4}{5}$ alin; af 10 hndr. 12 álnir; af 11 hndr. $13\frac{1}{5}$ alin; af 12 hndr. $14\frac{2}{5}$ alin o. s. frv.

Menn áttu eptir kristnarjetti ekki að gjalda tíund nema af því, sem þeir áttu *skuldlaust*; af því leiðir aptur, að menn máttu taka frá fyrir skuldum, en á hinn bóginn áttu menn án efa að telja það með, er þeir áttu hjá öðrum, því þeir áttu það eins fyrir því.

Hversdagsbúningr var undanskilinn tíundargjaldi, og eins þurfti enginn að tíunda búsafléifar sínar um vor, nema hann brygði búi eður seldi úr því.

Þegar menn nú gæta að því, að aðalreglan fyrir tíundargjaldinu var sú, að af hverjum 600 álnum skyldi gjalda í tíund 6 álnir, og að menn máttu taka af fje sínu í leigu um árið 1 eyri af hverjum 10, og að ekki var tekin tíund af hvers-

dagsklæðnaði, nje af búsaflaifum á vor, nema þær eigi yrði eyðslufje, er auðsætt, að *tíundin hefir átt að vera $\frac{1}{10}$ partur af hinni hæstu lagaleigu þess fjár alls, er menn áttu og ekki þurftu að hafa sjer til fatar og matar, eður $\frac{1}{100}$ parturinn af þessum eigum manna.*

Þó nú tíundarlöggjöfin í fyrrtjedu efni sje í hinu verulega hin sama sem í fyrndinni, þá hafa þó miklar breytingar orðið í þessu, bæði við hina seinni löggjöf og eins við venjuna.

*Fyrrum var goldin jöfn tíund af hverju hundr-
aði, án tillits til þess, í hverju hundraðið var
fólgið.*

Það var snemma nokkuð, að menn vildu ekki gjalda eins mikla tíund af því, er engan árlegan arð gaf af sjer, sem hinu, er arð gaf eigöndunum árlega, og á alþingi var ákvarðað ár 1574, að 3 hndr. í dauðum aurum, er engan arð gæfi af sjer, skyldi vera til tíundargjörðar sem 1 hndr.

Á hinn eldri löggjöf og þessum alþingisdómi var reglugjörðin 17. júlí 1782 að miklu leyti byggð, að því er tíundina snerti. Þannig var sú aðalregla gefin í reglugjörðinni, að hvert 4 rdl. virði, er svo gengi í kaupum og solum, hvort sem það væri í kvikfjenaði, fiskibátum eða öðru, skyldi álitast sem 1 hndr. til tíundargjörðar. Með þessu hefur löggjafinn í rauninni eigi viljað segja annað, en að af hverju hundraði skyldi greiðast full tíund, því hundraðið, eður löggild kýr, var þá 4 ríkisdali. Frá þessari aðalreglu er þó strax í reglugjörðinni

vikið með ýmsan kvikfénað, sem þar er talinn, báta og arðlausa peninga, og eru munir þessir þar meir eður minna felldir til tíundar, án þess sjeð verði, hvers vegna þeir sjeu það, og það svo misjafnt. Þetta leiddi til þess, að menn hættu að lúka tíund nema af þeim munum, sem nefndir eru í reglugjörðinni, eður er voru þeim með öllu áþekkir, eins og menn og hættu að draga nokkuð frá vegna skulda. Þar á móti hjeldu menn áfram með að gjalda tíund af fasteign, sem verið hafði, nema hvað víða var verið að setja niður jarðir í dýrleika, víst opt ástæðulítið; við þetta kom upp mikill munur á tíund af fasteign og tíund af lausafje.

Enn fremur er berlega sagt í kristnarjetti, að sá, sem eigi 5 hndr. í landi eður lausum aurum, skuli greiða eyri í tíund, og að öll eyristíund skuli skiptast, en sú að eins hverfa til fátækra óskipt, er minni sje, og eins er þar sagt skýlaust, að hverr eigi að gjalda vortíund — en svo nefnist biskups, prests, og kirkjutíundirnar, af því gjalddagi þeirra var á vorin — þar sem hann á lögheimili þau missiri, er tíundum er skipt á haustið, en ef eigi er skipt, það er, ef tíund hans er eigi svo mikil, að henni sje skipt, eður með öðrum orðum: sje hann innan skiptitíundar, þá skuli hann þar gjalda alla tíund, sem hann er heimilisfastur Marteinsmessu, það er 11. dag nóvembermánaðar.

Á þessu er nú sú breyting orðin:

Að jarðartíundin er goldin til tíundartakandanna þar, sem jörðin liggur, og er henni aldrei nú slengt saman við lausafjártíund jarðeigandans; eins er henni nú skipt, hvað lítill sem jarðarparturinn er, án tillits til þess, hvort eigandinn á nokkurt annað fje, sem hann á að greiða tíund af, svo öll jarðartíund er nú skoðud sem skiptitíund. Aftur er lausafjártíundinni ekki skipt, nema tíundarbært lausafje eigandans nemi 5 hndr., eður að hann af lausafje sínu eigi að greiða eyristíund, án tillits til tíundar þeirrar, er hann kann að eiga að greiða af jarðagóðsi sínu. Eigi því einhverr nú t. a. m. 2 hndr. í jörð og 3 hndr. í lausafje, skiptist tíundin af jörðinni milli tíundartakandanna, þar sem jarðarparturinn liggur; en tíundin af lausafjenu fellur öll til fátækra í þeirri sveit, sem hann á heima í, í stað þess að öll þessi eyristíund hefði eptir kristnarjetti átt að skiptast milli tíundartakandanna, þar sem eigandinn á heima. Eigi þar á móti einhverr að eins 2 hndr. í jörð, en ekkert lausafje, er hann eigi að svara tíund af, skiptist nú þessi tíund hans millum tíundartakandanna, þar sem jörðin liggur, í stað þess, eptir kristnarjetti, að falla öll óskipt til fátækra í hreppi hans.

Til þessara breytinga hefir kristinnrjettur sjálfur gefið nokkra orsök, þar sem hann segir: þang- að skal hverr maður leggja kirkjutíund sína, sem biskup kveður á, og skal hann skipta hjerði til

Þess, því eptir þessu ákváðu biskupar, af hverjum bæjum tíundir skyldi ganga til hvernar kirkju, og við þetta skiptist landið í fastar kirkjusóknir, og með tímanum fóru menn að borga kirkjutíundina og preststíundina af jörðum þeim og búum, er þeir áttu í einni sókn, til kirkjunnar þar og prestsins, þó þeir sjálfir væri búsettir eður heimilisfastir í annarri; og þessu samkvæmt bauð tilsk. 21. marz 1575, að hverr prestur skyldi hafa tíund af öllum þeim bændum og jörðum, er væri í sókn hans, hverr sem jarðirnar ætti.

Nú er komin út tilskipun 1. apríl 1861 um jarðartíundina og lög 12. júlí 1878 um lausafjár-tíundina.

Hvað nú jarðartíundina snertir, þá eru sumar jarðir lausar við að gjalda hana. Þannig er í kristnarjetti Þorláks og Ketils biskupa ákveðið, að það fje þurfi „ekki til tíundar að telja, sem áður er til guðspakka gefið, hvort sem það er til kirkju lagið, eður brúa, eður til sáluskipa“ (sálnamessna); og vegna þess var það án efa, að engin tíund var lengi goldin af fje því eður jörðum, er biskupsstólarnir, klaustrin, kirkjurnar og fleiri líkar stofnanir áttu; þó var seinna opt boðið, að gjalda tíundir af þessum jörðum til allra stjetta (sjá t. a. m. tilsk. 21. marz 1575, er þó eigi gat orðið framgengt í því efni) og á alþingi var dæmt 1604, að „gjalda skyldi preststíund og fátækra tíund af öllum konungs- og kirkjujörðum, að þeim fráteknum, sem

kirkjurnar standa á. Samkvæmt þessu er og víðast í Norðurlandi af öllu opinberu jarðagóðsi, og eins kirknaeignum, nema sumum heimajörðunum, goldnar fyrjtjeðar 2 tíundir; á Vesturlandinu þar á móti gengur þetta mjög misjafnt til, því þar eru sumstaðar goldnar allar tíundir af því, og sumstaðar engin, og sumstaðar einungis tíund til fá-tækra; og eins á Sudurlandi, að þar er engin föst regla í þessu; þó er víðast um landið af prests-setrum flestum engin tíund goldin, sízt, er prestar búa á þeim.

Ef menn álíta, að tíundarfrelsi geti burtfallið að lögum við það, að rjettir hlutaðeigendur, hverr eptir annan, eigi hirða um það nje nota, er það eigi nema eðlilegt, þó ýmsar slíkar stofnanir hafi misst meira eður minna af tíundarfrelsi sínu með tímanum, svo tíundarfrelsi þeirra nú sje orðið misjafnt.

Í tilskipun 1. apríl 1861, 2. gr., er boðið, að heimta og greiða skuli allar tíundir af jörðum eptir dýrleika þeim, sem á hverja jörð er settur í hinn nýju jarðabók, svo engin jörð hefur við það misst tíundarfrelsi sitt þegar af þeirri ástæðu, að almenn lög svipta eigi sjerstök lög gildi þeirra nje nema burt forrjettindi.

Í tilsk. 15. apríl 1776 (um nýbýli) er ákveðið, „að þeir, sem reisa nýbýli, eigi, þegar enginn eigi jörðina fyrr, að vera lausir við að greiða skatt og tíund í 20 ár; deyi þeir fyrr, njóti ekkjur þeirra

eður aðrir erfingjar sama frelsis, þangað til 20 árin eru úti, hvort sem þær gipta sig eður ekki; en ef annarr maður eigi landið, þurfi nýbýlismaðurinn og ekkja hans engum skatti eður tíundum að lúka, meðan þau lifa“. Til þess nýbýlismaðurinn geti fengið þennan rjett, verður landið að hafa verið honum reglulega útvisað, eins og hann og getur misst þetta frelsi sitt, ef hann vanrækir skyldur þær, er tilskipanin leggur honum á herðar.

Öll sú preststíund, er menn í einu prestakalli eiga að lúka af jörðum og lausafje, ber sóknarprestinum þar (tilsk. 21. marz 1575); nú á fasteignartíundin eptir opnu brjefi frá 18. marz 1853 annaðhvort að lúkast í gildum og góðum aurum eður peningum á þann hátt: að lúkist hún í peningum, þá á það að vera *eptir meðalalin verðlags-skrárinna*; þar með á án efa að skiljast: eptir meðalverði allra meðalverða álna þeirra, er verðlagðar eru í verðlagsskránni; en lúkist hún í vörum, þá á *alin að mæta alin*, og má ekki alinin í aurum þeim, sem tíundin er goldin í, vera í lægra verði, en alinin er í verðlagsskránni, eptir meðalverði allra meðalverða; þó mega sjávarbændur gjalda tíundina í hertum fiski, þ. e. hverja alin með alin í fiski, án tillits til þess, þó gangverðið á honum sje minna, en meðalverð allra meðalverða er í verðlagsskránni. Gjaldendurnir mega sjálfir ráða, hvort heldur þeir borga í vörum eða peningum.

Eindagi fasteignartíundarinnar er fimmti dag-

ur viku, er fjórar vikur eru af sumri, sjá kristna-
rjett *Árna* biskups, kap. XVI. Að því er lausafjár-
tíundina snertir, þá er í lögum 12. júlí 1878, lögð
tíund áþekkt því, sem venjan var orðið, að eins á
kvikfjenað og skip, sem ganga til fiskiveiða; á
annað lausafje, en það sem þar er nefnt, verður
því ekki lögð tíund, því það væri heimildarlaust.
Lausafje þetta er í 2. og 3. gr. þannig lagt í
hundruð til tíundar:

a. Fjenaður.

1 kýr leigufær	1 hndr.
2 kýr eða 2 kvígur mylkar, sem eigi eru leigufærar	1 —
3 geldneyti tvævetur eða geldar kvíg- ur	1 —
2 naut eldri	1 —
6 ær með lömbum leigufærar	1 —
15 lambsgotur	1 —
10 sauðir þrevetrir eða eldri	1 —
12 sauðir tvævetrir eða geldar ær	1 —
24 gemlingar	1 —
3 hestar eða hryssur fimm vetra eða eldri	1 —
4 trippi tvævetur til fjöggra ára	1 —

b. skip og bátar, sem ganga til fiskiveiða:

1 þilskip	3 —
1 áttæringur eða stærri skip	1 ¹ / ₂ —
1 sexæringur eða feræringur	1 —
1 tveggjamannafar	1 ¹ / ₂ —

veidigögn fylgja skipi hverju í tíund.

Í 1. gr. er boðið, að hvern, sem á 60 álna eður hálf hundrad í tíundarbæru lausafje, skuli tíunda það á ári hverju. Þar af leiðir, að sá þarf enga lausafjártíund að lúka, sem ekki á hálf hundrad í tíundarbæru lausafje.

Í 2. gr. er sagt að fella skuli úr tíund sjöunda hluta fjenaðarins, og á maður því í raun og veru ekki að gjalda meiri tíund af hverju hundraði penings þess, er hann á, (svo sem 1 kú, eða 6 ám o. s. frv.), en af $\frac{6}{7}$ þörtum hundraðs eður $102\frac{6}{7}$ álum.

Í 8. gr. (sjá og tilsk. 14. maí 1834,) er og sagt, að eigi skuli tíunda föst innstæðukúgildi jarðanna, tíundin af þeim sje fölginn í jarðar tíundinni. Þar sem eigi er fast ákveðið innstæðukúgilda tal, á jörðum, er heimilt að telja eitt kúgildi á hverjum 5 hundruðum, en eigi fleiri. Allan annan leigupening skal tíunda; skal telja hann sjer í tíundarskýrslunum, og leiguliði greiða tíund af honum sem sínu fje. Það virðist mjög vafasamt, hvort telja megi frá nokkurt innstæðukúgildi sem tíundarfjalst á þeim jörðum, er veitt hefur verið tíundarfrelsi eður njóta þess, t. a. m. á þeim jörðum, er lágu undir biskups-stólana, en nú eru seldar, því þar getur ekki tíundin af innstæðukúgildunum álitist sem innibundin í tíund þeirri, er svarast af jörðunni, því þar svarast engin tíund af jörðunni.

Eptir 11. gr. á að telja fram fje til tíundar í

þeirri þinghá, sem eigandi á lögheimili í, en ef það er leigufje, þá þar, sem leiguliði á lögheimili. Nú hefur einhverr 2 eður fleiri jarðir undir bú sitt og liggur sín í hverjum hreppi og er hann þá skyldur, að telja þann pening þar fram til tíundar, er hann framfærðist.

Eptir 12. gr. á að greiða níu tíundu hluta álnar af hverju lausafjár hundraði (það er að segja, er maður geldur tíund af). Tíund af fimm hundruðum eður meira lausafje skiptist í þrjá jafna hluta; fellur einn hluti til fátækra í þeirri þinghá, sem tíundandi á lögheimili í, annarr til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, og hinn þriðji til hlutaðeiganda sóknarprests. Öreigatíund eður tíund af minna lausafje en fimm hundruðum fellur óskipt til fátækra. Tíundin, bæði fasteignartíundin og lausafjártíundin, skiptist fyrrum í 4 jafna staði, þar biskupum $\frac{1}{4}$ partur hennar og nefndist þá biskupstíund; um siðaskiptin tók konungur hana undir sig, og nefndist hún þá konungstíund, en nú er hún upphafin með lögum 14. des. 1877. — Eptir kristnarjetti mátti biskup leggja öreigatíund til kirkju, ef honum sýndist það nauðsynlegra og viðhelzt það enn frá gamalli tíð, að einstaka kirkja eður prestur nýtur þessarar tíundar.

Í 14. gr. er sagt, að eindagi prests og kirkju tíundar (það er að segja af lausafje), sje sumardagurinn fyrsti næst á eptir að tíundin var gjörð, og í 13. og 14. gr., að allir sömu aurar sjeu gjald-

gengir í þær, sem hin almennu gjöld til landsjóðs.

15. gr. er nú breytt við lög 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eður sáttar. Þar er sagt í 2. gr. að lögtaksrjetturinn fylgi skuldakröfunni, og beri hann því hverjum þeim, er hann síðar eignist, og rjetturinn viðhaldist þangað til ár sje liðið frá gjalddaga, þó sje nóg, að lögtaks hafi verið beiðst, áður en ársfrestur þessi sje liðinn, enda fylgi beiðandi fram lögtakinu með hæflegum hraða. Þetta snertir jafnt fjárnám fyrir jarðir sem lausafjártíund.

Á hverju ári skal halda tvenn hreppaskilapíng, hin fyrri á vorin 12. til 24. júní mán., hin síðari 1. til 20. október mán. Í kaupstöðum skal auglýsa þau á vanalegan hátt, en í hreppunum skulu hreppstjórar kveðja til þeirra í tæka tíð með píngboði, er berist um hreppinn rétta boðleið; hverr. sem tefur boðburð eða fellir niður að nauðsynjalausu sektast um 3 kr. Hverr búandi maður er skyldur, að viðlagðri 1 kr. sekt, að mæta sjálfur eða láta fullveðja mann mæta fyrir sig á hreppaskilapíngi því, sem hann á sókn að, og skal hann á vorhreppaskilapíngum telja fram lausafje það, er hann og hjú hans í fardögum áttu og þeir er á hans vegum eru, ef þeir eigi mæta sjálfir; en á hausthreppaskilapíngum skal telja frá það, sem farist hefur um sumarið af því, sem talið var fram um vorið, sem og þann pening, sem þeginn er undan tíund. Þeim, sem eigi segir

til tíundar sinnar, skal hreppstjóri eða bæjarfógeti gjöra tíund, eptir því sem næst verður komið um fjáreign hans; sama er og ef framtala einhvers þykir tortryggileg eða að ekki sje rjett skýrt frá vanhöldum. Sá, sem tíund er gjörð, á þann kost, að sanna tíund sína með eiði fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, þó eigi síðar en á næsta manntalsþingi, eptir að tíund var gjörð. Heimilt er og að gjöra rjettarrannsókn um tíundarframtal manna, og verður sá sekur um 10 til 100 kr., er sannur verður um rangt tíundarframtal og gjaldí að auk öll lögboðin gjöld af því, sem hann dró undan.

42. gr.

Um dagsverk.

Allir þeir bændur, sem eru fyrir innan skiptitíund, eiga að fornri venju og eptir gömlum ákvörðunum (sjá *synodal*-ákvörðun 22. júlí 1726), að vinna einn dag hjá sóknarprestinum um túnasláttinn, sem víðast fæðir þá á meðan.

Allir þeir húsmeun og vinnuhjú, sem eru innan skiptitíundar og eiga að borga ljóstoll til kirkjunnar, eiga og að vinna prestinum dagsverk; sjá kgs.bréf 21. maí 1817; einnig eiga lausamenn að gjöra það; sjá reglug. 1782, 13. gr. Sá, sem ekki vill vinna dagsverkið, má borga prestinum það, eptir kgs.bréfi 21. maí 1817, með öðrum góðum landaaurum, eptir meðalverði í þeirri sveit, og á þeim tíma, sem dagsverkið átti að vinnast á. Dagsverkið um túnasláttinn er að fornu mati 5 álnir,

og er maðurinn þá fæddur. Peningar verða og að vera gildur gjaldeyrir; þegar dagsverkið ekki er unnið, er það nú víðast galdið eptir verðlags-skránni, eptir því sem dagsverkið þar er metið.

43. gr.

Um lambsfóður.

Eptir gamalli venju og ákvörðunum á hverr sá, sem hefir grasnyt, að fódra eitt lamb fyrir prestinn, eður gjalda honum málbandshest af góðu velverkuðu heyi, og flytja það heim til hans. Þessi tollur er, eptir því sem sagt er í gömlum dómum, með fyrstu á kominn við það, að allir þeir er grasnyt höfðu, voru álitnir skyldir að fódra í sameining reiðhest prestsins. Tollur þessi er nefndur í reglug. 1782 og eins í eldri lagaboðum.

Lömbin lætur presturinn undir eins á haustin reka í fóðrin, og þeim á eptir venjunni að skila prestinum vel fóðruðum á vorin 10. maí, er nefnist *eldaskildagur*, eður þegar gjafatíminn er úti. Ef vanbrestur verður á með lambseldið, eður með að gjalda prestinum lambsfóðrið í heyi, verður að gjalda það í góðum og gildum aurum eður peningum, áþekkt því, sem boðið er í kgs.brjefi 21. maí 1817 um dagsverkið, og getur þá presturinn án efa ætíð heimtað sömu borgun fyrir það, sem stendur í verðlagsskránni. Lambseldið er að fornu mati 10 fiskar.

Sumstaðar er sú venja, að menn fódra annað lamb til fyrir prestinn, er nefnist *Maríulamb* eður

Pjeturslamb, en allt önnur rót er fyrir þeirri venju, en hinni, að taka af honum *prestslambið*, er menn nefna svo. Líka tóku sóknarbændur í fyrndinni sumstaðar hverr sitt lambið af kirkjueigöndunum eður þeim, sem á kirkjustöðunum bjuggu, þó þeir ekki væri prestar.

Það getur stundum orðið vafasamt, hvort sá bóndi, sem hefir tvær heilar jarðir, eður fleiri undir, eður heldur bú á tveim stöðum eður fleirum, og hefir þar grasnyt, ekki eigi að taka eins mörg prestslömb, sem jarðir þær eru, er hann býr á eður heldur bú á, og þannig fódra eitt lamb á hverri jörðu eður búí sínu fyrir þann sóknarprest, þar sem jörðin lægi eður búíð væri.

Til þess að skera úr þessu, virðist einkum beri að gæta að: fyrst, hvort jarðirnar eður búin sje í einu eður fleiri prestaköllum, þar næst, hvort það eru að eins jarðarpartar eður þá að eins eitt lögbýli þar í, er menn hafa undir, eður, hvort menn búa svo á fleirum lögbýlum, að aðrir eigi hafi þar af sneiðir með manni; og í þriðja lagi, hvort maður hafi fleiri lögbýli undir, af því hann hafi eigi fengið hin byggð, en reynt það þó á lögbodinn hátt. Og aptur ber þess að gæta fyrst og fremst, að hverjum presti ber lambsfóður af hverjum þeim, sem hefir grasnyt í sóknum hans og að það eigi getur skipt málum, hvort bóndinn hefir heimili sitt í prestakallinu eður eigi; þar næst, að engum presti ber utan eitt lambsfóður af nein-

um, sem hefir grasnyt í sóknum hans, nema hann valdi prestinum ólöglegri rýrð í lambsfóðrunum, og í þriðja máta, að enginn prestur hefir heimting á því, að jarðeigendur hafi margbýli á jörðum sínum, og getur því engra skaðabóta krafizt fyrir það, þó þeir eigi gjöri svo; en þar á móti ber honum fullar skaðabætur fyrir þá rýrð í tekjum sínum, er hann biður við það, að menn setja lögbyli ólöglega í auðn, svo að þar er eigi haldið uppi byggð.

Þó einhverr eigi nokkrar skepnur, og fái sjer einhversstaðar að slægjur fyrir þær, getur hann eigi verið skyldur fyrir það til að fóðra prestslamb, þó það kunni sumstaðar við að gangast, heldur virðist sem hann verði að hafa einhver föst umráð einhvers jarðarparts fyrir skepnur sínar.

44. gr.

Um afgjald presta af jörðum.

Í fyrndinni gáfu þeir, sem kirkjur byggðu á bæjum sínum, fje til þeirra þeim til viðhalds og prýði, annaðhvort í löndum eður lausafje, eður í hvorutveggju, og varð hver kirkja að hafa nokkra heimanfylgju; annars leyfði biskupinn ekki, að það yrði kirkja; margir aðrir gáfu og við ýms tækifæri; fje til kirkna; kirkjufjeð var í vörzlum þeirra, er kirkjurnar höfðu látið byggja, og erfingja þeirra, og kirkjan með fje sínu skoðaðist að nokkru leyti sem eign þeirra; þeir tóku að sjer tekjur kirkn-

anna, en viðhjeldu þeim og keyptu af prestum að syngja þar helgar tíðir, eður þá hjeldu presta til þess; en samt höfðu biskuparnir nokkra umsjón yfir kirkjunum. Þegar biskupavaldið óx, heimtudu biskupar að leikmenn ljeti með öllu kirkjurnar og kirkjuþfen af hendi við sig, en margir leikmenn settu sig á móti því. Þessi staðamál, er menn nefndu svo, og einkum áttu sjer stað í *Skálholts*-biskupsdæmi, endudu þannig, að sætt komst á 1297 millum *Eiríks* konungs *prestahatara* og *Árna* biskups *Þorlákssonar* í *Skálholti*, er svo hljóðaði: „að þær jarðir allar í *Skálholts*biskupsdæmi, sem kirkjur ætti skyldi vera undir biskupsforræði, en þær, sem leikmenn ætti hálfar eður meir, þeim skyldi leikmenn halda með þvílíkum kennimannaskyldum, sem sá hefði fyrirskilt, er gaf, en lúka af ekki framar“. Við kirkjujarðir verður hjer að eins að vera meint til kirkjustaðanna, og eptir þessa sátt fengu leikmenn flestir biskupinum til forráða kirkjur sínar með öllu gózi þeirra, bæði í löndum og lausum aurum, þar sem kirkjan átti meira enn helming í heimalandi, en hinum hjeldu þeir. Þegar biskuparnir voru búnir að fá staðina, fengu þeir prestunum þá og kirkjueignirnar í ljen, og þetta ljen nefndist *beneficium*. Síðan hafa og ýmsir kirkjustaðir með kirkjueignum á ýmsan hátt lagzt til prestanna.

Þar sem þannig þessar ljenskirkjur eru, er enginn einstakur maður nú lengur á, og menn

geta sagt, að eigi sig sjálfar eður að landið eigi handa prestum sínum, er sóknarprestunum veittur kirkjustaðurinn til ábúðar afgjaldslaust, og eins leigur og landskuldir af kirkjujörðunum, og yfir höfuð allur arðurinn af kirkjufjánnum; en þar á móti ber þeim að gæta að því, að það ekki rýrni nje gangi úr sjer. Sumstaðar í þingabrauðum voru prestum skömmu eptir siðaskiptin lagðar jarðir frá stólunum til ábúðar, eður þá af konungi, einkum einhver klausturjörð, og guldu þá prestarnir venjulega eptir þær; en nú eru prestarnir víðast hættir að gjalda eptir þessar jarðir, og hefir afgjaldsins lengi ekki verið krafizt. Í sumum brauðum hafa og nokkrar jarðir verið gefnar prestum til afgjalds, án þess þær hafi verið gefnar kirkjum. Í þeim brauðum, þar sem engin bújörð er ætluð prestinum, og hann enga jörð á þar í sóknunum, má hann eptir kgs.br. 18. apríl 1761, með aðstoð hjeraðsprófastsins, sýslumannsins og 2 annara valinkunnra bænda, kjósa sjer til ábúðar einhverja þá jörð í sóknunum, er hvorki eignarmaðurinn býr á nje sýslumaðurinn, nje sá bóndi, sem búinn er að búa þar í 20 ár, og vel hefir setið jörðina; eins á jörðin ekki að vera ljenuð neinum af hinu opinbera. Hafi sá, sem stendur upp fyrir prestinum, goldið festu fyrir jörðina, er presturinn skyldur að borga honum hana, og sýslumaðurinn á að útvega honum aptur aðra hagkvæma jörð. Presturinn á að gjalda eptir jörðina, sem eigandanum ber; sú jörð,

sem þannig hefir verið einu sinni útlögð prestum til ábúðar, á síðan að vera bújörð prestauna þar, meðan presturinn sjálfur enga jörð á í presta-kallinu.

45. gr.

Gjald frá annexiubændum.

Eftir fyrnefndri sátt Eiríks konungs og Árna biskups frá 1297, áttu leikmenn að halda þá staði, þar sem kirkjan ekki átti meira, en hálf t heima-land, með þeim kennimanna skyldum, sem sá hafði fyrirskilið, er gaf, og lúka ekki af framur. Á þessum kirkjustöðum voru í fyrndinni opt haldnir prestar af eigöndunum, er gáfu þeim ákveðið kaup, eður þá, ef kirkjan var ekki svo rik, keyptu þeir messur við og við af næstu prestum. Þegar siðaskiptin komust á, og prestar tóku til að gipta sig, og því ekki gátu lengur notað það, að vera hjá kirkju-eigöndunum, þóttust margir kirkjueigendur ekki skyldir til að fæða þá, úr því þeir ekki vildu vera heima hjá sjer, enda þóttu þeim þeir nú og eiga minna kaup skilið af sjer, en áður, meðan þeir sungu sálumessur í kirkjum þeirra, og embættisstarfi þeirra allur var meiri. Í þessu þrasi gekk millum klerka og leikmanna, unz 1629, að *Oddur* biskup *Einarsson* ljet dóm ganga á alþingi um einum prest, er kirkjueigandinn ekkert hafði þótt geta borgað vegna harðinda, er þá gengu; ljetu dómendur í ljósi þá meiningu, að þó menn nú

ekki lengur gæti farið eptir því, sem prestum hefði verið galdið í pápisku tíðinni, ætti þeir samt að fæðast af kirkjufjánum, og dæmdu kirkjueigandann skyldan til, að lúka prestinum hálfar leigur, eður 1 fd. smjörs eptir hvert kúgildi, er kirkjan ætti. Þessi dómur fjell flestum prestum og kirkjueigöndum svo vel í geð, að þeir tóku til að fylga honum sem reglu fyrir því, hverjar árlegar tekjur prestarnir skyldi hafa af kirkjufjánum frá eigöndum bændakirknanna, og nú er sú regla því nær hvervetna komin á, að prestar fá hálfar leigur eður 1 fd. smjörs eptir hvert kúgildi, sem bændakirkjurnar eiga, og kallast þetta smjörgjald vanalega *prestmata*; og þessari langvinnu reglu getur víst engin kirkjueigandi riptað nú, þar sem hún er ákomin, þar eð kirkjueigendurnir í fyrstu fúsir gengust undir hana, og eignirnar síðan með þeim kvöðum hafa gengið mann frá manni. Á einstaka stað hefir þó þessi venja eigi fyllilega komizt á, og þar virðist menn eigi hafi rjett til að troða henni upp á kirkjueigendurna.

Þegar kirkjueigendur hafa fengið løyfi til, að fækka hjá sjer kirkjukúgildum, þá hafa þeir opt um leið skuldbundið sig til, að gjalda prestinum eins mikið fyrir því árlega af smjöri, svo tekjur prestanna enga þurð hafa liðið við það; og þegar bændakirkjur hafa einhversstaðar verið lagðar niður, einkum þegar það hefir verið gjört eptir beiðni eigandanna sjalfra eður með samþykki þeirra, hefir

jarðeigandinn á stundum eins fyrir því haldið áfram að greiða prestinum árlega sömu prestmötu sem fyrr. Annars er það auðsætt, að þegar þænda-kirkja einhversstaðar er lögð niður án samþykkis kirkjueigandans, verður þessi tollur að falla niður; en sje það eptir samkomulagi við kirkjueigandann, að kirkjan sje niðurlögð, verður allt að vera komið undir samkomulagi millum hans og stjórnarinnar um tollinn, hvort hann skuli falla niður eður viðhaldast, og þá hvort allur eður nokkur. Þar sem sú venja er ákomin, að presturinn árlega fær hjá kirkjubóndanum hálfar leigur eptir kirkjukúgildin, eður laun sín goldin sjer í smjöri, þarf presturinn ekki að taka á móti borgun í öðru en því, eður þá peningum, sje smjörið eigi til, eptir því verðlagi, sem smjörið það ár hefir í verðlags-skránni; sjá tilsk. 1782, 11. gr.

Auk fyrtdra tekna prestanna, er og sagt í reglugjörð 1782, 13. gr., að lausamenn eigi að lúka prestinum, auk dagsverks, 24 skk. árlega, og eins mikið kirkjunni. Þó löggjöfin nú hafi gjört mönnum langtum örðugra fyrir, en fyrr, með að vera lausum, geta menn þar fyrir engan veginn álitid, að löggjafinn með því hafi losað lausamennina, þar sem þeir eru, við þessar skyldur. Þó sagt sje, að lausamenn eigi að lúka prestum, auk dagsverks, 24 skk. þá flýtur þar af engan veginn, að enginn lausamaður eigi að borga þenna toll, nema hann eigi dagsverk að gjalda, heldur sýnist sem

reglugjörðinn þvert á móti hafi viljað láta hvern þann, sem lauss væri, gjalda presti og kirkju þennan toll, hvort sem þeir svo eptir löggjöfinni ætti að borga meira eður ekki.

46. gr.

Um offur.

Í reglugjörðinni 1782, 12. gr., var ákveðið, að á hverri stórhátíð, jolum, páskum og hvítasunnu skyldi biskuparnir og allir konunglegir verðslegir embættismenn, ásamt með umboðsmönnum og klausturhöldurum, og líka ríkir bændur offra prestum sínum, eins skyldi og kaupmenn gjöra það og þjónar þeirra, þeir er full laun tæki, en ekkert tíundaði; en hverr var látinn sjálfráður um það, hvað mikið hann gæfi.

Við kgs.br. 4. júní 1790 var ákveðin upphæð offursins þannig, að sýslumenn, konunglegir þjónar og kaupmenn skyldi í hvert skipti gjalda í offur 4 mörk, en jarðeigendur að eins 1 mark; en aðrir jarðeigendur skyldi ekki vera skyldir að offra, en þeir, sem ætti í hið minnsta 20 hndr. í jarðagóðsi, eður þá 10 hndr. í jörðum, og að auki tíundaði 10 hndr. í lausafje.

Nú er við tilsk. 27. janúar 1847, 3. gr. ákveðið, að sjerhverr húsbóndi, eður þeir, sem eigi með sig sjálfir, þó þeir ekkert bú hafi (*selvstændige enlige Personer*), og sem eigi 20 hndr. annaðhvort í fasteign eða lausafje, eða þá í fasteign

og lausafje til samans, eigi árlega að gefa prestinum í offur ekki minna en 8 álnir.

Með þessu seinasta lagabóði sýnast engan veginn þeir embættismenn og kaupmenn, er eptir reglugjörð frá 1782 áttu að offra, án tillits til þess, hvað þeir ætti, losaðir við það, eins og með því heldur engin breyting er gjörð á því, hvað mikið þeir eptir kgs.br. 4. júní 1790 eiga að offra um árið, ef offursskylda þeirra eigi getur byggzt á fjáreign.

Að því leyti þar á móti offurskyldan var bundin við eigur, þá er nú við lagabóðið 1847 orðin talsverð breyting frá því, sem var; þannig er *fyrst* offurupphæðinni breytt, og *í öðru lagi* er offurskyldan byggð á nokkuð öðrum grundvelli, þar hún nú getur byggzt á lausafjáreign eingöngu.

Þó í lagabóði þessu eigi sje ákveðið, að lausafjáreignin skuli vera í tíundarbæru lausafje, mun það samt vera tilgangurinn, því það er auðsætt, að lagabóðið hefir viljað láta eignarupphæðina, er offurskyldan skyldi byggjast á, halda sjer óbreyttri, frá því, sem hún var ákveðin í kgs.br. 1790, en þar var hún ákveðin við tíundina af lausafjenu, og þá tíundaði eigandinn en eigi leigunauturinn, leigupening sinn. Þegar menn nú því vilja finna, hvort maður eigi svo mikið, að hann sje skyldur að lúka presti offur, ber að draga frá lausafjártíund hans, fyrst leigupening þann, er hann tíundar,

og þar næst ómagafje það, er hann kann að lúka tiund af. Og að því er upphæð fasteignarinnar snertir, sem kemur manni í offur, þá ber að gæta þess, að þar verður að fara eptir gamla matinu, því nýja matið er eigi löggilt fyrir aðra skatta, sem nú eru, en tíundina; en ef jörðin hefir ekki hundraðatal eptir gamla matinu, verður rjettast að fara eptir virðingunni, er liggur til grundvallar fyrir nýja matinu, og sjá, hve mörg hundruð eignin verður eptir henni, samanborinni við dýrleikann á hundraðinu í verðlagsskránni eptir meðalverði allra meðalverða. Það getur eigi losað mann við offurskylduna, þótt jörð manns sje tíundarfrjáls, en þar á móti virðist engin offurskylda geta byggzt á kirkjueign, þó bændur eigi þær kirkjur, sem eignin liggur til, því eignarrjettur kirkjueigandans yfir góðsinu er þar eigi fullkominn og kirkjan er hinn verulegi eður næsti eigandi þess, og á kirkjugóðs geta engir tollar lagzt eptir reglugjörð 1782, nema það sje með berum orðum gjört í lagaboðum þeim, er um þá tolla hljóða, með því á eignum þessum hvila og ýmsar álögur í opinberar þarfir, er aðrar fasteignir eru lausar við.

Ef embættismenn og kaupmenn, er eptir kgs. brjefinu 1790 eiga að lúka í offur 4 mörk, þó þeir ekkert eigi, eiga 20 hndr. í fasteign eður tíundarbæru lausafje, ber þeim nú að gjalda offur eptir tilsk. 1847, og þess heldur, sem þeir eptir nefndu

konungsbrjefi ætíð áttu að gjalda meira í offur, hvernig sem ástatt var fyrir þeim, en bændur.

47. gr.

Um aukatekjur presta.

Um þær hljóðar einkum tilsk. 27. janúar 1847. Eptir að löggjafinn þar hefir fyrst óskað, að menn vildi láta sjer farast vel við presta sína, er þar talað um, hvað prestum beri fyrir aukaverk þeirra.

1. Er þar ákveðið, að prestum beri fyrir að syngja yfir og kasta moldum á einhvern 6 álnir (1. gr). Þetta gjald nefnist *líksöngseyrir*, og hefir hann einlægt verið 6 álnir. Ef þeir, sem að hinum dauða standa, biðja prestinn að halda líkræðu yfir honum, ber prestinum sómasamleg borgun fyrir það sjer á parti (1. gr.); haldi presturinn líkræðu, og hafi ekki verið bedinn þess, þá getur honum engin borgun borið fyrir það.

2. Fyrir hverja hjónavígslu bera prestum 6 álnir.

3. Fyrir barnaskírn 3 álnir.

4. Fyrir að leiða konu í kirkju 2 álnir. Þessi borgun á og án efa að greiðast fyrir það, þó presturinn ekki leiði konuna reglulega í kirkju, þegar hún ekki óskar þess, heldur að eins lýsir því yfir af stólnum, að hún nú í fyrsta sinn komi í kirkju eptir barnsburðinn, o. s. frv.

5. Fyrir barnsfermingu bera prestum 12 álnir.

Við þetta er það aðgætanda, að þær borganir sem taldar eru undir tölul. 2—5, eru að eins hið minnsta, sem prestum á að borga fyrir þessar gjörðir þeirra, og að prestar mega taka móti meiri borgun, ef þeim er boðin hún; aptur á móti má prestur ekki heimta neitt fyrir þær, þegar þeir, sem hann gjörir gjörðina fyrir, annaðhvort þiggja af sveit, eður vegna fátæktar hafa verið leystir við að gjalda til sveitar (7. gr.); við þessa siðarnefndu virðast þó ekki verða skildir nema þeir, sem ekki að eins ekkert aukaútsvar til sveitarinnar hefir verið gjört, heldur líka hefir verið gefin eptir þurfamannatíund sín. Með þessu er þó engan veginn bannað prestum, jafnvel þó þeir að líkindum eigi noti það, að taka á móti borgun af þessum fátæklingum, ef þeim er boðin hún.

Auk þessa er í 1. gr. að því er líksöngseyrinn snertir, sagt, að prestum beri hann ekki eptir sveitarómaga, nema ef afgangur skyldi verða af eignum þeim, er þeir láta eptir sig, þegar búið er að endurgjalda sveitinni kostnað þann, er hún hefir haft þeirra vegna. Það, sem mönnum í ómegð er lagt, þurfa þeir ekki að endurgjalda sveitinni, þegar þeir vaxa upp, og það fje verður því eigi tekið af eignum þeirra, er þeir deyja, til sveitanna.

Þegar börn þeirra deyja, sem eptir 7. gr. annaðhvort sjálfir þiggja af sveit, eður vegna fátæktar ekkert eru látnir gjalda til sveitar, og börn

Þessi eru í ómegð, og engar eigur eiga, þá getur prestum enginn líksöngseyrir borið.

Í 2. gr. er sagt, að þegar prestar verði að ferðast í sóknir sínar, til að þjónusta veika, eigi þeir sjálfir að leggja sjer hesta til; en sá, sem lætur vitja prests, á að láta fylgja honum fram og aptur; en þurfi prestar að fara sjóveg, eiga þeir að hafa flutning ókeypis fram og aptur. Sama regla sýnist og verða að gilda, hvenær sem prestur er sóttur, til að gjöra eitthvert embættisverk (sjá tilsk. 30 apr. 1824).

6. Ber prestum fyrir að gegnumskoða reikninga hvefrrar bændakirkju í prestakalli sínu 3 álnir af sjóði kirkjunnar; þegar kirkjan því ekkert á umfram í sjóði, eður stendur í skuld, virðist sem prestum ekkert geti borið fyrir þetta (tilsk. 1847).

Öll þessi gjöld eiga eptir 6. [gr. að lúkast í góðum og gildum landaurum eður peningum, eptir hvers árs verðlagsskrármeðalverði á þessum álnum.

7. Fyrir hvern þann, sem prestar setja kúabólu, og sem hún kemur út á, ber þeim eptir kgs.br. 24. marz 1830 úr jafnaðarsjóðnum 12 sk.; þó eiga þeir og fyrir þessa borgun að gefa bólu-seðil.

8. Fyrir hvert vottorð úr kirkjubókum, er prestar gefa, bera þeim venjulegast 32 sk., þó ekki af húsmönnum, tómthúsmönnum, daglaunamönnum, vinnuhjúum, eður öðrum áþekktum, nema

16 sk. Ef prestur í vottorðum þessum verður að vitna um fleira, en eitt atriði, til dæmis: gefa útdrátt af fleirum en einum stað úr kirkjubók, má hann taka að auk, fyrir hver hin atriðin, sem hann vitnar um, hið hálfu af fyrrtjeðri borgun; þó má borgunin fyrir öll atriðin til samans aldrei verða meiri, en svo, að hún verði holmingi meiri, en einstakt vottorð kostar (tilsk. 21. desember 1831, 2. gr.); þó er gjörð hjer frá sú undantekning, að fyrir að gefa prestsæðil eður rita á hann, að hann sje sjer sýndur, má prestur að eins taka 6 sk. (3. gr.). Líka eru það ýms vottorð, er prestar verða að gefa borgunarlaust:

- a*, í öllum opinberum málefnum, þegar þeir annaðhvort eptir löggjöfinni eiga að gefa þau eður hlutaðeigandi embættismenn biðja um þau í embættisnafni.
- b*, þegar einhverrr ætlar að sækja um eptirlaun, eður annan styrk af hinu opinbera, og því biður um vottorðið máli sínu til sönnunnar, eður hann þarf á því að halda, til að fá eptirlaunin eður styrkinn sjer borgað.
- c*, þegar hjón vilja skilja, að þeir hafi reynt að sætta þau.
- d*, sem fátæklingar fá hjá þeim, um hvað sem svo vottorðið hljóðar (1. gr.).

Ef einhverr álitur, að prestur hafi tekið of mikla borgun fyrir einhvern vitnisburð, er hann hefir fengið hjá honum, má hann innan 6 vikna

klaga það fyrir amtmanni, er þá með úrskurði sínum getur skorið úr því. Ef presturinn tekur of mikla borgun fyrir þessi vottorð, á hann að fá í fyrsta sinni ofanígjöf fyrir það, og gjöri hann það aptur, á að sekta hann allt að 20 kr.

48. gr.

Ýms hlunnindi presta, og kvaðir er á þeim liggja.

Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum, er prestum þeim, er þar þjóna, veittur styrkur úr landssjóði; eins er og veittur sjerskilinn styrkur úr landssjóði til nokkurra brauða í hinu fyrrveranda Hólabiskupsdæmi (sjá fjárlögin). Prestar eru lausir við að svara annari tíund, en til fátækra (regl. 1752) en ef þeir hafa útibú, verða þeir þó að svara öllum tíundum af þeim. Prestar gjalda eigi ljóstoll til kirkju, en þó mun það vera meir eptir venju en lögum, að þeir gjalda hann ekki, og það getur varla rjettlætzt við reglug. 1782, 4. gr., því ljóstollur er eigi álagður við kgl. lagaboð, heldur kristnarjett, en eptir honum áttu prestar að gjalda hann, sem aðrir. Þegar prestur er búið að höfða mál, ber að veita þeim, sem öðrum embættismönnum, gjafsókn (lög 12. júlí 1878).

Prestar verða yfir höfuð ekki skyldaðir til af yfirvaldinu að takast á hendur nein störf nje byrðar, sem ekki eiga skylt við embætti þeirra, og að mestu leyti liggja á almenningi. Þeir þurfa ekki að leggja neinn styrk til, þegar kirkjugarðar eður

kirkjuveggir eru bygðir, eður þök lögð á kirkjur, reglug. 1782, 15. gr., nje til þinghúsabyggingar, tilsk. 29. maí 1744, 24. gr. Eptir kgsbrjefi 29. apríl 1776, 8. gr., voru þeir lausir við að taka nokkurn þátt í vegabótum, og virðast þeir því nú eigi verða skyldaðir til að borga nokkuð fyrir sig, þó þeir eigi taki sjálfir þátt í vegabótavinnu.

Aptur á hinn bóginn liggja þó nokkur útgjöld og byrðar á prestum í almennar þarfir; þannig má leggja á þá aukaútsvör til sveitar, og setja þeim niðursetninga, reglug. 1782 og 8. janúar 1834. Ef þeir halda bú, verða þeir að senda menn í fjallgöngur á haustin, láta leita grenja í landareign sinni og borga dýratolla, og eins mun það viðgangast nú, að þeir gjaldi til niðurjafnaðarsjóðsins af fje því, er þeir tíunda. Af sumum betri brauðum er árlega goldið nokkuð í landssjóð (lög 27 febr. 1880).

49. gr.

Um prestaköll, er þau verða laus.

Prestaköll verða laus:

1. þegar presturinn þar deyr;
2. ef hann fær annað prestaköll eður embætti;
3. ef hann segir af sjer, og fær þannig lausn;
4. ef hann með dómi verður dæmdur frá embætti, eður honum er vikið frá því með konunglegum úrskurði.

Vjer höfum hjer að framan leitazt við að

sýna, að prestar, þó þeir ekki hafi nema landshöfðingjaveitingu fyrir brauðum sínum, verði eigi sviptir embættum aptur með neinum yfirvalda úrskurðum.

Þegar mál er höfðað gegn einhverjum presti, til að hafa fyrirgjört embætti sínu, eður ef málið er þess eðlis, að hann ekki getur verið við embætti, ef hann fjelli á því, og líkur ganga gegn prestinum, þá verður landshöfðingi að vísu að víkja honum frá embætti um tíma, meðan á málinu stendur; en hvort presturinn missir alveg embættið, svo brauðið verði laust, er þó komið undir dómnum eður endalokum málsins.

Þegar eitthvert brauð verður laust af þeim orsökum, sem biskupinum þegar ekki eru kunnar, svo sem við lát einhvers prests, á prófasturinn að segja biskupinum frá því hið fyrsta; en um lát prófaste rita sýslumenn biskupi. Undir eins og biskupinn hefir fengið áreiðanlega vissu um, að brauðið sje laust, gjörir hann það heyrum kunnugt með opnu brjefi, sem fest er upp á stað nokkrum í Reykjavík, svo þeir, sem vilji, geti sótt um það. Brjef þetta er ekki tekið ofan aptur, fyr en eptir 6 vikur, því fyrr má eigi veita brauðið (tilsk. 19. janúar 1742), og eiga öll bónarbrjef um brauðið, ef landshöfðingi á að veita það, að vera komin til biskups fyrir þann tíma; en sje brauðið eitthvert þeirra, er konungur hefir áskilið sjer sjálfum að veita, þá er því og þar að auki slegið upp

í Kaupmannahöfn í 6 vikur, sjá hjer um nú lög 8. jan. 1886.

Um það, hvernig fara skuli með prestslega þjónustu í brauðinu, meðan það er laust, og hverjum beri tekjurnar af því á meðan, hljóðar tilsk. frá 6. janúar 1847.

Þar er boðið, að prófasturinn eigi að sjá um, að hinir næstu prestar þjóni brauði, er það losnar, og þangað til hinn nýi prestur kemur til brauðsins, eður að einhverr, sem prestvígslu hefir, verði settur til þess; þó má eptir 1. gr. prestur sá, sem sem fengið hefir annað brauð, ætið halda áfram að þjóna til næstu fardaga því brauði, sem hann ætlar frá, svo prófasturinn þarf þá ekki að skipta sjer af þjónustugjörðinni þar á meðan.

Enginn, sem veitt er nokkurt brauð, hefir heimting á að fara til þess, fyrr en í næstu fardögum, eptir að það losnaði, sjá 1. og 3. gr.; en þá á hverr sá, sem brauðið hefir verið veitt, að fara til þess, eður ef hann af einhverjum orsökum, ekki hefir getað það svo snemma, eður ef honum hefir verið veitt það eptir fardagana, þá hið allra fyrsta, sem honum er unnt; þó er hjer frá gjörð undantekning með þann, sem áður er prestur í einhverju öðru brauði, og ekki er veitt brauðið fyrr en eptir fardagana; því, ef hann vill, þarf hann þá ekki að fara til þessa síns nýja brauðs, fyrr en í næstu fardögum, eptir að hann fjekk veitinguna fyrir því, sem þá verða aðrir fardagar frá

því brauðið, sem hann á að fara til, losnaði; en vilji hann þetta, verður hann undir eins að láta prófastinn þar, sem brauðið liggur, er honum er veitt, vita þessa fyrirætlan sína, svo prófasturinn geti sjeð um, að því verði þjónað af öðrum, uns hann kemur.

Reglur tilskipunarinnar fyrir því, hverjum beri tekjurnar af brauðinu frá því það losnaði, og þangað til nýr prestur kemur til þess, eru þær:

1. Að allar tekjur prestakallsins, frá því það losnaði og til næstu fardaga þar á eptir, bera þeim presti, sem frá fer, eður ekkju hans og dánarbúi, 1. gr.

2. Allar þær tekjur þar á móti, sem falla eptir þann tíma, bera presti þeim, sem fær brauðið, hvort sem það er veitt honum fyrir eða eptir fardagana, 2. gr.

Af hinu fyrsagða leiðir, að þegar presti er veitt annað brauð, en eigi fyrri en eptir fardaga næstu eptir að það losnaði, bera honum það fardagaár bæði tekjurnar af þessu brauði, sem honum þá er veitt, og eins af því, sem hann fer frá, en verður þó aptur að kosta prestsþjónustu í öðru hvoru brauðinu.

Ef prófasturinn verður að sjá um, að brauðinu sje þjónað af öðrum, þá á kostnaður sá, er þar af leiðir, að borgast af þeim, er tekjurnar bera, þannig: að

a. *Þeir, sem þjóna brauðinu, frá því það losnar og til þess á næstu fardögum eptir, fá endurgjald þar fyrir af tekjunum, er verður að skiljast svo, að þeir eigi af þeim að fá bæði kostnað sinn borgaðan, og þar að auki riflegt endurgjald fyrir starfa sinn; þó ef einhverr prestur, sem veitt hefir verið annað brauð, en fengið hefir fyrst veitinguna eptir næstu fardaga, eptir að það losnadi, fer til þessa nýja brauðs síns þá þegar, þá fær sá, sem prófasturinn setur til að þjóna brauðinu, sem presturinn fer frá, eptir tilsk. 3. febr. 1836 IV. helminginn af brauðsins föstu og lausu tekjum fyrir þann tímann af fardagaárinu, sem hann þjónar því, að frádregnum fyrst kostnaði þeim, er hann verður að hafa, til að þjóna brauðinu.*

b. *Þeir þar á móti, sem þjóna brauðinu frá næstu fardögum eptir að það losnadi, og þangað til nýi presturinn kemur, eiga ætíð að fá borgun eptir tilsk. 3. febr. 1836, kap. IV.; þyki kostnaðurinn of hátt metinn, má bera það undir biskupinn, sem einn hefir vald á að skera úr því.*

Frá þessum reglum, hverjum beri tekjur af brauði, frá því það losnar og til þess það er veitt verða þó að vera undantekningar:

a. Þegar mál er höfðað móti einhverjum presti, og honum, meðan á málinu stendur, hefir verið vikið frá embætti, fær hann hálfar tekjurnar, sem eptir verða, þegar kostnaður allur er frádreginn; sjá tilsk. 3. febr. 1836 IV. En ef mál-

ið nú gengur á hann, svo hann missi embættið, verður hann strax frá dómsins uppsögn að missa allar tekjurnar, og þeir, sem þjóna brauðinu í millibílinu frá því það þannig losnar, eður frá dómsins uppsögn og til næstu fardaga eptir, verða að fá allar tekjurnar fyrir þennan tíma óskertar. Þetta leiðir beinlínis af sjálfu sjer, og það er auðsætt, að löggjafinn hefir hvorki haft þetta tilfelli fyrir augum í l. gr., nje heldur það, ef presturinn er settur frá með konunglegum úrskurði, er og, ef til vill, aldrei mun koma fyrir; þó virðist mikil ástæða til, að heimfæra tilskipunarinnar boð, að því er tekjurnar snertir, upp á þetta seinna tilfelli, ef ekki er öðruvísi ákveðið í úrskurðinum sjálfum.

b. Beri svo við af einhverjum ástæðum, er stundum má verða, að brauð eigi verði veitt á hinu næsta fardagaári eptir að það losnar, og að það standi óveitt svo árum skiptir, getur prestí þeim, sem brauðið þá næst verður veitt, eigi borðið tekjur af því í öll þessi ár, eður frá lengri tíma en næstu fardögum áður honum var veitt brauðið, heldur verða allar tekjurnar á þessu millibili að bera þeim, er gegna embættinu, þó þeir eigi hafi veitingu fyrir því.

Hjer að framan hefir verið talað um það, að við prestaskipti eigi að taka brauðið út af prestí þeim, sem frá fer, eður erfingum hans í hönd þeim tilkomanda prestí.

50. gr.

Um eptirlaun presta og prestsekkna.

Um eptirlaun presta hljóða nú lög 27. febrúar 1880; þar er ákveðið í 1. gr., að þegar prestar þeir, er veitt hefir verið prestsembætti, og hafa þjónað því lengur eður skemur, hafi rjett til eptirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti sínu fyrir aldurs sakir eður heilsubrests, eður fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um; og í 2. greininni er sagt, að eptirlaunin skuli vera talin eptir þjónustualdri þeirra þannig, að upphæð eptirlaunanna skuli vera 10 kr. fyrir hvert þjónustuár þeirra, en þjónustuár prests skuli talin öll þau ár, er hann gegnir prestsembætti. Prestar sjötugir að aldri hafa rjett á að fá lausn frá embætti, með eptirlaunum eptir þessum lögum.

Eptir 3. greininni á prestur sá, sem að ósjálf ráðu þannig slasast, eður tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestskap, að fá eptirlaun, sem nemi 250 kr., ef hann ekki hefur þjónað prestsembætti svo lengi, að eptirlaun hans nemi því eða meiru.

Í 4. gr. er sagt, að prestur sá, er fyringjörir embætti sínu, missi rjett til eptirlauna; en sje presti vikið frá kalli um sinn, en seinna aptur veitt embætti, hafi hann rjett til eptirlauna samkvæmt 2. gr. Eptir 5. gr. missir prestur eptirlaun sín.

1. Ef hann fær aptur embætti og laun og sje þau eigi minni en eptirlaunin voru.

2. Ef hann án leyfis konungs gengur í þjónustu annara ríkja.
3. Ef hann tekur sér bústað í öðru ríki utan konungs samþykki komi til.
4. Ef hann verður sannur að því að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar.
5. Ef hann verður dæmdur sekur í einhverju því afbroti, er svipt mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, og er það jafnt, hvort hann hefir framið brotið áður en hann fjekk lausn frá embætti, eður síðar.

Í 6. gr. er ákveðið, að ef tekjur brauðs þess, er uppgjafaprestur hefir fengið lausn frá, eru yfir 1200 kr. eptir síðasta brauðamati, þá skuli greiða honum svo eptirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr., en sje tekjur brauðsins 1200 kr. eða minni, þá á uppgjafapresturinn að fá öll eptirlaun sín úr landssjóði, svo og hvar sem uppgjafaprestur fær eigi öll eptirlaun greidd af brauðinu, skal það, er ávantar, greitt úr landssjóði.

Lög þessi öðluðust gildi eptir 9. gr. í fardögum 1880, en eptir 8. gr. áttu uppgjafaprestar þeir, er þá vóru, og sem búnir voru að fá hærri eptirlaun, að halda þeim eptirlaunum, svo og skyldu prestar þeir, er þá sátu í embættum; halda rjetti sínum til þeirrar eptirlaunaupphæðar, er lög og venja hafa verið til. Upphæð eptirlaunanna greiðist samkvæmt 6. gr. — Eptir 7. gr. á uppgjafa-

prestur, ef hann æskir þess, að eiga forgangsrjett fyrir öðrum, að fá einhverja kirkjujörð í brauðinu til ábúðar, en gegna verður hann öllum hinum sömu skyldum, sem hver annar leiguliði.

Í fjárlögunum er veitt viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá. —

Lög 3. október 1884, um eptirlaun prestsekkna, hljóða nú:

1. Þær konur, er hjer á eptir verða ekkjur presta, er rjett höfðu til eptirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu að undanteknum þeim, er getur um í 6. gr. hafa rjett til að fá í eptirlaun $\frac{1}{10}$ af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati, sem þá er í gildi; þó mega eptirlaunin aldrei nema minna en 100 kr.
2. Þá er tekjur brauðsins nema 1200 kr. eða meiru, greiðast eptirlaunin af brauðinu, en að öðrum kosti af landssjóði.
3. Ef fleiri en ein ekkja er í brauði, greiðist þó að eins af brauðinu eptirlauneinnar, en eptirlaun hinna úr landssjóði.
4. Ef kona sóknarprests, er ekkja verður, eptir að lög þessi öðluðust gildi, hefir eptir reglum þeim er áður giltu, fengið rjett til að fá hærri eptirlaun, en lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rjetti. Mismunurinn á stærð eptirlaunanna greiðist úr landssjóði.
5. Prestsekkjur þær, sem engin eptirlaun höfðu,

er lög þessi öðluðust gildi, sökum þess, að menn þeirra voru í fátæku brauði, eiga að fá 100 kr. úr landssjóði að eptirlaunum ár hvert.

6. Þær ekkjur hafa ekki rjett til eptirlauna, er hafa gipst eldri manni en 60 ára, eða á bana-sæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu algjörlega var slitið á undan dauða mannsins.
7. Þá missast eptirlaun ekkna, 1. er ekkjan gipt-ist aptur, 2. er hún sezt að í útlöndum án leyfis kgs., 3. er hún í 3 ár eigi hefir hirt eptirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg for-föll, 4. er hún verður dæmd sek í einhverri at-höfn, sem að almenningsáliti er svívirðileg. Þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefir gipst aptur, á hún rjett á að nýju að fá hin sömu eptirlaun, er hún aptur verður ekkja, ef hún eigi hefir öðlast rjett til eptirlauna með hinní seinni giptingu.
8. Ekkjur þeirra, er í embætti sínu deyja, eiga rjett á samkvæmt kgs. brjefi 5. júní 1750 að fá hjá stipsyfírvöldunum eina af kirkjuförð-um brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eptir-gjald.

Í fjárlögunum er fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum veittur aukastyrkur úr landssjóði.

Í tilsk. 6. janúar 1847 var ákveðið, að þegar prestur dæi á tímabilinu frá jólum til fardaga, skyldi ekkjan hafa rjett til að búa á hálfu prests-

setrinu afgjaldslausu næsta fardagaár, en dæi presturinn millum fardaga og jóla, missti hún þennan rjett. Enn fremur skyldi ekkjan ætíð uppbera næsta fardagaár eptir dauða manns síns, $\frac{1}{4}$ part af brauðsins föstu tekjum, en þessar ákvarðanir virðast nú burtfallnar við það, að þær eru ekki teknar upp í lögin frá 3. október 1884 um eptir-laun prestsekkna.

Loksins mega menn álíta, að prestsekkjur njóti hinna sömu rjettinda gegn hinu opinbera, sem menn þeirra höfðu.

51. gr.

Um laun prófaste og ekkjur þeirra.

Í brjefi til hirðstjórans hjer á landi frá 6. maí 1617 gjörði konungur ráð fyrir, að í hverju hjeraði væri fastákveðið brauð, er sá hefði, sem prófastur væri þar, og óskar hann að hirðstjórinn vildi sjá svo til, þegar einhverr prófastur dæi, að einhverr vænsti og merkasti presturinn aptur yrði kosinn í hans stað, og fengi brauðið eptir hann. Með því það nú hafði verið venja að veita próföstum beztu brauðin í prófastsdæmum þeirra, þegar þau losnuðu, án þess þó nokkurt eitt brauð þar væri öðru fremur ætlað prófastinum, var þetta skilið svo, að prófastar ætti að ganga fyrir öllum öðrum, þegar þeir sækti um eitthvert brauð, er losnaði í prófastsdæmi þeirra, eins og það og virðist leiða af sjálfu sjer, að sá presturinn, sem sett-

ur er til að vera yfir öðrum prestum, sje álitinn merkari, og því verðugri til að fá brauð, en hverr hinna, sem undir hann eru settir. Auk þess sem prófastarnir þannig hafa aðgang til beztu brauðanna, þegar þau losna, hverr í sínu prófastsdæmi, hafa þeir að auk nokkur laun fyrir starfa sinn, þó þau sje ekki stór. Um rjett þeirra til að gefa saman og syngja yfir andlegrar stjettar mönnum í prófastsdæmi sínu, er fyrr talað; eins eiga prófastar að fá í hvert skipti, sem þeir *visítera* einhverja kirkju, 20 álnir hjá henni, ef hún frá árlegum nauðsynjagjöldum sínum hefir umfram 12 rd. eður meira; en sje hún ekki svo rik, á prófastur að eins að fá 10 álnir af henni, tilsk. 27. janúar 1847. Fyrir að setja presta inn, hefir kanselliíð í brjefi 15. júní 1830 sagt, að löng venja hafi verið að borga próföstum spesíu af kirkjunni. Fyrir úttekt prestssetra ber þeim, sem fyrr segir.

Prófastaekkjur hafa engan meiri rjett, en ekkjur annarra presta.

52. gr.

Um laun biskups og biskupsekkna.

Biskupinn hefir nú ákveðin laun úr landssjóði, eins borgun fyrir skrifstofukostnað, og húsaleigustyrk.

Þegar hann er á yfirreiðum sínum, fær hann borgun fyrir hvern þann dag, sem hann er burtu,

og þar að auki öll útgjöld sín borguð eptir opnu brjefi 10. febr. 1847. Ef hann skyldi verða að segja af sjer vegna lasleika, ber honum eptirlaun úr konungssjóðnum eptir lögnum um eptirlaun embættismanna.

Biskupar vorir eru og hafa ætíð verið lausir við öll gjöld til allra stjetta, og öll þau hlunnindi, er klerkum bera yfir höfuð, bera þeim í fyllsta máta. Þó eiga þeir að gefa árlega til prests, kirkju og fátækra, en mega þó sjálfir ráða, hve mikið þeir láta það vera, og síðan biskupinu nú flutti til Reykjavíkur, hefir verið jafnað á hann bæjargjaldi. Af jarðagóðsi sínu verða þeir að borga þá skatta og tolla, sem lagðir eru á fasteignir, og ef þeir hafa útibú, verða þeir nú, eptir reglugjörðinni 1782, að gjalda lögboðnar tíundir af fje því, er þeir þar hafa. Biskupum ber og, eptir opnu brjefi 31. maí 1855, að sjá ekkjum sinum borgið á lögboðinn hátt með fjárstyrk eptir sinn dag, og hafi þeir því lagt fje í lífsábyrgðarsjóðinn handa þeim, fá þær við lát þeirra árlega ákveðinn styrk þaðan, og eins ber þeim, sem öðrum konunglegra embættismannaekkjum árlegur styrkur úr landssjóði. Ekkjur þeirra verða og að njóta sömu hlunninda, sem menn þeirra nutu.

Með konungsúrskurði 21. sept. 1824 var ákveðið, að biskupsekkja skyldi hafa helming biskups-launanna frá dánardægri manns hennar, uns nýr biskup væri útnefndur; en sá, sem meðan gegndi

biskupsstörfum, skyldi hafa hinn helminginn, en úr því nýr biskup væri útnefndur, bæri henni ekkert af þeim.

53. gr.

Um hluti lagða til guðspakka.

Við opinbera guðsþjónustu þurfa menn að halda á ýmsum hlutum, svo hún geti fram farið sómasamlega og með þeirri virðingu, er guðdóm-inum sje samboðin. Þessir hlutir nefnast *helgir* eður *heilagir*, og telja menn þar til fyrst og fremst *kirkjuna* sjálfa, *altarið*, *klukkurnar* og þau *ker kirkjunnar*, sem höfð eru til helgra gjörða, og *kirkjunnar ornamenta* eður hluti þá, er hún á innan um sig sjer til prýðis; einnig telja menn hjer til *kirkjugarðinn*. Þetta, er menn þannig hafa til guðsþjónustugjörðar, mátti í pápiskri tíð eigi gjörast að eign manna, nje því ganga kaupum og sölum, og var margt af því vígt um leið, og menn lögðu það til guðsþjónustugjörðarinnar, einkum *kirkjurnar*, *kirkjugarðarnir* og *klukkurnar*. Þegar einhver kirkja var vígð, var árdagur sá úr því einlægt haldinn helgur sem stórhátíð þar í sókn, og nefndur *kirkjudagur*. Ef einhver kirkja var fallin, og var byggð á ný, var hún og aptur vígð, og ef kirkjan eður kirkjugarðurinn hafði verið saurgað með heiptarblóði, svo sem ef víg eður manndráp hafði verið framið þar, mátti ekki messa

í kirkjunni, nje grafa í kirkjugarðinum, fyrr en búíð var að hreinsa þau, og vígja á ný.

Hjá mótmælöndum eru að sönnu nýjar kirkjur vígðar í fyrsta sinni, er guðsþjónustugjörð er haldin í þeim, og stundum þegar kirkjan er nýbyggð, og eins nýir kirkjugarðar, en slík vígsla er gjörð í alt annari veru, en hjá pápiskum. Um serimóníur þær, er þá skal viðhafa hjá oss, er talað í handbók presta.

Ný kirkja getur ekki stofnast í pápiskum löndum, nema með biskupsleyfi; en nú er upptekt nýrrar kirkju hjer á landi eptir lögum 27. febr. 1880, komin undir því, að hjeraðsfundur óski þess, og gjöri hann það, má landshöfðingi leyfa með ráði biskups, að kirkjan verði upptekin.

Að gjöra eitthvað til háðungar við helga hluti, er refsingarvert, eins og sá glæpur er refsingarverðari en ella, þegar helgi þeirra um leið er eitthvað misboðið.

Auk fyrtjeðra helgra hluta, sem beinlínis eru hafðir til opinberrar guðsþjónustugjörðar, verða menn og að leggja fje til hennar, til að fá staðizt kostnað þann, er af henni rís, því annars gæti hún ekki staðizt til lengdar eður viðhaldizt. Fje það, er í þessari veru er til kirkna lagt, nefnist *kirkjufje*, og getur það annaðhvort verið fasteign eða lausafje, og lausafjeð aptur þvíumlikt, að það annaðhvort gefi arð af sjer eða engan arð; hjer með geta og kirkjunni verið lagðar aðrar tekjur.

Og loks geta hlutir verið lagðir til guðspakka, þó þeir ekki sje hafðir við opinbera guðspjónustu, eður lagðir til kirkna, þegar þeir þó eru lagðir til þvilkra stofnana, er gjörðar eru í mildiríku skyni; slíkar stofnanir voru í pápiskri tíð að mestu leyti undir forsjá hinna andlegu, og giltu að miklu leyti sömu reglur um fje þeirra sem um kirknafjen, og eimir enn nokkuð eptir af því hjá oss. En með því þó þessar síðarnefndu stofnanir ekki standa í neinu beinlinis sambandi við trúarbrögðin, nje eru nú lengur undir umsjón hinna andlegu, skal hjer sleppt að tala um þær. Allir þessir 3 fyrstjeðir flokkar af hlutum nefnast opt einkum meðal pápiskra manna sameiginlegu nafni, og allt þetta fje kölluðu menn hér á landi í fornöld, að væri lagt til guðspakka.

54. gr.

Um kirkjur.

Eins og getið var í næstu grein hjer á undan, geta kirkjur bæði átt fasteign og eins lausafje, og eins geta þeim verið lagðar aðrar tekjur, og á alt þetta sjer stað hjer á landi. Kirkjur hafa því, sem slíkar stofnanir, bæði rjettindi og skyldur, að því er fjármuni snertir.

Að því er eignarrjett kirkna áhrærir, þá er hann í rauninni hvorki meiri nje helgari, en hverr annarr eignarrjettur er í sjálfu sjer, og sama er um önnur rjettindi þeirra, að þau ekki eru helg-

ari fyrir það, þó þau beri kirkjum, en öðrum; samt er boðið í erindisbrjefi biskupanna frá 1. júlí 1746, 16. gr., að til þess að komast hjá öllum þrætum, er af skorti áreiðanlegra skilríkja megi rísa um eignir kirknanna, rjettindi þeirra og kúgildi þau, er standa á eignum prestakirknanna og bændakirknanna, skuli í Skálholtsbiskupsdæmi *Vilkens* biskups máldagabók frá 1397 og í Hólabiskupsdæmi máldagabækur þeirra Jóns biskups Eiríkssonar frá 1360, Pjeturs biskups frá 1394, Auðunnar biskups frá 1398 (á að vera 1318) og Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461, og eins kirknaregistur eður máldagabók sjera Sigurðar (á Grenjaðarstað, sonar Jóns biskups Arasonar), er samin er eptir siðaskiptin, vera álitnar áreiðanlegar og *authentiskar* (frumrita ígildi) máldagabækur í Skálholts- og Hólabiskupsdæmum, og skuli eptir þeim dæma og útkljá allar þrætur um eignir kirkna og rjettindi þeirra; og með kgs.br. frá 5. apríl 1749 er enn fremur Gísla biskups Jónssonar máldagabók frá 1575 fullgilt, og þar ákveðið, að þó ekki sje nema ósannað eptirrit af henni til í stipts-kistunni í Skálholti, skuli þó eptirrit það gilda sem áreiðanleg og authentisk máldagabók, þ. e. áreiðanlegs frumrits ígildi) í Skálholtsbiskupsdæmi; samt skuli vera farið eptir því, er boðið sje í erindisbrjefi biskupa, 16. gr.

Það virðist þannig sem löggjafinn, til að bjarga úr skorti þeim á skilríkjum, er margar kirkjur

hafa fyrir eignum og itökum sínum, hafi viljað að máldagabækur þessar skyldi álitast *sem væri þær áreiðanleg heimildarskjöl kirknanna*, og eins máldagabók Gísla biskups, þó ekki væri til nema óstaðfest eptirrit af henni í stiðskistunni, og svo skyldi dómstólarnir álíta þær í dómum sínum, án þess þó að löggjafinn með þessu lagabódi sínu hafi *viljað leggja undir kirkjurnar annarra manna eignur*, ef það yrði nægilega sannað, að eitthvað, sem einhverri kirkju í máldögunum væri eignað, ekki lægi undir hana með rjettu. Máldagabækur þessar er því rjettast að álíta ekki sem *lagabóð*, heldur sem *heimildarskjöl*, og að um þær hljóti því að gilda hinar sömu reglur, ef önnur heimildarskjöl skyldi fram koma gegn þeim, sem gilda, þegar tvö eður fleiri heimildarskjöl eru hvort á móti öðru, og eptir líkum hætti verða menn og að dæma það, þegar máldagabókunum ekki ber saman hverri við aðra. En af þessu leiðir þá og, að menn verða að viðurkenna, að ýmsar kirkjur geti átt ýmsar eignir eður itök, þó þess sé ekki getið í máldagabókum þessum, með því og sumar þeirra geta verið komnar undir kirkjurnar eptir að máldagabækurnar voru gjörðar; og eins á hinn bóginn er það vel hugsanlegt, að ekki liggi allt það undir kirkjurnar, sem þeim er eignað í máldagabókunum, og að önnur skjöl geti nægilega sýnt það; og sömuleiðis, að margt geti, síðan máldagabækurnar voru samdar, verið gengið undan þeim

á löglegan hátt. Að löggjafinn hafi sjeð þetta hvorttveggja sannar og ljóslega það, er undir eins á eptir stendur í nefndri lagagrein, þar sem svo er að orði kveðið: „en komi nokkurr fram með langvarandi hefð, yfir 100 ár, eður og þvílík brjef og skjöl, sem auðsjáanlega sýni, að nokkur eign, ítök eður kúgildi ólöglega sje komin undan kirkju, sem henni er eignað í fyrstjéðum máldagabókum, eður og síðan hefir verið lagt til hennar, skal stípt-amtmaður vor og hlutadeigandi biskup dæma um þessa hefð og hið framkomna skjal, áður en dæma megí eptir því“. Það hafa að vísu sumir viljað draga út af þessum lagastað þá ályktun, að menn ekki gæti hefðað undan kirkjum nema með 100 ára notkun, en þetta virðist þó vera misskilningur tómur, því hjer virðist ekki vera verið að tala um neina hefðun *frá kirkju*, eður undan henni, heldur virðist sem rjettur skilningur greinar þessarar sje sá, að eptir að löggjafinn í fyrra kafla hennar hefir gefið máldögunum sama gildi, sem áreiðanleg og frumrituð heimildarskjöl annars hafa, fer hann í seinna hlutanum að tala um það: *fyrst*, hvernig fara skuli fyrir kirkjum, þegar svo ber undir, að þær hafi engin skjöl eður máldaga fyrir einhverju að styðjast við, en hafi þó langvaranlega notkað það („komi einhverr fram með langvarandi hefð, yfir 100 ár“, þ. e. fyrir rjetti einherrar kirkju til einherrar eignar eður ítaks o.s. frv.), og *síðan*, hvernig fara skuli fyrir þeim, þegar þær ekki

njóta einhvers þess, sem máldagarnir þó eigna þeim, eður sem þær seinna mega hafa fengið, en þær þó hafa slík skjöl og skilríki að styðjast við, er auðsjáanlega sýnast lýsa því, að þetta sje með órjettu undan þeim gengið (eður og þvílík brjef og skjöl, sem auðsjáanlega sýni, að nokkur eign ólöglega sje komin undir kirkju, er nefndar máldagabækur eigna þeim, eður þeim seinna sje lagðar). Í báðum þessum tilfellum hefir löggjafinn viljað, að áður en kirkjan flæktist inn í mál út af slíku, skyldi stiptyfirvöldin fyrst rannsaka, hvernig fyrstjodri notkun kirkjunnar væri varið, eður hvað áreiðanleg þessi skjöl hennar væri, því að ef stiptyfirvöldin álitu, að þessi gögn ekki gæti verið kirkjunni að liði, þá mætti sleppa hinu umbráttada án dóms, er ekki mætti viðgangast, ef þeim þætti gögnin góð. Þannig var og þetta lagaboð skilið, fyrst eptir að það útkom, og rituðu þá stundum á alþingi amtmaður, biskup og lögmenn á skjöl forn, er kirkjur áttu fyrir eignum sínum og þar voru fyrir þá lögð, að þau skyldu álitast sem frumrit, og fjell þá án efa við það optast þrætan niður, þar eð þeir, er á móti voru, eigi vildu þá halda málinu lengur fram. Það er og fráleitt að hugsa, að þetta bendi til þess, að til þess að hefða undan kirkjum, þurfi 100 ára notkun, eður að skilja greinina svo, er sumir þó gjöra, að þegar einhverr komi fram *gegn* kirkju með 100 ára hefð, eður þau skilríki, er augljóslega sýni,

að einhver eign ólöglega sje komin undan kirkjunni, skuli stiptamtmaður og biskup dæma um, hvort hefð þessi og skjöl sje rjett, áður en dómstólarnir megi dæma í málinu, því meðal ótal annarrar vitleysu, er af þessu leiddi, væri það ein, að löggjafinn setti við hliðina hvort á öðru sem hjer um bil jafnstærk sönnunargögn, *hundrað ára hefð* eður notkun og skjöl, er augljóslega sanni, að að manni eigi beri hið umþráttada.

Þess ber annars að geta, að menn nú eigi hafa máldagafrumritin sjálf, og eru þau líklega glötuð, nema Sigurðar-registur, sem enn er til á skinni við biskupsdæmið. Af máldagabókum Hólabiskupsdæmis liggur við biskupsdæmið sannað eptirrit af tveim kunnum embættismönnum, en þeir hafa eigi alstaðar getað lesið máldagabækurnar gömlu, og hafa því víða eyður. Af Vilkins og Gísla biskups máldaga er ekkert sannað eptirrit til. Það er því vel hugsanda, að af máldagabókum þessum geti verið rjettari og fyllri eptirrit til, en hin nefndu, og er því mikið í varið, að halda sem flestum þessum eptirritum saman, og geyma þau vandlega, og eins gömlum eptirritum af þeim, þó þau snerti eigi nema einstöku kirkju.

Það er og ekkert undarlegt eður harðstjórnarlegt í því sem þó sumir halda, að löggjafinn hefir bent dómstólunum á, að álíta máldagabækur hinna fornu pápisku biskupa, sem nokkurs konar frumrita ígildi um eignir kirkna, því bæði er því-

likt boð nauðsynlegt sökum fáfræði margra dóm-
anda, er annars myndi lítið hafa skeytt máldaga-
bókum þessum, og líka í alla staði eðlilegt og
skynsamlegt. Það var lögboðin venja í fyrndinni,
að sá, er kirkju hjelt, ritaði á skrá allar eignir
hennar, og það, er til hennar var lagt; þessi skrá
var lesin upp við kirkjuna á hverju ári á kirkju-
deginum, en hann var haldinn helgur sem páska-
dagur þar í sókn, og fjölmenntu sóknarmenn því
þá til kirkju; væri kirkja óvígð, skyldi lesa skrána
einhvern þann dag, er mest fjölmenni væri þar
saman komið. Á yfirreiðum sínum tóku biskupar
sumir eptirrit af skrám þessum, eður útdrátt af
þeim sjer til minnis, þar skrárnar voru eigi hjá
þeim, og svo þeir gæti sjeð, er þeir vildi, hvað
hver kirkja ætti, og er því auðsætt, að þeir hafa
gjört máldagabækur þessar svo nákvæmar, sem
þeim var unt. Hinar löggiltu máldagabækur eru
því langtum áreiðanlegri, en nokkrar kaupbrjefa-
bækur sýslumanna nú geta verið, sem vantar
mikið á, að sje gjörðar á jafntryggjanda hátt.

Eptir anda fyrtjeðrar lagagreinar má ekki
fara eptir fyrtjeðum máldögum, að því er *invent-*
aria kirknanna snertir, svo sem *ornamenta* og
instrumenta hennar, heldur á í því að fara eptir
skrám þeim, er biskuparnir eptir siðaskiptin hafa
gjört yfir þau.

Þegar einhver vill fá úr stiptskistunni vitn-
eskju um eignir eður ítök einhverrar kirkju, á

biskupinn að gefa hana, þó á sá, sem biður um eptirritið, annaðhvort sjálfur að láta rita það, eður þá borga biskupi fyrir það, ef biskup lætur rita það; sjá instr. 57. gr., og loks er í 15. gr. biskupinum boðið, að halda reglulega bók, hvervetna þar sem hann *visíterar*, yfir allar eignir kirknanna, er ætíð skuli undirskrifast af biskupinum, þegar hann vísiteri, sem forsvarsmanni þeirra, og nokkrum öðrum góðum dándismönnum, og skuli bók sú síðan geymast í stiptskestunni.

55. gr.

Um tekjur kirkna.

Auk þess að fasteignir kirkna, ýms ítök þeirra í annarra manna lönd og friður peningur, sá er þær eiga, gefa árlegan arð af sjer, og ýmsan hagnað og sparnað má hafa af þeim dauðum aurum, er þær sumar eiga, eru þeim og tillagðir nokkrir tollar eður tekjur frá sóknarmönnum; þessar tekjur eru einkum: 1. *kirkjutíundin*, 2. *ljóstollur* 3. *legkaup*, og 4. *kirkjugjald af hásum*.

Kirkjutíundin. Um hana hefir hjer að fram-
an verið nokkurn veginn talað, þegar talað var um tíundina yfir höfuð, og er því ónauðsynlegt hjer, að taka það upp aptur; á henni er sami eindagi sem á preststíund, sjá kristnarjett Árna biskups, kap. XV, og lög 12. júlí 1878, og eins á hún að greiðast í sömu aurum sem preststíundin, sjá tilsk. 1853.

Ljóstollur. Um hann hljóðar kristnirjettur Arna biskups, kap. XV; þar er boðið, að hverr sá maður, sem gjalda á álnar-tíund eður meiri, sje skyldur að greiða á hverjum 12 mánuðum 2 aura vax heilagri kirkju til lýsingar, þeirri sem biskup kveður á, eður þess jafngildi í öðrum aurum.

Eftir þessu var því ljóstollurinn jafn fyrir alla, er gjörðu álnartíund, hvort sem þeir höfðu bú eður voru búlausir; hjón guldu optast tvo ljóstolla, þar eð fjársameign þeirra þá var mjög sjaldgæf, heldur átti hvort um sig eignir sjer, en maðurinn, sem lögráðandi beggja fjármuna, galt gjöld þau, er á öllu fjenu lágu. Þegar menn nú á fyrra hluta 18. aldar fóru að álíta, að norsku lög Kristjáns 5. gilti hjer um eignir hjóna, og að hvorugt hjónanna því ætti eignir út af fyrir sig, heldur bæði allt í sameiningu, komst ruglingur á um ljóstollsgjaldið, þar menn tóku nú að álíta almennt, að hjón ætti eigi að borga nema einn ljóstoll.

Úr þessum ágreiningi skar reglugjörðin 1782, en nokkuð á annan hátt, en menn skyldi hafa vænzt, því hún ákvað í 13. grein, að þeir menn skyldi gjalda heilan ljóstoll (þ. e. 2 ljóstolla), er hjeldi bú og hjeldi vinnuhjú, hvort heldur þeir væri giptir eður ógiptir, karlmenn eður ekkjur; þar að auki skyldi lausamenn gjalda auk dagsverks árlega presti 24 sk., og kirkju jafnmikið, en húsmenn skyldi að eins gjalda hálfan ljóstoll (þ. e. einn), Það er nú auðsætt þegar af þessu og eins

orðunum í lagagreininni sjálfri, að löggjafinn er hjer eigi að breyta eldri lögum um það, hverjir eigi að gjalda ljóstoll, og hverjir ekki, heldur að eins að gefa reglur fyrir því, hverjir af þeim, er ljóstoll eigi að lúka, eigi að lúka hann heilan, og hverjir hálfan; reglugjörðin hefir því enga breytingu gjört á ljóstollsskyldunni sjálfri frá því, sem hún er í kristnarjetti ákveðin, eður komið með þau nýmæli, að allir undantekningarlaust skuli gjalda ljóstoll, þó þeir tíundi ekkert, ef þeir að eins haldi bú eður sje húsmenn.

Reglugjörðin þótti samt nokkuð þóljós, 1. Því menn gæti haldið bú („siddur med Husholdning“) og vinnuhjú, og verið þó húsmenn, og því þyrfti nákvæmari ákvörðun um það, hvort þeir þá ætti að borga heilan ljóstoll eður hálfan, er svo á staði, og 2. Þóttust menn eigi vita, hvort löggjafinn, með því að ákveða ekki í reglugjörðinni, hvernig vinnuhjú ætti að borga ljóstollinn, er þó eptir kristnarjetti ætti að borga hann, ef þau tíundaði $\frac{1}{2}$ hundrað eður meira, hefði ætlazt til, að þau framvegis eigi skyldi gjalda hann. Sökum þessa kom út nýtt kgs.brjef 21. maí 1817 um ljóstollinn, er ákvað, að vinnuhjú og þeir húsmenn, er eigi hjeldi vinnuhjú, skyldi borga hálfan ljóstoll, ef þau tíundaði 60 al., og kveðst konungur þar gefa þennan úrskurð eptir hinum gildandi lögum um ljóstollinn, og sýnir þetta augljóslega, að hann hefir álitid

skilyrðið í kristnarjetti fyrir ljóstollsgjaldsskyldunni óhaggað.

Að ógíptir kvennmenn og konur, sem skildar eru við menn sína að borði og sæng, eigi að gjalda heilan ljóstoll, þegar þær halda bú og vinnuhjú, virðist vafalaust, þó löggjafinn eigi hafi nefnt það; að hann að eins hefir nefnt til þess karlmenn og ekkjur, kemur til af því, að það er hið vanalegasta, að sá, sem bú heldur, er annaðhvort karlmaður eður ekkja, en þar á móti mjög svo óvanalegt, að aðrir kvennmenn gjöri það, svo að hann hefir eigi munað til þess, er hann samdi ákvörðunina. Orðin á undan: „sá sem bú heldur og vinnuhjú, hvort sem hann er giptur eður ógíptur“, eru líka svo almenn, að þau ná til ógíptrá kvennanna, er það gjöra, og það er auðsætt, að löggjafinn ekki hefir ætlað sjer að bæta þessum orðum við: „hvort sem það er karlmaður eður ekkja“, til að draga nokkuð úr því, er hann hafði sagt, heldur þvert á móti til að gjöra regluna enn almennari, og sýna að hann vildi, að hún eigi að eins skyldi ná til karlanna, heldur og til kvennanna.

Af því löggjafinn nefnir lausamenn undir eins á eptir þeim, er eiga að borga heilan ljóstoll, og undan þeim, er eiga að borga hann hálfan, kynni það virðast vafasamt, hvort hann eigi hafi viljað, að þeir skyldi borga heilan ljóstoll, hvernig sem stæði á fyrir þeim; en orðin í greininni virðast þó eigi svo ljós, að það geti rjetlætzt af þeim, að

láta þá borga hærri ljóstoll, en þeim ber eptir hinum almennu reglum nú í löggjöfnni, og sem er hálfan, ef þeir tíunda 60 al., því það getur verið, að orð löggjafans um þá í reglugjörðinni lúti eigi að ljóstollinum, og þá er eigi ástæða til að álíta, að þeir eigi að borga hærri ljóstoll, en húsmenn, sem engin vinnuhjú halda, eiga að borga eptir kgs.brjefinu 1817, og þess síður, sem eigi er hægt að sjá í hverju þeir eru mismunandi frá slíkum húsmönnum.

Þó tilsk. 1834 bjóði, að leigunauturinn skuli gjalda tíund af leigupeningi sínum, hefir það engin áhrif getað haft á ljóstollsgjaldið. Sá, sem á $\frac{1}{2}$ hundrað eður meira í fríðum peningi, verður því eins að gjalda ljóstoll fyrir því, þó hann leigi út allan þennan pening sinn til annarra; eins getur enginn orðið skyldur til að borga ljóstoll fyrir það, þó hann taki pening á leigu.

Það mun nú vera orðin venja hvervetna, að þó menn eigi fasteign, gjalda þeir eigi ljóstoll fyrir það, nema þeir af öðrum ástæðum eigi að gjalda hann, og eins alstaðar í sjóplássum, að allir bændur, húsmenn og lausamenn gjalda ljóstoll, hvort sem þeir tíunda nokkuð eður ekkert.

Í fyrndinni ákváðu aldrei biskupar um hvern einstakan mann, hverri kirkju hann skyldi borga tíundir sínar og ljóstoll, er og hefði verið ókljúfanda verk, heldur ákváðu þeir, hver ból eða jarðir skyldi liggja til hvernarr kirkju að tíundum og

ljóstollum, eður af hverjum bólum hver kirkja skyldi taka tíundir og ljóstolla; eru þau stundum nafngreind í máldagabókum biskupanna, og stundum að eins nefnd tala þeirra. Nú fyrir löngu er komin föst regla á um þetta og sóknaskipanirnar fastákveðnar við langvarandi venju, en þegar hjeradsfundur mælir fram með breytingu á sóknaskipun, má landshöfðingi með ráði biskups eptir lögum 27. febr. 1880 leyfa hana.

Við sóknaskiptin fengu þannig kirkjurnar rjett til allra þeirra ljóstolla, er fjellu á bæjum í sóknunum þeirra, og þetta varð að hafa nokkur áhrif á ljóstollagjaldið, eins og það hafði á tíundargjaldið. Það virðist þannig auðsætt, að þegar einhverr ólöglega setur eitthvert lögbýli í auðn, hvort heldur það er af því, að hann leggur það undir ábýli sitt, eður hann leigir það öðrum, án þess að halda þar uppi byggð, ber honum að endurgjalda kirkjunni þá þverrun í ljóstollum hennar, sem leiðir af þessari ólöglegu gjörð hans; en með því enginn er skyldur til að hafa margbýli á jörðum sínum, þarf hann eigi að endurgjalda fleiri en einn ljóstoll, þó hann setji eitt lögbýli í auðn. Af þessu síðastnefnda leiðir og, að þó maður setji í auðn hjáleigur sínar og önnur útbýli á jörðu sinni, ber kirkjunni ekkert endurgjald fyrir ljóstolla þá, er hún gæti fengið af þeim, ef þar væri haldið byggð uppi. Geti menn þar á móti ekki fengið eitthvert lögbýli byggt og því neyðist til að

setja það í auðn, getur maður eigi verið skyldur að borga kirkjunni ljóstoll af því, og ekki heldur þó menn geti ljéð eitthvað út af því móti borgun eður sjálfir haft þess einhver not, án þess þó að hafa þar byggð. En menn verða; ef auðið var, að hafa reynt á löglegan hátt að fá jörðina byggða, en eigi getað.

Þannig getur maður hlotið að borga tvo eður fleiri ljóstolla við að setja jarðir ólöglega í auðn; en auk þessa virðast menn stundum geta orðið skyldir til þess, er þeir halda bú á fleirum en einum stað. Þannig virðist sá, sem heldur tvö eður fleiri bú, sitt í hverri kirkjusókn, verða að vera skyldur til það borga sinn ljóstollinn til hveurrar kirkju þar, sem búin eru, því býli hans eru lögð að ljóstollum sitt til hveurrar kirkjunnar, og það virðist lítið geta skipt málum, þó hann kunní að hafa fremur aðsetur sitt á einu þeirra, en öðru, með því hann að nokkru leyti getur sagzt eiga heima á þeim öllum, og vera búandi maður í hverri kirkjusókninni fyrir sig.

Með því nú enn fremur að til hveurrar kirkju eru lagðir að ljóstollum tilteknir bæir, eður öll lögbýlin í sókn hennar, hlýtur hún að hafa fulla heimtingu á því, að enginn sitji sjer í ljósi fyrir því, að fá ljóstoll af nokkru lögbýli í sókn sinni; en af þessu leiðir aptur, að maður verður að bæta henni halla þann, er hún bíður af því, ef hann býr svo á tveim eður fleirum lög-

býlum í sömu sókn, að engir aðrir búa þar líka, er kirkjan fái ljóstoll af, og því lúka kirkjunni ljóstoll fyrir hvert það lögbýli, er hann þannig býr á.

Þar á móti getur enginn maður verið skyldur að borga sömu kirkju nema einn ljóstoll af *fjár-eign sinni*, þó hann haldi fleiri en eitt bú í sömu sókn, ef hann eigi situr kirkjunni í ljósi fyrir því, að fá ljóstoll af hverju lögbýli, sem þar er innan sóknar.

Einhleypir menn og vinnuhjú, sem ljóstoll eiga að lúka, virðast eiga að gjalda hann til þeirrar kirkju, þar sem þeir eiga heima í sókn á gjald-daganum, og hið sama virðist verða að gilda, þó vinnuhjúið væri þar í sókninni ekki til vistar nema að hálfu, eður einhverjum öðrum hluta, en væri hitt að vistum í annarri kirkjusókn.

Eindagi á ljóstollum er eptir gömlum ákvörðunum föstudagurinn langi, og eptir reglug. 1782 á heill ljóstollur nú að lúkast með 4 pnd. tólks, en hálfur með 2 pnd.; svo má og borga hann með peningum, eptir verðlaginu á tólkinum í verðlagsskránni.

Legkaup. Það var eptir kristnarjetti forna, kap. V, 12 álnir, nema fyrir barn tannlaust var það 6 álnir. Nú er þessu breytt svo við tilsk. 27. jan. 1847, 4. gr., að legkaup fyrir barn yngra en tvævett er 3 álnir, en fyrir alla aðra 6 álnir. Fyrir sveitarómaga er ekkert legkaup, nema af-

gangur verði af eigum hans, þegar búið er að greiða af þeim sveitinni skuld hennar. Eptir kristnarjetti á líksöngseyrir að ganga fyrir legkaupi.

Í kristnarjetti Árna biskups kap. XI er sagt, að hverr kristinn maður eigi þar löglegan gröpt, sem hann andast í kirkjusókn, nema hann kjósi sjer legstað að annarri graptarkirkju með sjálfs síns minni og með skynsemd heill að viti. Það virðist auðsætt, að eins og maður eigi verður jarðaður nema að einni kirkju, svo geti eigi heldur nema einhver ein kirkja verið skyld til að láta hinum dána gröpt í tje, en hver kirkja sje skyld til þess, er ákveðið í áminnztri grein; af þessu leiðir þá aptur, að engri annarri kirkju en þessari einu getur borið legkaup eptir hinn dána, ef hann er jarðaður að henni. Sje hann þar á móti jarðaður að annarri kirkju, en þeirri, sem hann á löglegan gröpt að, verður að gjalda tvö legkaup, annað þar, sem hann er jarðaður og hitt þeirri kirkju, sem eptir löggjöfinni var skyld að láta honum gröptinn í tje; því þessi skylda kirkjunnar, að láta hinum dána gröptinn í tje á sínum tíma, byrjar undir eins við andlát hans, og hún getur eigi verið til eitt augnablik án þess kirkjan hafi tilsvaramanda rjett, sem er að fá á sínum tíma legkaupið; rjettur kirkjunnar til legkaupsins byrjar því undir eins við andlát hins dána, eins og skylda hennar að láta honum gröptinn í

tje, og þessum rjetti geta þeir, sem standa að hinum dána, eigi svipt kirkjuna, þó þeir eigi vilji nota sjer af þeim rjetti sínum, að láta jarða hann að henni.

Um það, hvar menn verði að álita, að þeir eigi löglegan gröpt, er menn eigi vita um, í hverri sókn dáið hafi, og sem eigi heldur hafa gjört neina gilda ráðstöfun fyrir legstað sínum, er að nokkru leyti áður talað.

Það er auðsætt, að kirkjum eigi getur borið legkaup eptir þá menn, sem eigi má jarða við þær.

Legkaupið á að greiða í góðum og gildum landaurum eður í peningum eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á slíkri alin, sbr. tilsk. 1847, 6. gr. Eindagi legkaups er fimtudagurinn, þegar 4 vikur eru af sumri, sjá kristnarjett forna, kap. V.

Nú eru komin út lög 19. sept. 1879 um kirkjugjöld af húsum.

Eptir 1. gr. á að greiða gjald af öllum húsum til hlutaðeigandi kirkju, 5 auru af hverjum 100 kr. í virðingarverði húsanna, hvort sem þau eru einstakra manna eign eða þjóðeign, ef þau eigi eru notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika; þó er kirkjan sjálf undanskilin gjaldi þessu.

Eptir 2. gr. skal húsráðandi greiða gjald þetta, hvort sem hann er eigandi eður leiguliði. Af húsum, sem til almennar notkunar eru höfð, greiðir eigandi gjaldið.

3 gr. Á hús þau í Reykjavík, sem eru í ábyrgð fyrir bruna, skal jafna gjaldinu niður eptir virðingargjörð þeirri, sem haldin hefir verið, samkv. tilsk. 14. febr. 1874 4. og 5. gr., en á hin húsinn í lögsagnardæmi bæjarins, eptir þeirri virðing, sem þegar hefir farið fram. Öll önnur hús á að virða eptir þeim reglum, sem landshöfðinginn setur, og skal gjaldið lagt á þau samkvæmt þeirri virðingargjörð.

4. gr. Gjaldið skal greiða kirkjuhaldara innan loka hvers reikningsárs. Auk þessa eiga lausamenn eptir reglugjörðinni frá 1782 að lúka 24 sk. árlega til sóknarkirkju sinnar.

Af ýmsum höppum, er menn starfa að á helgum dögum, og eins af allri helgra daga veiði, á að gefa fátækum ákveðinn hlut, en kristinnrjettur Árna biskups 26. kap. gefur sem almenna ákvörðun um hlut þennan, „að, ef afgjöfin verður meiri, en hundrað í einum stað saman, þá sje henni skipt sem tíund í fjóra staði“, og verður þessi ákvörðun enn að vera í fullu gildi, nema að skiptin verða nú í 3 staði.

Auk fyrtjeðra tekna hafa einstaka kirkjur nokkrar fleiri tekjur, en þar eð þær eru einstaklegs eðlis, getum vjer sleppt að tala um þær. Allar þessar tekjur má taka lögtaki, þegar þær ekki eru goldnar í rjettan eindaga.

Nokkrar kvaðir í kirkjunnar þágu liggja á sóknarmönnum, er hún ekki þarf að borga að

neinu eður mjög litlu. Þannig er ákveðið í reglug. 1782, 15. gr., að bændur í sókninni eigi kauplaust að vinna öll moldarverk að kirkjunni og kirkjugarðinum, þó megi á kostnað kirkjunnar gefa hinum allra fátækustu þeirra, er ekki geti fætt sig sjálfir, eina máltíð á degi hverjum, meðan á verkinu stendur, og eins ljá þeim verkfæri, ef þeir engin hafi. Ef einhverja mikla endurbót þarf að gjöra á kirkju, eiga sóknarbændurnir að styrkja til, að flytja að viðina og efnið, og á að jafna því niður á þá eptir efnum þeirra, af sóknarnefndinni, sem og á að hafa umsjón með því, hvernig verkinu sje hagað, sbr. viðaukalög 12. maí 1882.

Þegar einhverjar mjög nytsamar guðlegar bækur hafa verið prentaðar, eður sem mjög fræðandi hafa verið um ástand landsins, hefir kirkjunum stundum verið gjört að skyldu, til að koma slíkum bókum á prent, hverri að kaupa eina þeirra; og svo hafa þær orðið stundum að leggja fje til, þegar einstaka kirkja hefir verið byggð, og eins í einstökum fleirum tilfellum.

Þegar kirkjur komast í mál við aðra út af rjettindum sínum, fá þær, ef þær ekki auðsjáanlega hafa á röngu máli að standa, gjafsókn, sjá nú lög 12. júlí 1878.

56. gr.

Aðgreining millum ljens Kirkna, bændakirkna (og safnaðar-kirkna.

Þó kirkjurnar, eptir því fýrsagða, sje opinberar stofnanir, geta þær þó verið undirlagðar eignarrjetti einstakra manna, og þetta á sjer stað um margar þeirra hjer á laudi.

Stjórnin hefir hjer ekki grundvallað eina einustu kirkju, ekki heldur sóknarmenn með samskotum, heldur voru kirkjurnar byggðar með fyrsta af einstökum mönnum, er sjálfir lögðu fje til þeirra, eins og líka aðrir einstakir menn gáfu þeim gjafir.

Það hefir verið drepið á það hjer að framan, hvernig leikmenn vildu eigna sjer kirkjurnar, og eins hvernig biskuparnir vildu hrífa þær undan þeim og undir umráð sín með öllu, og að þetta stímabrák endaði við sáttina 1297, þannig að ýmsar kirkjur hjeldu áfram eptir henni að vera undir umráðum leikmanna á sama hátt, sem áður hafði verið, en sumar komust undan þeim á vald biskupanna.

En þó nú bændakirkjurnar hjá oss þannig sje sannarleg eign einstakra manna, þá er þó slíkur eignarrjettur talsverðum takmörkunum bundinn, og þetta hlýtur hann líka að vera, því stjórnin má engan veginn vera afskiptalaus af því, að kirkjurnar ávallt samsvari tilgangi sínum, með að vera sómasamleg samkunduhús, er opinber guðs-

þjónustugjörð verði framin í fullkomlega hneykslistlaust, og þar eð augnamið kirknanna yfir höfuð er gudlegt, er það eðlilegt, þó þessar opinberu stofnanir fremur sje settar undir umsjón hinna andlegu valdsmanna, en hinna veraldlegu.

En auðsætt er, að stjórnin má hafa frjálsari hendur yfir góðsi ljenskirknanna, sem eru landsins eign, en yfir góðsi bændakirknanna, sem eru einstakra manna eignarrjetti undirlagðar; eins, að prestar, er að eins hafa ljenskirkjurnar að ljeni, ekki geta haft sömu ráð yfir þeim, sem eigendur bændakirknanna hafa yfir sínum eignarkirkjum.

57. gr.

Um rjett presta yfir ljenskirkjunum og fjám þeirra.

Að því er góðs ljenskirknanna snertir, þá hafa prestar þau að ljeni, og njóta því alls arðsins af þeim, og þurfa ekki að standa nokkurn reikningsskap á honum. Hins vegar mega þeir hvorki farga nje brjála kirkjufjánum, og hafa engin ráð á þeim sjálfum, fremur en nauðsynlegt er fyrir þá, til þess að geta notið fulls arðs af þeim. Þó þeir því á eina hliðina megi á hvern löglegan hátt gjöra kirkjugóðsin sjer svo arðsöm, sem þeir bezt vita og kunna, eru þeir þó á hina hliðina bundnir í þessu við það, að kirkjugóðsin ekki mega rýrna sjálf við það á nokkurn hátt, nje heldur arður sá, er eptirkomandi prestar annars gæti af þeim haft.

Það verður og að vera á ábyrgð prestanna, ef kirkjugóðsin fyrir handvömm skemmast eður rýrna nokkuð, eins og það og hlýtur að vera skylda þeirra, að gæta að því, að ekkert gangi undan kirkjunni, ok skýra yfirbjóðöndum sínum frá því, ef þeir verða þess varir og þörf gjörist, svo það ekki gangi undan fyrir vanhirðingu þeirra.

Sjerstaklega er greinanda um *jarðir þær, er ljenskirkjum og prestsetrum fylgja*, að prestar mega eigi láta þær falla í eyði, heldur verða þeir að sjá um, að einlægt sje byggt á þeim, og eptir því, er menn almennt skilja tilsk. 15. maí 1705, eru þeir skyldir að byggja þær upp á lífstíð, og mega eigi byggja leiguliðum út af þeim, meðan þeir sitja þær löglega, og standa í lögskilum með jarðar-afgjöldin. Þeir mega ekki fækka kúgildum á þeim, nje lækka afgjaldið frá því, sem verið hefir, eður leyfa að borga það í ljelegum eða óútgengilegum aurum; ef prestur gjörir þetta samt upp á eigið eindæmi og nema full nauðsyn beri til, getur eptir- maður hans í brauðinu ekki verið bundinn við slíka byggingu. Fáir prestar einhverja jörð ekki byggða eður með vanalegu afgjaldi, verður rjett- ast fyrir hann að spyrjast ráða hjá yfirmönnum sínum, hvernig hann skuli að fara.

Í tilsk. 15. maí 1705 var öllum húsbændum, bæði veraldlegum og andlegum, er höfðu konungs- jarðir til umráða, bannað, að leggja á bændur sína meiri byrðar, en greiddar hefði verið af

jörðum þeirra, svo langt menn hefðu sögur um, og fleiri tálmanir voru húsbændum þessum lagðar í veginn fyrir því, að byggja þessar jarðir, sem bezt þeir kynni, ok var þetta að nokkru leyti samkvæmt Jónsbók um byggingu á konungsjörðum. En þó menn álitu, að prestum með þessu hefði verið meinað, að byggja kirkjujarðir með hærra afgjaldi, en eptir forngildunni, og að hinn rjetti skilningur þessa lagabóds eigi væri fremur sá, að þeir eigi mætti leggja nýjar kvaðir á leiguliða sína þar, þá virðist það mikið efunarmál, hvort slíkt bann nú lengur getur samrýmst við skoðunarhátt löggjafans eptir því, sem hann nú lýsir sjer í lagaboði því, sem leyfir mönnum að taka svo háa leigu af peningum, er þeir geti fengið, nema þeir hafi nægt veð í fasteign fyrir láninu.

Kirkjujarðir má prestur ekki byggja, nema til rjettra leiguliða nota; ef hann veitir leiguliðunum meiri rjett yfir þeim, þá er slík bygging ólögleg að því leytinu, og getur ekki verið bindandi fyrir eptirmanninn, eins og prestinum og ber að bæta skemmdir þær, er jörðin við það hefir fengið. Presturinn verður nákvæmlega að sjá um það, að leiguliðinn ekki láti neitt ganga undan jörðinni, skemmi ekki hlunnindi hennar og sitji hana sem vera ber; hann stendur í ábyrgðinni fyrir álaginu, ef leiguliðinn ekki getur goldið það, sjá tilsk. 24. júlí 1789.

Prestsetrið má prestur nota á hvern hátt, sem hann getur, án þess þó við það að rýra það í nokkurn máta, eins og hann ekki heldur má færa sjer í nyt hlunnindi þess, þau er eyðzt geta við of mikil afnot, frekara en hverr leiguliði má gjöra eftir lögum; eins ber honum að sitja jörðina, svo hún í engu af sér gangi, og halda við húsum hennar, og þegar hann eða hans fara frá, á að svara fullu álagi á prestsetrið, sjá tilsk. 24. júlí 1789. Hafi presturinn byggt þar hús umfram þau, er staðnum fylgja, má hann láta rífa þau og flytja burtu, ef hinn viðtakandi prestur eigi vill eður megnar að kaupa þau eptir sanngjörnu mati (kgs.br. 22. marz 1748). Vilji því hinn viðtakandi prestur kaupa þau, en þeir eigi geti sæzt um verðið, verður hann að fá virðingarmenn útnefnda af sýslumanni til að meta þau, og sje annarrhvorr þeirra óánægður með þá virðingu, verður sá að fá yfirúttektarmenn útnefnda til að fá virðingunni breytt. Annars er bezt og kostnaðarminnst, að láta úttektarmennina virða hús þessi, um leið og prestsetrið er úttekið af prófasti í hönd hins viðtakanda prests.

Kirkjunni á presturinn að halda vel við, svo hún ávallt sje sómasamleg, láta bæta hana, þegar þarf, og byggja að nýju, þegar hún er orðin fallin, og þegar hann fer frá, á hann eður hans að svara fullu álagi á hana, að svo miklu leyti sjóður hennar ekki brökkur fyrir því, og þó

presturinn þá eigi eitthvað hjá kirkjunni, verður hann að missa það, því ekkert af slíkri skuld má hlaupa upp á eptirmann hans í kallinu eða rýra í nokkru tekjur hans, sjá tilsk. 24. júlí 1789, og kansellibrjef 24. maí 1834, er þó segir, að einstaka sinnum, er svo á standi, megi vænta undantekningar frá þessu, ef þess sje farið á leit við stjórnina, svo presturinn fái skuld sína borgaða, en aldrei megi slengja neinu af þessari skuld á eptirmanninn, þó hann kynni að vilja taka hana að sjer.

Auk þess sem presturinn á að varðveita allar þær bækur og skjöl, er embættinu fylgja, svo þau ávallt sje vel hirt, svo á hann einkum vandlega að geyma öll skjöl og skilríki, er áhræra eignir kirkjunnar; eins á hann, en þó á kostnað kirkjunnar, að viðhalda öllum *ornamentis* hennar og *inventariis*, endurbæta þau, sem endurbætt verða, ef þarf, og eins útvega ný í stað hinna gömlu, er á þarf að halda, þegar þau eru orðin svo biluð eða úr sér gengin, að þau ekki verða höfð lengur. Hann má eigi farga nje lóga neinum forngrípum, er kirkjan á eður þar eru, án samþykkis stíptsyfirvaldanna, er eigi heldur mega leyfa það, nema mesta nauðsyn til beri, heldur ber prestinum vandlega að varðveita þetta allt (kans.br. 19. apríl 1817).

Allar þær tekjur, er kirkjunni eru lagðar, á hann að krefja inn, og á ári hverju gjöra greinilega skýrslu fyrir þessum tekjum hennar og út-

gjöldum þeim, er hann kirkjunnar vegna verður að hafa. Þessir reikningar verða að byggjast á nægum skilríkjum, og, eins og fyrr er sagt, verða þeir að samþykkjast af prófasti, og standa undir yfirumsjón biskups; presturinn getur því ekki ráðizt í nein kostnaðarsöm fyrirtæki kirkjunnar vegna, nema hann fyrr hafi ráðfært sig um það við prófast, og fengið samþykki hans til þess. Tíundir og legkaup á hann að reikna kirkjunni til peninga eptir meðalverði allra meðalverða á þeim aurum, er nefndir eru í verðlagsskránni, sjá tilsk. 1853, en ljóstollana eptir verðlagi því, sem þar er sett á tólkinn, reglug. 17. júlí 1782. Hver kirkja á að hafa gegnumþrædda bók með blaða- eður blaðsíðutali, er prófasturinn á ókeypis að setja innsigli sitt fyrir og fullgilda; í bók þessa á að rita 1. allar eignir og ítök kirkjunnar, og eins vísitaziur; 2. búnað og áhöld kirkjunnar og lýsa þeim nákvæmlega, og 3. allar árlegar tekjur kirknanna, bæði vissar og óvissar, og eins útgjöld þeirra, nema hjer er þó eigi átt við aðrar tekjur þeirra, en þær, er þær hafa af sóknarmönnum.

Það, sem kirkjan leggur upp, eður sjóð hennar, má presturinn hafa hjá sér, og fara með sem það væri hans eign, án þess að gjalda kirkjunni leigu eptir það, en sje hann ekki fullveðja fyrir því fje, ætti hann að setja kirkjunni nægilegt veð fyrir því, og gæti hann það ekki, ætti hann eigi

að mega sitja inni með sjóðinn, heldur ætti að koma honum á vöxtu gegn nægilegu veði, eins og það sýnist mega geta leitt til þess, að umsjónin yfir kirkjunni, tekjum hennar og reikningum yrði frá honum tekin, sjá lög 12. maí 1882.

Ef annars prestarnir láta prestsetrin, eða eignir og ítök kirknanna, falla og niðast niður, og prófastarnir tvisvar eða þrisvar hafa áminnt þá um, að gjöra við því, en þeir ekki hafa hlýtt skipun þeirra um það, eiga þeir að missa brauðið, nema þeir fyrir öllu geti sett næga borgun (kgs-brjef 11. maí 1708).

Að því er kirkjugarðinn snertir, þá má presturinn láta slá hann, en engan veginn beita eða hleypa skepnum þar inn, eins og hann ekki heldur má hafa þar neitt slíkt, er óviðurkvæmilegt er að haft sje innan um legstaði hinna dauðu, þar sem friður og spekt á að drottna, og ekkert má finnast, er glapið geti alvarlegar og guðlegar hugsanir þeirra, er þangað koma. Legsteina þá og önnur minnismarki, sem sett eru hinum dauðu í kirkjunni eður kirkjugarðinum, á presturinn að láta liggja kyrra, og ekki líða neinum að skemma þá, sjá kans.br. 19. apríl 1817.

Niðri í kirkjunni má ekki geyma sængurföt, klæðnað eða neitt annað, sem henni heyrir ekki til; þó ef þar vantar bekkir til að sitja á, mega kistur standa þar, sem þá má og hafa fyrir geymsluhirzlur, en ef lopt er í kirkjunni, sem lok-

að er, þá má geyma þar þríflega hluti, er enga ólykt leggur af um kirkjuna. Í kirkjunni mega engin þing haldast, nje neinar gleðisamkomur, sjá tilsk. 29. maí 1744, 16. og 24. gr.

58. gr.

Um rjett kirkjueiganda yfir kirkjum sínum og fjám þeirra.

Eins og optar hefir verið getið um hjer að framan, enduðu *staðamálin* svo 1297, að „*bændur misstu umráð kirkna þeirra, sem áttu meira en helming í heimalandi, en hjeldu hinum, er áttu að eins helming eður minna en helming þess*“; þetta hefir án efa komið til af því, að þegar bændur sjálfir áttu helming í heimalandinu eður meira, áleizt kirkjan að hafa þar næga vissu fyrir eignum sínum, en ekki þar, sem þeir áttu minna í því, en af þessu flýtur aptur, að bændaparturinn í heimalandinu, eður sem og kallast kaupahlutinn í því, má aldrei aðskiljast frá kirkjuhlutanum, því hann er að álíta sem nokkurs konar veð, er stendur fyrir kirkjueigninni, eins og það flyti og beinlínis af fyrstjodri sáttargjörð, að kirkjan með eignum sínum ætti að falla undir umráð hins opinbera, væri hann aðskilinn frá þeim, nema þá önnur næg fasteign væri sett í staðinn í öðrum jörðum, til að fylgjast með kirkjueigninni, og þetta á sjer sumstaðar stað, að útjarðir, sem eru bændaeign, fylgja kaupahlutanum. Menn mega því eigi selja eður á nokkurn hátt farga nokkrum

hluta af eigninni, hvorki kirkjueigninni nje kaupahlutanum eður útjörðum þeim, er honum fylgja, og er öll sú sala og allt það brjál markleysa.

Eigendurnir geta verið fleiri en einn, en eins og skyldur þær gegn kirkjunni, er liggja á eigandanum, ekki geta skipzt svo í sundur á fleiri, að einn fái þessar skyldur, en annarr hinar, heldur þannig, að hverr beri þær að tiltölu við annan, eins geta kirkjueignirnar með tilheyrandi bændaeygn ekki skipzt svo í sundur millum fleiri eiganda, að hverr eigi sinn hluta af þeim sjer útskiptan með ákveðnum ummerkjum, heldur verður öll eignin að vera sameign þeirra, en tiltala hvers eins getur verið misjöfn. Samt getur ekkert verið á móti því, að eigendurnir komi sjer saman um það, að einn skuli hafa umráðin yfir þessari jörðunni eður þessum hluta eignarinnar, og taka arðinn af honum til sín, en annarr aptur yfir öðrum hlutanum, og fá arðinn af honum; slíkur samningur getur haft fullt gildi millum þeirra, sem hann gjöra, en er yfirstjórninni eða hinu opinbera óviðkomandi.

Þegar fleiri en einn er kirkjueigandi, verða þeir að gefa einhverjum einum í sameiningu umboð sitt til að semja kirkjureikningana sín vegna, og hafa alla umsjón yfir þeim fyrir sig.

Í hvert skipti sem einhverr eignast kirkju eða part í kirkju, á hann hið fyrsta að láta bisk-

up vita það; sama skylda liggur og á skiptaráð-
andanum (kgs.br. 5. marz 1751).

Hvernig kirkjueigendurnir sitja kirkjugóðsin
eða halda þeim við, er á sjálfra þeirra valdi, eins
og biskupi og prófasti er hvergi boðið, að hafa
nein afskipti af því, eða athuga það á yfirreiðum
sínnum.

Allur arðurinn af kirkjufjánnum er kirkjueig-
andans eign, nema hvað hann af honum verður að
borga prestinum kaup það, er honum ber af kirkj-
unni eða prestmötuna.

Að því er kirkjuna sjálfa snertir, þá hefir
kirkjueigandinn sömu skyldna að gæta við hana,
sem presturinn við ljenskirksjuna sína; hann á ávallt
að halda henni svo við, að hún sje sómasamleg, bæta
hana, þegar þarf, og byggja hana að nýju, þegar
hún er orðin fallin, og eins þó hún farist af ein-
hverjum óhöppum, hvort sem sjóður hennar hrökk-
ur til þess eða ekki; öllum búnaði og áhöldum
kirkjunnar á hann að halda við, endurbæta þau
þegar þarf, og þegar þau, sem á þarf að halda,
ganga úr sjer, útvega önnur nýtileg í þeirra stað.
Hann má eigi farga forngripum frá kirkjunni frem-
ur en prestar frá kirkjum þeirra, heldur ber
honum að vernda þá, sem bezt hann getur.

Á ári hverju ber kirkjueigandanum að semja
reikning yfir tekjur og útgjöld kirkjunnar á sama
hátt sem prestarnir verða að gjöra, og þrita hann
inn í kirkjubókina (kgs.br. 6. marz 1740, og 19.

mai 1747); yfir sjóði kirkjunnar hefir hann fullkomin ráð, því þar er nóg fasteign í veði fyrir honum, eins og það og skodast sem byrði, er liggi á eigninni að viðhalda kirkjunni, hvað sem sjóði hennar eða efnahag eigandans liður (kgs.br. 5. marz 1751); þó ef sjóðurinn væri meiri en fasteignin væri verð, kynni virðast sem eigandinn ætti að setja veð fyrir því af sjóðnum, sem umfram væri.

Minnismerki þau, sem reist eru hinum dauðu í kirkjugarðinum eða kirkjunni, má hann ekki láta skemma fyrir vanhvirðingu; yfir kirkjunni sjálfri eða kirkjugarðinum bera honum engin meiri rjettindi eða ráð, en prestinum yfir ljenskirkju sinni eða kirkjugarðinum þar.

Ef kirkjueigandinn vanrækir skyldur sínar með, að halda kirkjunni í sómasamlegu standi, eða gjöra þær endurbætur samkvæmt lögnum, sem biskup eða prófastur álítur nauðsynlegar, má þrýsta honum til þess með lögum og dómi, ef hann eigi gegnir boðum þeirra í því, og getur þá rekið að því, að selja verði alla eignina bæði bændahlutann og kirkjuhlutann, er aldrei mega aðgreinast, til að bæta úr þessu; það sem þá verður umfram af kaupverðinu, ber eigandanum.

59. gr.

Um umsjón og fjárhald safnaðarkirkna.

Sjá hjer um lög 12. maí 1882.

1. gr. Þegar tveir hlutar sóknarmanna í einhverri sókn, sem til kirkju gjalda, óska á almennum safnaðarfundum, að söfnuðurinn taki að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar og eigandi eða umráðamaður hennar, er fús til að láta það af hendi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, að fengnu samþykki hjeradsfundar og biskups. Svo má og svipta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda hana söfnuðinum, þó presturinn sje eigi því samþykkur, ef hjeradsfundur og biskup álita hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.

2. gr. Nú vill eigandi eða fjárhaldsmaður kirkju selja af hendi umsjón hennar og fjárráð, og er kirkjuráðanda rjett að bera það mál upp við hjeradsprófastinn. Skal þá prófastur sjá um, að haldinn verði almennur safnaðarfundur í sókninni og málið borið upp á honum. Verði 2 hlutar atkvæða sóknarmanna þeirra, er til kirkju gjalda, með því, að söfnuðurinn taki við umsjón og fjárhaldi kirkjunnar, fer um það mál, sem segir í 1. gr., ella er málið fallið að sinni.

3. gr. Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með 2 óvilhöllum mönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum; skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir,

ef þeim virðist þess þörf; greiðir sá, er kirkjuna hefir haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinnst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við fje kirkjunnar og henni fyrir hönd safnaðarins. — Nú er kirkjan í skuld við fjárráðamann sinn og úttektarmenn gjöra álag á hana og skal þá fjárráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eptirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almanna-fje til að byggja kirkjuna, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun. Ef hinn fráfarandi fjárráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar. — Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess regluleg úttekt sje gjörð, ef samþykki hjeraðsprófasts kemur til og hann afhendir kirkjuna.

4. gr. Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða fjárráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar, viðhalds og hirðingar; skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6 af 100 af árstekjum kirkjunnar. Þá er sóknarnefnd hefur tekið við fjárhaldi

kirkju skulu skoðunarlaun kirkjureikninga niður falla.

60. gr.

Um niðurlagningu kirkna.

Eftir lögum 27. febr. 1880, 12. gr., má enga breytingu gjöra á takmörkum sókna eður prestakalla, og eigi leggja kirkju niður, nje færa úr stað, nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna þeirra, er eiga hlut að máli, samþykki breytinguna á hjeraðsfundi.

Þegar ljens Kirkja er lögð niður, tilfellur eftir lögum 27. febr. 1880, 7. gr., portion hennar þeirri kirkju, eða þeim kirkjum, sem sóknin er lögð til, svo er og um ornamenta og instrumenta kirkjunnar og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa. Og í 8. gr. er sagt, að þar sem ekki væri öðruvísi í tjeðum lögum ákveðið, skyldi kirkjujarðir og aðrar fasteignir, ítök og hlunnindi þeirra prestakalla, sem lögð yrðu niður, hverfa til þeirra brauða, sem hin yrðu sameinuð við.

En sje bændakirkja lögð niður, virðist rjettast að fara eftir því, sem ákveðið er í Bessastaðasamþykkt 1. júlí 1555, að helmingur af kirkjunnar kúgildum og lausafje falli til prestanna uppeldis, en hinn helmingurinn til eigandanna, og eins, að öll fasteign kirkjunnar og ítök falli til hinna

siðarnefndu, en áhöld og messuklæði falli til annarra kirkna; eins ættu þær og fjesjóð kirkjunnar, ef nokkur er (kgs.br. 6. marz 1740).

Efnisyfirlit.

	bls.
1. gr. Kirkjan. Rjettur hennar að vera fjelag	1
2. — Orðið: Kirkjurjettur; skipti á honum	7
3. — Undirstöður hins setta kirkjurjettar yfirhöfuð meðal pápiskra manna og mótmælanda	9
4. — Almennar athugasemdir um hinn ytra kirkjurjett	13
5. — Undirstöður hins nú gildandi kirkjurjettar á Ísl.	18
6. — Áframhald	28
7. — Rjettarástand kirkjunnar gagnvart stjórninni	31
8. — Rjettarástand hinnar lútersku kirkju hjer á landi gagnvart öðrum kirkjum	34
9. — Skipti á kirkjunnar limum; kirkjunnar almenna rjettarástand	44
10. — Kirkjunnar sjerlega rjettarástand; kirkjunnar andlegu limir	44
11. — Skildagar fyrir að geta fengið hjer andlegt emb.	47
12. — Skyldur andlegra embættismanna yfirhöfuð, er leiða af stöðu þeirra	49
13. — Rjettindi hinna andlegu embættismanna yfirhöfuð sökum stöðu þeirra	52
14. — Um presta og prestaköll yfirhöfuð	57
15. — Um braudaveitingu	61
16. — Áframhald	69
17. — Um vígslu og innsetning presta	71
18. — Um embættisstörf presta yfirhöfuð	72
19. — Um embætti prestanna, að því er hina opinberu guðsþjónustugjörð áhrærir	74
20. — Áframhald	77
21. — Skyldur prestsins áhrærandi sakramentin I. skírnina	83
22. — 2. Um kveldmáltíðina	88
23. — Um barnafermingu	96
24. — Um barnaspurningar	105
25. — Um húsvitjanir	107
26. — Um hjónabandið	112
27. — Skyldur presta við veika og sakamenn	136
28. — Um skyldur presta við lík	138
29. — Umsjón presta yfir siðferði manna	143
30. — Um umsjón presta yfir kirkjunum í prestaköllum þeirra	145

	bls.
31. gr. Um umsjón presta með fátækum	145
32. — Um ýms önnur embættisstörf presta	147
33. — Um árlegar skýrslur presta	150
34. — Um vottorð, er prestar eiga að gefa	152
35. — Um embættisbækur presta	153
36. — Um kapellána	154
37. — Um prófastana	158
38. — Um biskupian	165
39. — Um sóknarnefndir og hjeradsnefndir	171
40. — Um tekjur og hlunnindi presta	174
41. — Preststíundin	175
42. — Um dagsverk	188
43. — Um lambsfóður	139
44. — Um afgjald presta af jörðum	191
45. — Gjald frá annexiubændum	194
46. — Um offur	197
47. — Um aukatekjur presta	200
48. — Ýms hlunnindi presta og kvaðir, er á þeim liggja	204
49. — Um prestaköll, er þau verða laus	205
50. — Um eptirlaun presta og prestsekkna	211
51. — Um laun prófata og ekkjur þeirra	215
52. — Um laun biskups og biskupsekkna	216
53. — Um hluti lagða til guðspakka	218
54. — Um kirkjur	220
55. — Um tekjur kirkna	227
56. — Aðgreining millum ljens Kirkna, bændakirkna og safnaðarkirkna	239
57. — Um rjett presta yfir ljens Kirkjunum og fjám þeirra	2-0
58. — Um rjett Kirkjueiganda yfir Kirkjum sínum og fjám þeirra	247
59. — Um umsjón og fjárhald safnaðarkirkna	251
60. — Um niðurlagningu kirkna	253

Í 2. og 3. örk hafa nokkrar stafvillur slæðzt inn, sem góðfús lesari er beðinn að lesa í málið.